



„Ég boðaði til þessa fundar vegna þess að ég get ekki beðið lengur, grátandi heima hjá mér, eftir niðurstöðu,“ sagði Erla Bolladóttir á blaðamannafundi sem hún boðaði til í gær. Uppkvæðingu úrskurðar endurupptökunefndar var frestað fram yfir áramót vegna ábendingar manns sem telur sig búa yfir upplýsingum um hvarf Geirfinns Einarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Tveir spítalar bundnir í bönkunum

Með minnkandi óvissu gæti losnað um 175 milljarða úr bönkunum með lækkandi kröfu um eigið fé. Ríkið á megnið af þessu fé. Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna fyrstu níu mánuði ársins nam tæpum 50 milljörðum króna. Eigið fé þeirra er 660 milljarðar króna.

**EFNAHAGSMÁL** Varlega áætlað má gera ráð fyrir því að ríkið gæti fengið andvirði tveggja hátæknijúkrahúsa með lækkun eiginfjár í íslenska bankakerfinu.

Eiginfjárlutfall viðskiptabankanna þriggja er frá 25,5% upp í rúm 29% sem er afar hátt í alþjóðlegum samanburði og skýrist m.a. af óvissu vegna losunar gjaldeyrishafta. Líklegt er að

ef höft verða losuð með góðum árangri verði eiginfjárfraða bankanna lækkuð. Ef miðað væri við 20% eiginfjárlutfall sem er varfærið gætu bankarnir greitt 175 milljarða til eigenda sinna. Ríflega tveir þriðju þess fjár kæmu til ríkisins miðað við núverandi eignarhald.

„Þetta er í rauninni dautt fé í hagkerfinu og erfitt fyrir bankana að ná viðunandi ávöxtun á þetta eigið fé,“

**Þetta er í rauninni dautt fé í hagkerfinu og erfitt fyrir bankana að ná viðunandi ávöxtun á þetta eigið fé.**

Snorri Jakobsson, fjármála- og hagfræðiráðgjafi hjá Capacent.

segir Snorri Jakobsson, fjármála- og hagfræðiráðgjafi hjá Capacent. Hann bætir því við að svona mikil binding að óþörfu sé mjög óhagkvæm fyrir þjóðfélagið. „Þetta hefur því ekki bara áhrif á bankana sjálfa, heldur allt atvinnulífið.“

Ríkið á auk Landsbankans og Íslandsbanka um 13 prósentu hlut í Arion banka. Stefnt er að því að selja

hlut í bankanum og skrá hann fyrripart næsta árs. Hátt eiginfjárlutfall veldur því að ekki er ólíklegt að fjárfestar freistist til að fara skuldsettir í kaup á hlut í bankanum.

Hagnaður bankanna fyrstu níu mánuði ársins nam tæpum 50 milljörðum króna. Samanlagt eigið fé þeirra er 660 milljarðar króna.


– hh / sjá Markaðinn

### Rammstein snýr aftur til Íslands

**TÓNLIST** Þýska rokkhljómsveitin Rammstein mun spila á risatónleikum í Kórnum þann 20. maí. Mun hljómsveitin flytja fimmtán gáma af búnaði til landsins, eldvörpur og gríðarlega viðamikinn ljósabúnað. „Það er búist við miklum fjölda tónleikagesta frá Þýskalandi og því verða eingöngu um 13.000 miðar í boði fyrir íslenska aðdáendur,“ segir Frosti Logason sem hefur verið ráðinn kynningarfulltrúi tónleikanna.

– bbb

Till Lindemann, forsprakki Rammstein.



#### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðný Halldórsdóttir skrifar um Þingvallaveg. **15**

**SPORT** „Hélt að þetta yrði mitt síðasta,“ segir Sólvi Geir. **20**

**MENNING** Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur og formaður RSÍ, tekur jólabókafloðinu fagnandi. **26**

**LÍFIÐ** Húrra! Ljúfmenningin í FM Belfast og Hermigervill hjálpa til vegna hörmunganna í Nígeríu. **34**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK  
MARKAÐURINN

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

hörmungar-  
ástandisins í  
Nígeríu

**GJAFAKORT  
BORGARLEIKHÚSSINS**

Gjöf sem lifnar við!

MÍÐSALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

**BLACK  
FRIDAY**

Allt að  
**60%  
afsláttur**  
á föstudaginn

**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR


**ALLT FYRIR  
VEISLUNA**

Finndu okkur á

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður



Rólegt og kalt framan af, stöku el kunna að falla vestan- og norðanlands. Eftir hádegi fer að hvesa og hlýna með snjókomu eða slyddu vestanlands, en úrkoman fer yfir í rigningu sunnanlands með kvöldinu. **SJÁ SÍÐU 24**



Sjálffkeyrandi bílar verða á götum Boston innan tíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sjálffkeyrandi leigubílar í Boston

**TÆKNI** Sprotafyrirtækið nuTonomy hefur komist að samkomulagi við borgaryfirvöld í Boston í Bandaríkjunum um að fá að prufukeyra sjálffkeyrandi leigubílaflota sinn í borginni.

Fyrirtækið áætlað að fyrir lok árs muni prufur hefjast. Borgarar Boston munu hins vegar ekki geta sest upp í sjálffkeyrandi leigubíl nuTonomy, en bílarnir munu eingöngu keyra um göturnar og safna gögnum.

Ég mun beita mér fyrir því að sjálffkeyrandi bílar muni gagnast borgarbúum. Þetta er spennandi skref fram á við,

Martin J. Walsh, borgarstjóri í Boston

Nú þegar hefur nuTonomy staðið í prufukeyrslu í Singapúr en Uber, sem einnig ætlað að bjóða upp á sjálffkeyrandi leigubíla, prófar sína leigubíla í bandarísku borginni Pittsburgh. Sá munur er hins vegar á prufum nuTonomy og Uber að Uber tekur upp farþega.

„Boston er tilbúin til þess að verða leiðandi afl í þróuninni í átt að sjálffkeyrandi bílum. Ég mun beita mér fyrir því að sjálffkeyrandi bílar muni gagnast borgarbúum. Þetta er spennandi skref fram á við,“ sagði Martin J. Walsh borgarstjóri í gær. – þea

## Farið með eiðinn í fyrsta sinn



Tuttugu krakkar á aldrinum sjö til níu ára vígðust sem skátar í gær hjá Skátafélaginu Árbúum. Þau fengu merki drekaskáta og gulan skátaklút. Krakkarnir hafa í haust sótt skátafundi vikulega þar sem þau hafa til dæmis lært að hnýta ýmsa hnúta og farið í leiðangra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Steinþór tjáir sig ekki um skýrslu

**VIÐSKIPTI** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, hefur ekki svarað itrekuðum beiðnum Fréttablaðsins um viðtal vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar. Í skýrslunni, sem ber yfirskriftina Eignasala Landsbankans hf. 2010 til 2016, er gagnrýnd sölumeðferð á Vestia og Icelandic Group árið 2010, Promens árið 2011 og jafnframt Framtakssjóði Íslands og IEI árið 2014. Þá er sérstaklega fjallað um sölu á hlutum bankans í Borgun og Valitor árið 2014. – jhh

# Hljóðið í kennurum er þungt um allt land

Kennarar um allt land lögðu niður störf í gær til að þrýsta á um kjarabætur. Þungt hljóð er í kennurum sem óttast flóttu úr stéttinni komi ekki til leiðréttinga á launum þeirra. Aðrir hópar hafa fengið meira að þeirra mati.

**KJARAMÁL** Þungt hljóð er í kennurum á Akureyri vegna kjarabaráttu kennara. Kollegar þeirra á höfuðborgarsvæðinu hafa sagt upp störfum í stórum stíl og gangi uppsagnir eftir gæti ófremdarástand skapast í kennslu víða á höfuðborgarsvæðinu. Kennarar á Akureyri lögðu einnig niður störf í gær og gengu til fundar þar sem farið var yfir stöðuna.

Helga Dögg Sverrisdóttir, ein af skipuleggjendum samstöðufundar á Akureyri, segir stöðuna alvarlega og fundurinn því mjög mikilvægur svo stéttin geti talað saman og stappað stálinu hvert í annað.

„Nú er boltinn hjá sveitarfélögum að bæta laun kennara. Það gengur ekki að við séum alltaf látin sitja eftir. Til þess að við samþykkjum þriðja samninginn sem skrifað er undir er ljóst að það þarf að bæta verulega í,“ segir Helga Dögg. „Við hljótum að sjá að menntun kennara og sú ábyrgð sem er sett á herðar okkar er ekki í samræmi við laun okkar. Þessu þarf að breyta.“

Hún segir kennara á Akureyri vera tilbúna til að ganga lengra en þetta til að berjast fyrir hærri launum. Hún segir einnig að komi til verkfalls gæti það gerst að flótti bresti á í stéttinni. „Það er næga vinnu að hafa fyrir fólk með kennaramenntun í samfélaginu. Við sjáum það til dæmis glögglega í Reykjavík og í Reykjanesbæ. Þurfi að koma til verkfalls gæti ég séð mun fleiri hætta kennslu og færa sig um set á vinnumarkaði, fá mun betur borgað og þurfa ekki að fara á verkfallsbætur á meðan,“ segir Helga og bætir við að nýliðun í stéttinni sé allt of litil. „Ef það er



Fullt var út úr dyrum á samstöðufundi grunnskólakennara á Akureyri í gær. Mikill hugur er í fólk að berjast fyrir leiðréttingu á launum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Til þess að við samþykkjum þriðja samninginn sem skrifað er undir er ljóst að það þarf að bæta verulega í.

Helga Dögg Sverrisdóttir, dönskukennari á Akureyri



vilji til að viðhalda stéttinni með menntuðu og öflugum fólk þarf að sýna það í verki.“

Grunnskólakennarar á Ísafirði mættu einnig á fund bæjarráðs í

gær og lásu þar upp áskorun til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skoruðu kennarar á bæinn að samið yrði við grunnskólakennara sem fyrst. Ef ekkert verður að gert að mati kennara á Ísafirði mun grunnskólakerfið biða alvarlegan hnekki. „Lág laun kennara hafa nú þegar valdið uppsögnum og sækja sífellt færri í kennaranám og margir menntaðir kennarar sækja í önnur störf. Alvarlegur kennaraskortur blasir því við á næstu misserum. Við krefjumst þess að grunnlaun kennara hækki nú þegar til samræmis við laun framhaldsskólakennara,“ segir í yfirlýsingu þeirra. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

# Baðinnréttingar

Afskiptur

## 15%

Höfðulausar Baldoni

INNRETTINGAR & TÆKI

Ópið virka daga frá 9 til 18  
 laugardaga 11 til 15  
 Ármúla 31 - Sími 588 7332

## i-t.is

ÚTI. REYKJAVÍK - NÓTT Stúlka horfir niður götuna. Í baksýn glampa bílljós af regnvotri götu.



GEYSIR

## Segir tafir nefndarinnar vera illa meðferð og kúgun

**LÖGREGLUMÁL** „Skýrsla af einstaklingi sem býr mögulega yfir upplýsingum um hvarf Geirfinns Einarssonar hefur ekkert að gera með umsókn mína um endurupptöku á þessu máli,“ sagði Erla Bolladóttir á blaðamannafundi í gær.

Erla boðaði til fundarins vegna þess að endurupptökunefnd ákvað að fresta því að birta niðurstöðu sína um mögulega endurupptöku Guðmundar- og Geirfinns málsins. Það var gert vegna ábendingar frá einstaklingi sem býr mögulega yfir upplýsingum er varða hvarf Geirfinns Einarssonar.

„Í þessu bréfi felast engar upplýsingar sem gagnast mér á nokkurn

hátt,“ sagði Erla. Hún segir að forsenda þess að hún sækir um endurupptöku sé að lög hafi verið brotin við rannsókn málsins og við meðferð þess á báðum dómstigum.

Erla telur að endurupptökunefndin sé að bregðast hlutverki sínu og fari út fyrir lögakveðinn ramma sinn með því að ætla að rannsaka hvað hafi gerst fyrir 42 árum. Hvað varð um Guðmund og Geirfinn hefur ekkert að gera með mína umsókn,“ sagði Erla.

Erla sótti árið 2014 formlega um endurupptöku á málinu. Úrskurður nefndarinnar átti að liggja fyrir núna í nóvember en nú hefur upp-

Ég boðaði til þessa fundar vegna þess að ég get ekki beðið grátandi heima hjá mér lengur eftir niðurstöðu.

Erla Bolladóttir

kvaðningunni verið frestað fram yfir áramót. „Ég boðaði til þessa fundar vegna þess að ég get ekki beðið grátandi heima hjá mér lengur eftir niðurstöðu. Þessar tafir eru áframhaldandi ill meðferð og kúgun. Ég er orðin 61 árs og vil eiga ævkvöld laus undan þessu máli.“ – þh



Erla Bolladóttir boðaði til blaðamannafundar í gær vegna tafa á störfum endurupptökunefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Flensan ekki til Íslands

**HEILBRIGÐISMÁL** Fuglaflensa hefur verið greind í fuglum á mörgum stöðum í Evrópu á undanförunum vikum. Það er veira af A(H5N8) stofni sem greind hefur verið í Ungverjalandi, Póllandi, Króatíu, Þýskalandi, Austurríki, Sviss, Danmörku og Hollandi. Sýkingin hefur aðallega fundist í villtum fuglum en hefur einnig borist í alifugla og þá einkum alifugla í opnum búum.

Matvælastofnun telur litlar líkur á að fuglaflensan berist hingað til lands. Segir á vefstofnunarinnar að árstími og strangar reglur um innflutning á lifandi fuglum vegi þýngst í því mati. Fuglaflensa af þessum stofni hefur aldrei valdið sýkingum í fólki svo vitað sé.

Matvælastofnun fylgist með útbreiðslu fuglaflensu í heiminum, sér í lagi í nágrenni löndum og löndum þar sem farfuglarnir okkar hafa vetursetu. Fuglaflensuveiran berst aðallega með lifandi fuglum og fugladriti. – jhh

## Meiri síld en fyrir verkfall

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrsti síldaraflinn eftir sjómannaverkfall barst til Vopnafjarðar í gær. Venus NS, skip HB Granda, landaði 1.200 tonnum sem fengust vestur af Faxaflóa.

Í viðtali við skipstjórnann á Venusi, Róbert Axelsson, á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að mun meira af síld var að sjá á miðunum núna en var dagana fyrir verkfall.

„Við fundum þokkalegar torfur sem voru að skila góðum afla ef við hittum rétt á þær,“ segir Róbert. Venus var fyrst á miðin, eftir að verkfalli lauk, ásamt áhöfnum Bjarna Ólafssonar AK og Jónu Eðvalds SF.

Róbert segir að veðrið á miðunum hafi ekki verið upp á það besta til að byrja með. Síldin er mjög væn eða um 340 grömm að jafnaði. – shá

# Nýting á sjúkrarýmum langt yfir alþjóðlegum mælikvörðum

Rúmanýting á Landspítala er komin tugi prósentu yfir alþjóðlega mælikvarða. Eðlilegt ástand er 85 prósent nýting en fór í 110 prósent í nóvember. Þýðir gangainnlagnir, verri þjónustu og minna öryggi fyrir sjúklinga.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmanýting á Landspítalanum er komin langt yfir þau mörk sem alþjóðlega teljast ásættanleg.

Viðmiðið á Landspítalanum og öllum sambærilegum sjúkrahúsum í heiminum er um 85 prósent rúmanýting. Samkvæmt samantekt sem unnin var fyrir Fréttablaðið hefur rúmanýtingin nú í nóvember hins vegar verið 100 prósent á spítalanum í heild og farið svo hátt sem 102 til 110 prósent á einstökum sviðum og hæst á flæði-, lyflækninga- og skurðlækningasviði.

Vandamálið er hvergi nærri nýtt, en árið 2012 var rúmanýtingin á öllum spítalanum 95 prósent á sama tíma árs en fór yfir 97 prósent á öllum bráðadeildum spítalans á sama tíma. Óskastaðan er að rúmanýting sé á bilinu 85 til 88 prósent, vegna þess hve sveiflur geta verið miklar á flæði bráðasjúklinga. Þessar tölur sýna því að staðan á Landspítalanum fer versnandi hvað þetta varðar, en að baki þessara talna liggja gangainnlagnir, verri þjónusta og minna öryggi – ekki síst vegna aukinnar sýkingarhættu.

Á bráðadeildum er eðlileg rúmanýting talin vera um 85% svo að deildir hafi laus rúm fyrir innlagnir bráðasjúklinga. Þetta viðmið er um 60 prósent á gjörgæsludeildum. Rúmanýting umfram viðmið getur verið vísbending um „umfram innlagnir“ sem bendir til ófullnægjandi þjónustu, en það var niðurstaða úttektar á mönnum hjúkrunar á Landspítala frá 2007.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, hefur sagt að 85 prósent



Rúmanýting á Landspítalanum hefur um árabíl verið langt yfir alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 85%

nýting á sjúkrarýmum er talin ásættanleg en nýtingin er mun meiri á Landspítalanum samkvæmt samantekt sem unnin var fyrir Fréttablaðið.

viðmiðið sé hugsað út frá því að mögulegt sé að „bregðast við alvarlegum veikindum og slysum með fullnægjandi hætti“. Eins að þegar rúmanýtingin fer eins hátt og raunber vitni geti það takmarkað getu spítalans til að sinna þessu mikilvæga hlutverki.

Helsta ástæðan fyrir þessari stöðu árið 2012 voru tugir sjúklinga sem voru innliggjandi á spítalanum en voru tilbúnir að fara á hjúkrunarheimili. Sú er staðan enn og því hafa stjórnendur Landspítalans um langt

árabíl lagt á það þunga áherslu að þeir sem ekki lengur þurfa á þjónustu Landspítala að halda hafi möguleika á að komast aftur heim eða þangað annað sem hægt er að veita víðeigandi þjónustu.

Eðlilegt gæti talist að 15-18 einstaklingar væru í þeirri stöðu að biða á spítalanum eftir víðeigandi úrræði utan spítalans, sagði í svari forsvarsmanna spítalans árið 2012. Þeir voru tæplega eitt hundrad um helgina sem þetta átti við um. svavar@frettabladid.is



„... vel skrifuð og sannfærandi samtímasaga sem heldur lesandanum við efnið ... maður vill taka þátt í samfélaginu og leggja sitt af mörkum til lífsins eftir lesturinn og það eru góðar skáldsögur sem hafa slík áhrif.“

Ingvaldur Geirsdóttir / Morgunblaðið

„... falleg og áhrifamikil saga ...“

Guðrún Baldvinsdóttir / Víðsjá



**VW Golf R**  
2.0 TSI 300 hestöfl AT 4motion

Ekinn **9.000**

2016 **6.890.000** KR

18" álfelgur, glerpak, aðgerðastýri, lykillaust aðgengi, loftkæling, hraðastillir, hiti í sætum, xenon/LED aðalljós, fjarlægðarskynjarar, bakkmyndavél, símabúnaður, stillanleg fjöðrun, leiðsögukerfi o.fl.



**Mitsubishi Pajero**  
Instyle 3.2 DID

Ekinn **31.500**

2015 **8.290.000** KR

7 manna, dráttarbeisli, leðursæti, rafdrifin sæti, loftkæling, bakkmyndavél, Bluetooth, fjarlægðarskynjarar, glertoppluga, hraðastillir, leiðsögukerfi, fjarlægðarskynjarar o.fl.



**Audi Q7 Quattro**  
3.0 TDI 245 hestöfl AT

2011 **7.490.000** KR

20" álfelgur, skyggðar rúður, audi side assist, bluetooth símkerfi, xenon/led, S-line, leður/alcantara sætisáklæði, rafmagn í sætum o.fl.



**Skoda Superb Combi**  
Ambition 1.6 TDI AT

2015 **4.490.000** KR

17" Zeus álfelgur, leðuráklæði, xenon/led o.fl.



**VW e-Golf**  
85kW AT

2015 **3.590.000** KR

16" felgur, nálgunarvari, bakkmyndavél, dökkar rúður, loftkæling, led ljós, aðgerðastýri, hiti í sætum o.fl.



- Raf / Bensín
- Ekinn þús. km.
- Myndir á vef
- Dísil
- Fjór hjóladrif
- Metan & bensín
- Sjálfskiptur
- Beinskiptur
- Rafmagnsbíll

# Margar stærðir, fleiri litir.

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: [hnb.is](http://hnb.is)



**Mercedes-Benz ML350**  
(W166) Blue tec 4Matic

2012 **6.970.000** KR

Airmatic loftpúðafjöðrun, nálgunarvarar, dráttarbeisli, hiti í framsætum, metallic litur, hlíf undir vél o.fl.



## KJARAKAUP



**Mercedes-Benz E 250**  
CDI 4matic (W212) Estate AT

2012 **6.490.000** KR

TILBOÐ **5.940.000** KR



## KJARAKAUP



**VW Golf A7 Hatchback**  
GTE Plug-in-hybrid 1.4 TSI

2015 **4.390.000** KR

TILBOÐ **3.940.000** KR



## KJARAKAUP



**Skoda Octavia Combi**  
4x4 Ambiente 1.6 TDI MT

2012 **2.790.000** KR

TILBOÐ **2.390.000** KR



## KJARAKAUP



**VW Polo Comfortline**  
1.4 AT

2012 **1.990.000** KR

TILBOÐ **1.690.000** KR



## KJARAKAUP



**Toyota Auris Terra**  
Eco 1.4 Dísil

2013 **2.390.000** KR

TILBOÐ **2.190.000** KR



## KJARAKAUP



**Audi A4 Avant**  
2.0 TDI AT

2012 **3.990.000** KR

TILBOÐ **3.340.000** KR



## KJARAKAUP



**VW Golf GTI Edition 30**  
2.0 TFSI 230 hestöfl

2007 **1.890.000** KR

TILBOÐ **1.470.000** KR



## KJARAKAUP



**Peugot 208**  
Active 1.2

2013 **2.090.000** KR

TILBOÐ **1.690.000** KR



## KJARAKAUP



**Nissan Pathfinder**  
4x4 SE 7m. 2.5 Dísil AT

2013 **5.890.000** KR

TILBOÐ **4.690.000** KR



## KJARAKAUP



**Skoda Fabia Ambition**  
1.2 TSI AT

2015 **2.790.000** KR

TILBOÐ **2.250.000** KR



**NOTAÐIR**  
**HEKLA** **BÍLAR**

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

Frá kr.  
**56.315**Allt að  
**50.000 kr.**  
afsláttur á mann**BÓKAÐU SÓL**  
Í NÓVEMBER**GRAN CANARIA****Roque Nublo** 🌴🌴+**Frá kr. 56.315**  
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 56.315 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 67.380 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 30. nóvember í 6 nætur.



Allt að 30.000 kr. afsláttur á mann

**Los Tilos** 🌴🌴+**Frá kr. 57.995**  
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 57.995 m.v. 3 fullorðna í íbúð. Netverð á mann frá kr. 119.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 30. nóvember í 13 nætur.



Allt að 30.000 kr. afsláttur á mann

**TENERIFE****Compostela Beach Golf Club** 🌴🌴🌴**Frá kr. 89.995**  
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 30. nóvember í 10 nætur.



Allt að 41.000 kr. afsláttur á mann

**Hotel Villa Adeje Beach** 🌴🌴🌴**Frá kr. 130.195**  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 130.195 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 30. nóvember í 17 nætur.



Allt að 50.000 kr. afsláttur á mann

**Apartments Paradero I** 🌴🌴**Frá kr. 75.995**  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 75.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 30. nóvember í 17 nætur.



Allt að 46.000 kr. afsláttur á mann

**Á bólakafi**

Samgöngur hafa gengið illa í suðvesturhluta Englands í gær og fyrradag eftir gifurlegt úrhelli líkt og sjá má á þessari mynd frá Bristol. Sums staðar féll mánaðarúrkoma á nokkrum klukkustundum. Veðrið hefur vakið umræður um hvort rétt sé að verja meira fjármagni í varnargarða til að afstýra tjóni í slíku veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Vilja setja hátekjuskatt á laun yfir 1,5 milljónir**

Formaður VG segir að auknar álögur á sjávarútveg og ferðaþjónustu dugi ekki til að stoppa upp í gatið sem heilbrigðisþjónusta í landinu stendur frammi fyrir. Hugmyndir um hátekjuskatt snúist um að búa til réttlátara skattkerfi.

**STJÓRN MÁL** Það ræðst á allra næstu dögum, hugsanlega í dag, hvort stjórnarmyndunarviðræðum undir forystu formanns VG verði haldið áfram. Fram hefur komið að áherslur flokkanna í skattamálum eru ólíkar, en jafnframt er tekist á um fleiri atriði. „Við metum það þannig að það vanti nítján milljarða inn í heilbrigðiskerfið á næstu árum til viðbótar við ríkisfjármálaáætlun fráfarandi ríkisstjórnar. Þeir fjármunir vaxa ekki á trjánum,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, um skattahugmyndir flokksins.

Katrín segir að ekki standi til að hækka skatta á fólk með meðaltekjur. „Við höfum talað fyrir hátekjuprepi og miðuðum við eina og hálf milljón í mánaðarlaun en erum algjörlega opin fyrir því að þau mörk geti legið ofar,“ segir Katrín og nefnir sem dæmi að til greina komi að skoða hátekjuskatt á fólk með yfir tvær milljónir í mánaðarlaun.

Í tíð síðustu vinstri stjórnar var lagður á tímabundinn auðlegðarskattur, eða stóreignaskattur, sem miðaðist við hreina eign hjóna sem væri 100 milljónir króna og hreina eign einstaklings frá 75 milljónum króna að frádrögnum öllum skuldum. Auðlegðarskattstofninn var þá 1,5 prósent. Þá voru dæmi þess að fólk, sérstaklega eldri borgarar,

sem átti hús sitt skuldlaust en hafði engar atvinnutekjur féll undir viðmið auðlegðarskattsins og þurfti jafnvel að skuldsetja sig til að eiga fyrir skattinum. Katrín segir að reynt yrði að fyrirbyggja það í þetta sinn.

„Við höfum talað fyrir stóreignaskatti þar sem heimilið væri undanskilið. Við erum að horfa til þeirra sem eiga mjög mikil auðæfi. Það er alltaf meiri og meiri auður að safnast á færri hendur.“

Katrín segir tvær ástæður fyrir því að Vinstri græn vilji leggja í þessa skatt heimtu. „Við tölum þetta fyrir því að fara í tekjuöflun til að setja þessa r tekjur inn í heilbrigðiskerfið. Hins vegar snýst þetta svo líka um

kerfisbreytingar til að auka jöfnuð.“

Í stjórnarmyndunarviðræðunum sem nú standa yfir er rík krafa um kerfisbreytingar í sjávarútvegi og að auka álögur á ferðaþjónustuna. Katrín segir að þær álögur komi ekki til með að duga fyrir þeim útgjöldum sem lofað var í aðdraganda kosninga. „Það eru allir búnir að lofa talsverðum útgjöldum til þess að byggja upp heilbrigðisþjónustuna, skólakerfið, samgöngur og fleira. Við erum með útfærðar hugmyndir um hvernig megi afla þeirra tekna.“

snaeros@frettabladid.is  
jonhakon@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir segir flokkinn opin fyrir því að ræða hærri hátekjumörk en 1,5 milljónir króna. Öll slík mörk séu til umræðu í stjórnarmyndunarviðræðunum nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!**



Rnr. 330425

DACIA Duster 4X4.  
Nýskr. 06/13, ekinn 83 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.390 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 330363

VW Polo.  
Nýskr. 04/15, ekinn 71 þ.km,  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 1.780 þús. kr.**

Staðsetning: Bílás, Akranesi



Rnr. 143742

RENAULT Captur Dynamic.  
Nýskr. 06/15, ekinn 50 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.790 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152424

BMW X5 Xdrive30d.  
Nýskr. 10/11, ekinn 97 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 6.790 þús. kr.**

Staðsetning: IB, Selfossi



Rnr. 370167

LAND ROVER Discovery 4 S.  
Nýskr. 07/12, ekinn 118 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 7.290 þús. kr.**

Staðsetning: IB Selfossi



Rnr. 370298

MERCEDES-BENZ B180 cdi.  
Nýskr. 01/13, ekinn 18 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.290 þús. kr.**

Staðsetning: GE Bílar, Reykjanesbæ



Rnr. 370241

SUBARU Outback Premium.  
Nýskr. 06/15, ekinn 55 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 5.290 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152546

RENAULT Kadjar Expression 4X4.  
Nýskr. 01/16, ekinn 59 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370293

RENAULT Clio Sport Tourer.  
Nýskr. 02/15, ekinn 46 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.340 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 284037

NISSAN Micra Visia.  
Nýskr. 11/15, ekinn 19 þ.km,  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 1.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370270

DACIA Duster 4X4.  
Nýskr. 05/15, ekinn 73 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.570 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370185

RENAULT Megane Sport Tourer.  
Nýskr. 02/12, ekinn 75 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.190 ÞÚS. KR.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 143817

BMW I3 Rafbíl + REX.  
Nýskr. 03/15, ekinn 8 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.990 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 360002

HYUNDAI i40 Comfort.  
Nýskr. 04/13, ekinn 39 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.290 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 143803

BMW X1 Xdrive 18d.  
Nýskr. 03/11, ekinn 100 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.990 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 121139

PEUGEOT 308 Sportium.  
Nýskr. 07/13, ekinn 33 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.790 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 283901

NISSAN Qashqai SE. Nýskr.  
05/13, ekinn 66 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.440 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 370256

HYUNDAI Santa Fe III Comfort.  
Nýskr. 06/15, ekinn 72 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 5.990 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 121136

HONDA CRV Executive.  
Nýskr. 06/13, ekinn 72 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 5.490 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1




Rnr. 283984

CHEVROLET Captiva.  
Nýskr. 10/15, ekinn 77 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 5.290 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1

**NÝ HEIMASÍÐA  
STÆRRI BÍLAMyndIR  
www.bilaland.is**



# bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og  
Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.

[www.facebook.com/bilaland.is](https://www.facebook.com/bilaland.is)

# Magnaður viðsnúningur í Sandgerði

Húsnæði í eigu Íbúðalánasjóðs í Sandgerði, um 90 eignir, hafa selst á tveimur árum. Bæjaryfirvöld hafa umsóknir um nýbyggingar til afgreiðslu. Atvinnuleysi er ekkert en var 18% árið 2010. Fjölgun í grunnskóla bæjarins nam 20% á milli vetra.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Algjör viðsnúningur hefur orðið á fasteignamarkaði í Sandgerðisbæ á innan við tveimur árum. Fyrir rúmu ári átti Íbúðalánasjóður um 90 eignir af 560 íbúðum í bænum. Þar af stóðu 50 auðar og lágu undir skemmdum. Nú er allt húsnæði Íbúðalánasjóðs selt, engin hús standa tóm og hreyfing er að komast á nýbyggingar ef fram heldur sem horfir.

Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerðisbæ, játar því að viðsnúningurinn sé með nokkrum ólíkindum og mikil eftirspurn sé bæði eftir húsnæði til leigu og sölu. Á borði bæjaryfirvalda liggja umsóknir um lóðir fyrir á milli fimmtán og tuttugu íbúðir, en fyrir tveimur árum hafi lítil sem engin eftirspurn verið eftir nýbyggingum.

„Það var mjög mikið af íbúðarhúsnæði hérna í mikilli niðurníðslu. Ég hafði þungar áhyggjur af því hvernig þetta myndi fara. Einhverjar eignir voru keyptar af fasteigna- eða leigufélögum en einnig einstaklingum. Þetta er beggja blands. Við götur sem manni þótti dapurlegar ásýndum er fólk að gera upp eignir; það

**Við götur sem manni þótti dapurlegar ásýndum er fólk að gera upp eignir; það er verið að mála og skipta um þök og endurnýja glugga.**

Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerði



er verið að mála og skipta um þök og endurnýja glugga. Það er bara reglulega gaman að segja frá þessu, því það var verulegt áhyggjuefni hvað þetta myndi þýða fyrir bæinn í heild. Áhrif þess að húsnæði sé í þessu ástandi eru þekkt á aðrar eignir á sama svæði,” segir Sigrún og viðurkennir fúslega að það sé gaman fyrir bæjarstjóra að sjá alla þessa uppbyggingu.

Sigrún segir að kynning Isavia á framtíðarhugmyndum um uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli – þróun-



Jafn margir Sandgerðingar vinna nú á Keflavíkurflugvelli og við sjávarútvegafyrirtæki bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍDRÍK ÞÓR

aráætlun eða svokallað Masterplan – hafi haft áþreifanleg áhrif á fasteignamarkaði í Sandgerði um leið og hún var kynnt vorið 2015. Síðan hafi bæði ungt fjölskyldufólk og eldra fólk verið að flytjast til bæjarins. Hún hefur orð á því að atvinnuástandið á Suðurnesjum hefur tekið stakka-

skiptum – árið 2010 þegar hún tók við sem bæjarstjóri hafi verið 18 prósent atvinnuleysi en nú mælist það varla eða ekki.

„Það fjölgaði í grunnskólanum hérna í Sandgerði um 20 prósent á milli skólaára. Svo staðan er í raun ósambærileg við það sem var hér

fyrir ekki löngu síðan,” segir Sigrún og bætir við að frekari fjölgun í bænum sé fyrirsjáanleg. Fólk af erlendu bergi brotið er fjölmennt í bænum – eða um sautján prósent bæjarbúa – og þar sem vinnandi hendur á Suðurnesjum séu nú af skornum skammti þá verði samfélagið í Sandgerði enn fjölbreyttara innan skamms tíma, ef spár um uppbyggingu rætast.

Sögulega hefur Sandgerði alltaf verið sterkt sjávarútvegsplass en nálægðin við Keflavíkurflugvöll hefur breytt hlutföllum með áberandi hætti – en flugvöllurinn stendur einmitt á landi Sandgerðisbæjar. Sigrún telur að í dag starfi um það bil jafn margir á flugvallarsvæðinu og við fiskvinnslu og sjósókn í Sandgerði – sem einhvern tímann hefði verið saga til næsta bæjar.

Fyrir liggur einnig að byggja þarf fimm íbúðir fyrir fólk með fötlun og var samningur þess efnis undirritaður við Þroskahjálpi í mars síðastliðnum. Beðið er eftir grænu ljósi frá Íbúðalánasjóði með stofnfjárframlag, sem er forsenda uppbyggingarinnar. svavar@frettabladid.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVIK UNIVERSITY

## ÍSLENSK ÁLSTEYPA

### Framleiðsla, umhverfisáhrif og nýsköpun

Fimmtudaginn 24. nóvember, kl. 13-16:20, í stofu M209

#### Málstofa í efnisfræði um álsteypur á Íslandi verður haldin í Háskólanum í Reykjavík fimmtudaginn 24. nóvember í stofu M209.

Málstofan er liður í eflingu efnisfræði og efnisverkfræði sem fræðigreina hér á landi og er fyrir málstofan af tveimur við Háskólann í Reykjavík sem áætluð er á kennsluárinu 2016 – 2017.

#### DAGSKRÁ:

- 13:10 – 13:40** Steyputækni og storknun  
Pröstur Guðmundsson, Háskólinn í Reykjavík
- 13:40 – 14:00** Hámörkun gæða, lágmörkun umhverfisáhrifa  
Garðar Garðarsson, Alcoa Fjarðaál
- 14:00 – 14:20** Próun steyptra afurða hjá steypuskála Norðuráls  
Halldór Guðmundsson, Norðurál
- 14:20 – 14:40** Barrar til bolta: breytingar á steypuskála og endurkristöllun  
Guðni Steinarsson, Rio Tinto Alcan á Íslandi
- 14:40 – 15:00** Kaffi
- 15:00 – 15:20** Notkun á áli í breytingum á fjallajepum  
Baldur Gunnarsson, Arctic trucks
- 15:20 – 16:00** Ál á Íslandi – Tækifæri, ögranir og mögulegur ávinningur  
Will Savage, Aluminium Federation Limited
- 16:00 – 16:20** Umræður

Fundarstjóri: Guðrún A. Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Aðgangur er ókeypis og málstofan er öllum opin.



Mynd, tekin með dróna, sem sýnir stöðu mála í liðinni viku. Dróninn er ekki sá hinn sami og um er rætt í fréttinni. MYND/NÝR LANDSPÍTALI

## Dróni stöðvaði krana

**FRAMKVÆMDIR** Stöðva þurfti notkun byggingakrana, sem notaður er við að reisa nýtt sjúkrahótel hjá Landspítalanum við Hringbraut, eftir að dróni flaug á kranann. Engin töf varð sökum atviksins.

„Þetta var utanaðkomandi dróni sem einhver flaug yfir svæðið. Svona eins og gengur og gerist,” segir Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala ohf. „Þar sem hann lenti utan í krananum þá vildu menn eðlilega kanna hvort eitthvað hefði komið upp á.“

Vinnueftirlitið var kallað á staðinn í samræmi við öryggisreglur sem NLSH og LNS Saga, verktaki verksins, settu sér við upphaf þess.

„Þetta var óhappatilvik. Þegar eitthvað kemur upp á þá er kallað

„Þetta var utanaðkomandi dróni sem einhver flaug yfir svæðið. Svona eins og gengur og gerist

Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala ohf.



á Vinnueftirlitið til öryggis. Atvikið olli engum töfum,” segir Gunnar.

Framkvæmdum við sjúkrahótelíð miðar vel áfram að sögn Gunnars en yfirstandandi er steypu- og lagnavinna. – jõe

## Bólusetja 40 milljónir barna

**NÍGERÍA** Yfir 12 milljónir króna hafa safnast í neyðarsöfnun UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, hér á landi vegna vannæðra barna í Nígíeríu. Undanfarna mánuði hafa rúmlega 131 þúsund börn fengið meðferð gegn vannæringu þar sem ástandið er verst. Neyðarsöfnunin er enn í fullum gangi og hægt er að styrkja hana með því að senda sms-ið BARN í númerið 1900 (1.000 kr.).

Yfir 40 milljónir barna í Nígíeríu verða bólusettt gegn mænuþotti á átaki á vegum UNICEF og samstarfsaðila sem nú stendur yfir. Þrjú mænuþottartilfelli komu upp í norðausturhluta landsins þar sem mörg hundruð þúsund börn eru í lífshættu vegna vannæringar.

Nígíería er eina landið í Afríku þar sem ekki hefur tekist að útrýma mænuþotti. Ekki hafði orðið vart við mænuþott í tvö ár þegar tilfelli þrjú komu upp, að því er segir í fréttatil-



Sjálfbóðaliðinn Aisha Bulama bólusetur lítið barn í Borno í Nígíeríu gegn mænuþotti. Bólusetja á 41 milljón barna til að koma í veg fyrir faraldur. MYND/UNICEF

kynningu frá UNICEF. Ríki er talið laust við sjúkdóminn þegar engin tilfelli hafa greinst þar í þrjú ár.

Um leið og börnin í Borno-héraði í Nígíeríu eru bólusettt eru þau skimuð fyrir vannæringu og vísað í meðferð við henni ef þörf krefur. – íbs



# Aðventan er gleðileg í Garðheimum

**AÐVENTU-  
SKREYTINGAR**

VERÐ FRÁ  
**2.890KR**

**VILTU LÆRA AÐ GERA  
AÐVENTUSKREYTINGU?**

BLÓMASKREYTTAR GARÐHEIMA  
VERÐA MEÐ SÝNIKENNSLU Í  
GERÐ AÐVENTUSKREYTINGA Á  
MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG  
MILLI 15 OG 18.




## 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLU:  
» GRENÍ  
» KERTUM  
» SKREYTINGAREFNI  
» INNISERÍUM  
» ÚTISERÍUM

## 20% AFSLÁTTUR AF LJÓSAHRINGJUM STJÖRNUM OG AÐVENTULJÓSUM

FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ VAL Á ÚTISERÍUM!

OPIÐ TIL 21  
ÖLL KVÖLD



**GARÐHEIMAR**

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • [gardheimar.is](http://gardheimar.is)

# Trump kynnis fyrstu aðgerðir sínar

Donald Trump ætlar að ryðja hindrunum úr vegi orkufyrirtækja, hætta við friverslunarsamninga og banna fyrrverandi embættismönnum að stunda hagsmunagæslu. Mælist býsna vinsæll í nýrri skoðanakönnun. Vigður í embætti þann 20. janúar næstkomandi.

**BANDARÍKIN** Donald Trump hefur, bæði fyrir og eftir forsetakosningar, sent frá sér ýmsar yfirlýsingar um það hver verði fyrstu verk hans í embætti.

Þar á meðal ætlar hann að draga Bandaríkin út úr fjölþjóðlegum friverslunarsamningum á borð við TPP og NAFTA. Einnig segist hann staðráðinn í að ryðja hindrunum úr vegi orkufyrirtækja, meðal annars þeirra sem vilja stunda bergbrot og kolanám.

„Þetta er það sem við viljum og þetta er það sem við höfum beðið eftir,“ segir hann um þessi áherslur.

Þá ætlar hann að einfalda stjórnkerfi Bandaríkjanna og tryggja að fyrrverandi embættismenn geti ekki ráðið sig í hagsmunagæslu á vegum fyrirtækja eða erlendra ríkja.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá CNN telja 53 prósent Bandaríkjamanna að hann muni standa sig vel, eða sæmilega vel, sem forseti. Þá segjast 40 prósent hafa mikla trú á að hann standi sig vel í efna-hagsmálum.

CNN bendir á að Trump njóti að þessu leyti meiri stuðnings en Barack Obama, George W. Bush, Bill Clinton og Ronald Reagan áður en þeir tóku við embætti í fyrsta sinn.

Samkvæmt annarri skoðanakönnun, á vegum Pew Research, eru Bandaríkjamenn hins vegar mun svartsýnni á samskipti hvítra og svartra heldur en þeir voru fyrir



Donald Trump tekur við embætti forseta Bandaríkjanna 20. janúar næstkomandi.

NORDICPHOTOS/AFP

átta árum, þegar Barack Obama var að búa sig undir að taka við í Hvíta húsinu.

Um 46 prósent þeirra telja að samskipti hópanna muni versna, og sérstaklega óttast þeldökkir íbúar þetta því 74 prósent þeirra segjast telja að samskiptin muni versna.

Trump verður forseti Bandaríkjanna þann 20. janúar næstkomandi

og lofar að láta hendur standa fram úr ermum strax frá fyrsta degi.

Í lok október birti hann á vefsíðu sinni svokallaðan samning við þjóðina um verk sín fyrstu hundrað dagana í embætti. Á mánudag birti hann svo myndband á YouTube þar sem hann telur upp nokkur þeirra mála sem hann ætlar að vinna sér í strax fyrsta daginn.

## Það sem Trump ætlar að gera fyrsta daginn

### Viðskipti

Bandaríkin hætti við aðild að TPP, friverslunarsamningi Kyrrahafsríkja, en geri í staðinn tvíhliða viðskipta-samninga við einstök ríki.

### Orkumál

Allar „atvinnudrepandi hömlur“ á orkuframleiðslu í Bandaríkjunum verði aflagðar.

### Regluverk

Fyrir hverja reglugerð, sem stjórnvöld vilja setja, verði skylt að afnema tvær reglugerðir.

» Trump hefur ekkert gefið upp um áform sín um byggingu múrs við landamærin við Mexíkó

### Þjóðaröryggi

Varnarmálaráðuneytið og yfirmaður herráðsins fái það verkefni að þróa heildaráætlun til að vernda lykilmál Bandaríkjanna gegn netárásum og öllum öðrum árásum.

### Innflytjendur

Atvinnuráðuneytið fái það verkefni að rannsaka alla þá misnotkun á reglum um vegabréfsáritanir sem grafa undan bandarískum verkamönnum.

### Siðbætur

Embættismönnum verði bannað að ráða sig til hagsmunagæslu í fimm ár eftir að þeir láta af störfum, og bannið gildir til æviloka gagnvart hagsmunagæslu fyrir erlend ríki.

Listinn frá því í október er töluvert ítarlegri, en þar kemur meðal annars fram að hann ætli að leggja niður fjárframlög Bandaríkjanna til loftslagsaðgerða á vegum Sameinuðu þjóðanna og leggja niður ýmsar bandarískar reglur um umhverfisvernd.

Hann ætlar einnig að loka á innflytjendur frá heimshlutum þar

sem „tilhneiging er til hryðjuverka“ og senda úr landi ólöglega innflytjendur sem hafa brotið lög í Bandaríkjunum.

Hér er einungis fátt eitt talið, en Trump þarf samþykki þingsins fyrir sumum þessara aðgerða. Aðrar getur hann þó ákveðið upp á eigin spýtur.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

Erindið verður flutt á ensku.

Fundarstjóri: Atli Rúnar Halldórsson.



## Hver á fiskinn í sjónum?

Óli Samró flytur erindi og svarar fyrirspurnum á opnum fundi á eigin vegum í salnum Björtu loftum í Hörpu föstudaginn 25. nóvember kl. 8:30 - 9:30. Hann fjallar meðal annars um reynsluna af margumtalaðri „færeyskri uppboðsleið“ aflaheimilda.

Óli gaf í sumar út bókina **Fiskiskapur** og fjallar þar um stjórn og skipulag sjávarútvegs um allan heim með áherslu á stjórnkerfi fiskveiða á Íslandi, í Færeyjum og á Falklandseyjum. Bókin kom út í Færeyjum en hann hyggst gefa hana líka út á íslensku.

Óli er vel að sér um margvísleg efnahagsleg og pólitísk álitamál í fiskveiðistjórnun. Sum þeirra komu mjög við sögu á Íslandi í stjórnmalumræðu vegna alþingiskosninganna og áfram í stjórnarmyndunarviðræðum nú að kosningunum loknum.



Ólafur M. Magnússon í KÚ segir MS uppvið að því að villa um fyrir samkeppnis-yfirvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## KÚ segist dauðadæmt eftir MS-úrskurðinn

**SAMKEPPNISMÁL** „Niðurstaða meirihluta áfrýjunarnefndar skilur keppinauta MS eftir algjörlega varnarlausu gagnvart ofriki og ósvífinni framgöngu MS,“ segir í yfirlýsingu frá Ólafi M. Magnússyni, eiganda mjólkurfyrirtækisins KÚ – mjólkurbús.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála ógilt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að leggja 440 milljóna króna sekt á MS fyrir að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu með því að selja hráefni til mjólkurframleiðslu á óeðlilega háu verði til félaga utan MS-samstæðunnar. Hins vegar var staðfest 40 milljóna króna sekt fyrir að halda gögnum frá Samkeppniseftirlitinu.

Ólafur segir áfrýjunarnefndina víkja algjörlega til hliðar verndar-áhrifum samkeppnislaga og hafa selt MS „fullt sjálfðæmi um framgöngu gagnvart keppinautum“. Sú niðurstaða sé í fullri andstöðu við niðurstöðu Hæstaréttar í svoköllu-

ðu „Osta- og smjörsölumáli“ frá 2006.

„Þessi niðurstaða er því dauðadómur yfir keppinautum Mjólkursamsölnunnar á þessum markaði og allri samkeppni á mjólkurvörumarkaði til framtíðar. Því er þessi niðurstaða grafalvarleg og kallar á að Alþingi afnemi þegar í stað allar undanþágur MS frá samkeppnislögum svo keppinautum MS verði tryggt skjól gagnvart ofriki MS á þessum markaði,“ segir í yfirlýsingu frá Ólafi.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sagði aðspurður í Fréttablaðinu í gær að verið væri að meta hvort úrskurður áfrýjunarnefndarinnar yrði borinn undir dómstóla. Ólafur í KÚ skorar á Samkeppniseftirlitið að gera það og vísar í að formaður áfrýjunarnefndarinnar komst að annarri niðurstöðu en hinir tveir nefndarmennirnir og vildi að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins stæði óbreytt. – gar



**RENAULT**  
Passion for life

# Verðlækkun á öllum atvinnubílum!



## KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

**RENAULT KANGOO, DÍSIL  
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL**

Verð: **2.250.000 kr. án vsk.**

2.790.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km\*

**RENAULT TRAFIC, DÍSIL  
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL**

Verð frá: **3.056.000 kr. án vsk.**

3.790.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km\*

**RENAULT MASTER, DÍSIL  
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL**

Verð frá: **3.863.000 kr. án vsk.**

4.790.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km\*

[www.renault.is](http://www.renault.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070



IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



## Ástand heimsins



**THERA°PEARL**  
A NEW DEGREE OF RELIEF™

**Jólagjöfin í ár**

Thera°Pearl margnota hita- og kælipúðarnir eru hannaðir af læknum. Thera°Pearl eru með ól sem auðveldar meðferð meðan á vinnu eða leik stendur.

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

**LYFJAVER**

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



**1.** Starfsmaður þrífur vegg á Trumpturninum í New York, en þarna niður vegginn fossar venjulega vatn. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Kona í litríkum búningi ásamt úkraínskum hermönnum rétt hjá Maidan-torgi í Kiev í Úkraínu, þar sem árás var gerð á banka þegar þrjú ár voru liðin frá upphafi þriggja mánaða langra mótmæla þar á torginu gegn stjórnvöldum og forseta, sem hraktist í framhaldinu til Rússlands. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Líbanskir hermenn þramma um götur í Beirút í tilefni af því að 73 ár voru liðin í gær frá því Líbanon varð fullvalda ríki eftir að hafa lotið stjórn Frakka. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Slökkviliðsmenn glíma við eldsvoða í plastverksmiðju í Bayrapasa-hverfi í Istanbúl í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

DEBENHAMS

BLACK  
FRIDAY

BYRJAR Á MORGUN  
24.NÓVEMBER  
OPNUM KL 8:00

GERÐU GÓÐ KAUP

40%  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FATNAÐI,  
FYLGIHLUTUM & GJAFAVÖRUM

20%  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM



Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Einokunin leiðir til stöðnunar



Hafliði Helgason  
hafliði@frettabladid.is

Það er stundum haft á orði að allir fagni samkeppni en sé um leið meinilla við keppnauta. Fyrir þá sem standa í rekstri er til skamms tíma afar þægilegt að þurfa ekki að eiga við keppnauta á markaði. Til lengri tíma leiðir slíkt hins vegar til sofandaháttar, hærra verðs og minna úrvals. Ástæðan er sú að hvatarnir til að standa sig betur eru ekki fyrir hendi.

Þetta er viðurkennt lögmál innan hagfræðinnar og dettur fáum í hug að rengja. Það væri því stórbrotin uppgötvun ef það kæmi í ljós að þessi lögmál giltu um allt nema framleiðslu á mjólkurvörum. Sú er auðvitað ekki raunin og þau rök sem notuð hafa verið til að réttlæta undanþágur Mjólkursamsölnunar frá samkeppnisreglum standast enga skoðun.

Rókin eru einkum hagkvæmnisrök um smæð markaðar og að markaðsráðandi staða tryggja stærðarhagkvæmni sem leiði til lægra vöruverðs. Ef þessi kenning fær staðist, þá ætti hún eins að gilda um aðra starfsemi í landinu og leiða til þess að við værum með eitt tryggingafélag, einn banka, eitt skipafélag og eina verslunarkedju. Fáir væru tilbúnir að samþykka slíkt viðskipta- og verslunarumhverfi.

Lítill markaður eins og Ísland mun seint búa við þann virka markað sem stærri samfélög búa við. Fákeppni er og verður fylgifyrirkomur smæðarinnar. Þess vegna höfum við samkeppnislög og stofnun sem framfylgir lögnum. Nú má áreiðanlega stundum efast um að allt það regluverk þjóni raunverulegum tilgangi sínum, en á móti má fullyrða að án slíkrar umgjardar værum við verr sett.

Frá sjónarhóli neytenda þá gengur auðvitað ekki að matvælaframleiðsla í landinu sé undanþegin lögum sem allir aðrir verða að lúta. Neyðin kennir naktri konu að spinna og þegar horft er til langtímahagsmuna íslenskrar landbúnaðarframleiðslu, þá er aukin samkeppni til þess fallin að stuðla að framþróun og að framleiðsla mæti þörfum neytenda.

Skjól af regluverki sem aðrir þurfa að lúta getur auðveldlega leitt til stöðnunar og vanhæfni sem að lokum dregur allan mátt úr landbúnaðarframleiðslunni og verður á endanum til þess að sífellt dregur úr áhuga neytenda á vörinni. Innflutningur og samkeppni í framleiðslu heldur mönnum á tånum. Hraefni í íslenskum landbúnaði eru af hæsta gæðaflokki og neytendur eru tilbúnir til að borga fyrir meiri gæði. Það eru líka mikil tækifæri fyrir innlendar landbúnaðarafurðir til að sækja sér markað hjá vaxandi fjölda ferðamanna.

Samkeppni eykur ef eitthvað er þá sjálfsbjargarvöldleiti sem er nauðsynleg til að gripa tækifærin í síbreytilegum heimi. Mjólkursamsalan ætti því ekki að fagna niðurstöðu úrskurðarnefndar samkeppnis- mála, heldur bera þá virðingu fyrir söluvöru sinni að hún eigi að þola samkeppni.



**Skjól af regluverki sem aðrir þurfa að lúta getur auðveldlega leitt til stöðnunar og vanhæfni sem að lokum dregur allan mátt úr landbúnaðarframleiðslunni og verður á endanum til þess að sífellt dregur úr áhuga neytenda á vörinni.**

Halldór



## Frá degi til dags

**Gleymdu EES**  
Gunnar Bragi Sveinsson og Jón Bjarnason, núverandi landbúnaðaráráðgjafi og fyrrverandi, hafa báðir stigið fram og gagnrýnt niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í nautalundamáli Ferskra kjötvara gegn ríkinu. Báðir velta þeir fyrir sér eftir hvaða lögum dómari málsins hafi farið í málinu. Annar þeirra veltir því meira að segja fyrir sér hvort sé rétthærra, íslensk lög eða reglur Evrópusambandsins. Útlit er fyrir að í hamganginum hafi Jón og Gunnar gleymt því að EES-samningurinn var lögfestur árið 1993 og að skýra beri lög og reglur til samræmis við hann eftir því sem við á.

**Seint í rassinn gripið**  
Hver sem niðurstaða stjórnarmyndunarviðræðna verður er ljóst að Ragnheiður Elín Árnadóttir verður ekki ráðherra á nýjan leik enda hætt afskiptum af pólitík. Í ráðherratið hennar var Ingvar Guðbjörnsson ráðherra innan handar. Aðstoðarmaðurinn fyrrverandi upplýsti um það á dögunum að hann væri á leið í fjarnám og varð bakkalárgráða í miðlun og almannatengslum fyrir valinu. Í ljósi afdrifa pólitísks ferils ráðherrans má velja því fyrir sér hvort þar sé ekki fullseint í rassinn gripið.

johannoli@frettabladid.is

## Fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar



Þórir Garðarsson  
stjórnarformaður  
Gray Line  
vararformaður  
Samtaka ferðaþjónustunnar



**Þrátt fyrir að ferðaþjónustan sé orðin stærsta atvinnugrein landsins, þá sætir hún algjörum afgangi í stjórnsýslunni.**

Áður en ný ríkisstjórn fer að huga að „stóru“ málum svokölluðu, þá er eitt verkefni sem þarf að afgreidda í hveli. Aðgerðir í þágu ferðaþjónustunnar þola enga bið, því von er á fleiri ferðamönnum hingað til lands á næsta ári en nokkru sinni fyrr. Þessar aðgerðir þurfa undirbúning og taka tíma. Þær snúast um að innviðir, náttúran og fólknið í landinu séu í stakk búin til að taka við gestunum og stuðla að ánægjulegri upplifun þeirra.

### Fjárfesting skynsamleg

Í Vegvísi í ferðaþjónustu liggur fyrir hvað þarf að gera og hvað það kostar. Ný ríkisstjórn þarf einfaldlega að ganga í málið. Ef ekkert verður gert, þá heldur álágið á vegakerfið áfram að vaxa með tilheyrandi skemmum og aukinni slyshættu. Vinsælir ferðamannastaðir halda áfram að troðast niður og ferðamenn fara heim ósáttir við skort á þjónustu og aðstöðu.

Þjóðarþúfið hefur gríðarlega miklar tekjur af ferðamönnum og því er fjárfesting í innviðum ferðaþjónustunnar skynsamleg. Reiknað hefur verið út að ríkið þurfi aðeins að verja um sjö prósentum af tekjum sínum af ferðamönnum næstu árin í úrbætur á ferðamannastöðum og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Ferðamenn á Íslandi eru síst of margir. Á fjölda minni staða og landsvæða um allan heim eru margfalt fleiri ferðamenn án teljandi vandræða, einfaldlega vegna þess að innviðirnir ráða við fjöldann.

### Sérstakt ráðuneyti ferðamála

Þrátt fyrir að ferðaþjónustan sé orðin stærsta atvinnugrein landsins, þá sætir hún algjörum afgangi í stjórnsýslunni. Nauðsynlegt er að fá sérstakt ráðuneyti ferðamála í nýrri ríkisstjórn til að koma málum á fram.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa staðið sig frábærlega við að mæta aukinni ásókn ferðamanna hingað til lands. Ef ríkisvaldið ræðst ekki í aðgerðir sem til þess heyra, þá er mikil hætta á afturför í atvinnugreininni – algjörlega að óþörfu.

**Dregið föstudaginn 16. desember**

**3X**  
Tælandsferð fyrir 2

**ÁSKRIFENDA LOTTERÍ 365**

FÝRSTI VINNINGUR ER ÓTRÚLEG  
ÆVINTÝRAFERÐ FYRIR TVÖ TIL TÆLANDS  
AÐ HEILDARVERÐMÆTI 658.000 KR.

Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817 og þú ert komin/n í pottinn!

**365**

Gildir fyrir alla sjónvarpspakkaáskrifendur í nóvember og desember

# Mosfellsdalur og Þingvellir eru hjáleioð – en því er hægt að breyta



Guðný Halldórsdóttir  
Melkoti v/Þingvalla-  
veg

Sorglegt er að sjá hvernig embættismenn hjá Vegagerðinni ætla sér að eyðileggja Mosfellsdalinn með breikkun vegarins, hringtorgum, undirgöngum, tengivegum og malbiki, til þess eins að fleiri farskjótar geti ekið greiðlegar austur á Þingvöll. Stór hluti umferðarinnar streymir í gegnum alla fegurðina og kemst á „hraðbrautina“ yfir Lyngdalsheiði, en nú standa yfir lagningar á „hraðbrautum“ yfir Kjósarskarð, milli Kjósar og Þingvalla og Uxahryggi, milli Borgarfjarðar og Þingvalla. Allri þessari umferð er stefnt í gegnum Mosfellsdalinn, án þess að tekið sé með í reikninginn að fjöldi ferðamanna hefur áttatiufaldast síðan embættismenn Vegagerðarinnar ákváðu að leggja þessa góðu vegi, en ýttu undir þetta rosalega gegnumstreymi í gegnum Þingvelli og Mosfellsdal.

Dalbotninn er með frjósamari landsvæðum til allrar jarðræktar sem hugsast getur. Þar er langt niður á berg, sem er mikill mínus við vegagerð, peningalega séð.

Þetta gegnumstreymi er orðið of mikið og stjórmlaust fyrir þennan veg, bæði Mosfellsdalinn og Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Eðlilegast er að allir sem ætla og vilja njóta fegurðar og friðsældar þjóðgarðsins á Þingvöllum borgi aðgangseyri fyrir upplifunina og borgi fyrir þá þjónustu sem þar er hægt að veita. Þá myndi gegnumstreymið minnka til muna á Þingvallavegi og innan þjóðgarðsins.

## Nýjan veg ofan á þann gamla

En það þarf annan veg yfir Mosfellsheiði. Þann sem var notaður áður en núverandi vegur var byggður í einum hlandsprengr fyrir Alþingishátíðina 1930. Gamla veginn sem afi minn Guðjón byggði snemma á síðustu öld og er friðaður núna, vonandi með það í huga að í framtíðinni yrði hann endurbyggður. Hann liggur upp frá Geithálsi og austur í Þingvallasveit, þó ekki í gegnum djúpa dalinn sem Magnús Grímsson, skáld orti um kvæðið: „Nú ríkir kyrrð í djúpum dal...“

Gamli vegurinn var byggður með tilliti til snjóalaga og er því snjóléttari, styttri og í alla staði fallelgr en blessuð Mosfellsheiðin, sem er eitt helv... veðravíti.

Í bók Jónasar í Stardal vegavinnustjóra „Menn og minjapættir“ (Ís-land 2004) lýsir hann í smáatriðum tilurð nýja Þingvallavegarins og er að afsaka það vegstæði og gera gys að því, en hann fylgdi þeirri veglagningu frá upphafi til enda. Vegurinn var byggður á tveimur sumrum, í akkorði og allt kapp lagt á að ljúka verkinu sem fyrst eftir að Jónas frá Hriflu vildi halda Alþingishátíð í tilefni þess að 1000 ár voru liðin frá því að Íslendingar stofnuðu allsherjarþing á Þingvöllum. Takk fyrir – fyrsta alvarlega Þingvallahátíðarvegagerðaræðið, en nokkur hafa þau verið síðan og núna litur út fyrir að þarna sé hátíð á hverjum einasta degi alla daga, a.m.k. eftir umferðinni að dæma.

## Freki kallinn á ferð

Ákvörðun um nýtt vegstæði til Þingvalla, var tekin í bræðiskasti af einhverjum skapofsamanni sem var fógæti í Reykjavík og formaður nefndar um endurbyggingu Þingvallavegar. Freki kallinn þverneitaði að lagfæra og breikka gamla veginn og ærðist af því að hann fékk ekki að byggja nýjan í sínu nafni og hótaði að segja af sér nefndarstjórn ef hann fengi ekki að ráða. Jónas og vegamálastjóri urðu hræddir, fóru því og fundu nýtt vegstæði, byggt með það í huga að sem styst væri í möl. Eru því beygjur og sveigjur á veginum og hann lagður í alkunn veðravíti, en aðalatriðið var að menn með skóflu og hestakerru

væru sem fljótastir að ná í vagnhlass. Til að mynda þótti góður ofaniburður á Bugðueyrum og við Vilborgarkeldu og vegurinn tekur mið af því.

Ef gamli vegurinn yrði endurunninn yrði það aðeins um 18 kílómetra veglagning á þegar reyndu vegstæði. Þar er engin byggð og hægt að gera greiðfærari leið, eyðileggja ekki neitt fyrir neinum, nema kannski nokkrum lóum. Það hlýtur að vera hagkvæmara en að hruga upp öllum þeim umferðarmannvirkjum hér í dalnum sem stefnt er að, með tilheyrandi eyðileggingu á gróðursælu og byggilegu svæði. Nú er í Mosfellsdal rekin ein eða fleiri atvinnu-

starfsemi á öllum afleggjurum og hefur alla burði í að eflast, ef ekki verður hellt malbiki og steypu og hringtorgum yfir allan þennan gjöfuga og lífræna jarðvegsgrunn.

Svo er spurning hver ákvað það að Þingvellir gætu tekið við allri þessari umferð, og hvort Þingvellir þoli allan þennan fjölda. Þeir sem stjórna Vegagerðinni hljóta að verða að finna lausn á því hvort það sé verjandi að nota þjóðgarðinn á Þingvöllum sem hjáleioð fyrir fólk sem á ekkert erindi í Þingvallasveitina, heldur er að fara norður, austur eða jafnvel vestur á firði og hefur engan húmor fyrir friðsældinni og feg-

urðinni, heldur er að drifa sig að sinna sinu í fjarlægari sveitum.

## Samantekt

Best væri að hlifa Þingvöllum sem hjáleioð og banna bílaumferð þar, nema rafmagnsvagna, sem reknir væru af Þjóðgarðinum.

Gamli friðaði vegurinn sem byggður var með tilliti til veðurfars og snjóalaga og liggur upp frá Suðurlandsvegi yrði endurbyggður.

Vegurinn um Mosfellsdal sem er sprunginn, getur ágætlega nýst þeirri starfsemi sem þegar er hér í dalnum og fer stöðugt vaxandi.



**Þeir sem stjórna Vegagerðinni hljóta að verða að finna lausn á því hvort það sé verjandi að nota þjóðgarðinn á Þingvöllum sem hjáleioð fyrir fólk sem á ekkert erindi í Þingvallasveitina.**



## Málþing með notendum Faxaflóahafna

Miðvikudaginn 23. nóvember, kl. 16:00 í HÖRPU

Til þess að kynna það sem efst er á baugi hjá Faxaflóahöfnum sf. og fræðast um starfsemina á hafnarsvæðum fyrirtækisins boða Faxaflóahafnir sf. til málþings miðvikudaginn 23. nóvember kl. 16:00, Björtuloft, 5. hæð, Hörpu.

Dagskrá málþingsins á að snerta málefni sem flestra á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. og verður sem hér segir:

- **Setning**  
Dagur B. Eggertsson, stjórnarformaður
- **Framkvæmdir og verkefni Faxaflóahafna sf. árið 2016**  
Gísli Gíslason, hafnarstjóri
- **Sjávarklasinn og framtíðin**  
Berta Daníelsdóttir, framkvæmdarstjóri Íslenska sjávarklasans
- **Breytingar á sjóflutningum á næstu árum**  
Sara Pálsdóttir, viðskiptastjóri Eimskips
- **Loftslagsskuldbindingar Íslands og hugmyndir Hafsins um aðgerðir**  
Sigríður Ragna Sverrisdóttir, framkvæmdarstjóri Hafsins - Öndvegisseturs
- **Framkvæmdir við nýjan Kleppsbakka og þróun Sundahafnar**  
Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri
- **Umræður og fyrirspurnir**

**Fundarstjóri:** Erna Kristjánsdóttir, markaðs- og gæðastjóri

Fundurinn er opinn öllum, en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavinum.

Gísli Gíslason,  
hafnarstjóri







# JÓLAGJÖF SÆLKERANS

## JÓLAGJÖF FYRIR SAMSTARFSFÓLKID

PAKKARNIR ERU AFGREIDDIR FRÁ 10. DESEMBER.

### JÓLAPAKKI 1



20.999



17.999

### JÓLAPAKKI 2

Hagkaups Hamborgarhryggur, Kaldi Bjór salami, Nautavöðvi, Valette Andabringa, Monte nevado serrano skinka, Iberico Paté, Camembert Royal Faucon, Prima Donna Maturo, Snowdonian Ginger spice, Öðlingur, Mackays Caramelised red onion marmalade with chilli, Mackays Apple & fig chutney, Dare Water crackers og Ferrero Rocher.



19.999

### JÓLAPAKKI 3

Íslensk nautalund, Kaldi Bjór salami, Monte nevado serrano skinka, Valette Andabringa, Iberico Paté, Camembert Royal Faucon, Prima Donna Maturo, Snowdonian Ginger spice, Öðlingur, Mackays Apple & fig chutney, Mackays Caramelised red onion marmalade with chilli, Dare Water crackers og Ferrero Rocher.

**EINFALT AÐ PANTA:** Þú sendir tölvupóst á [storkaup@storkaup.is](mailto:storkaup@storkaup.is) eða hringir í Stórkaup í síma 563-5330 alla virka daga á milli 8:00 og 17:00.

**HAGKAUP**  
Skammtilegast að verða

í samvinnu við

**STÓRKAUP**  
BIRGDAVERSLUN



**3** 31. ÁGÚST  
Karlalandsliðið  
í körfubolta

Undankeppni EM  
88-72 sigur á Sviss  
Hörður Axel Vilhjálmsson var  
með 16 stig og 8 stoðsendingar.



**6** 2. NÓVEMBER  
Karlalandsliðið  
í handbolta

Undankeppni EM  
25-24 sigur á Tékklandi  
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði  
6 mörk úr 8 skotum.



**2** 12. JÚNÍ  
Karlalandsliðið  
í handbolta

Undankeppni HM  
26-23 sigur á Portúgal  
Björgvin Páll Gústavsson varði  
20 skot, þar af 3 viti.



**4** 14. SEPTEMBER  
Karlalandsliðið  
í körfubolta

Undankeppni EM  
84-62 sigur á Kýpur  
Hlynur Bærginsson var  
með 18 stig, 9 fráköst  
og 4 stoðsendingar.



**1** 24. FEBRÚAR  
Kvennalandsliðið  
í körfubolta

Undankeppni EM  
87-77 sigur á  
Ungverjalandi  
Helena Sverris-  
dóttir var  
með 29 stig,  
16 fráköst  
og 8 stoð-  
sendingar.

**5** 17. SEPTEMBER  
Karlalandsliðið  
í körfubolta

Undankeppni EM  
84-62 sigur á Belgíu  
Martin Her-  
mannsson var  
með 18 stig  
og 5 stoð-  
sendingar.

# Möguleiki á fullkomnu landsliðsári í Höllinni

Íslensku landsliðin hafa unnið alla sex leiki sína í Laugardalshöllinni á árinu 2016 og í kvöld er komið að þeim síðasta þegar körfuboltalandslið kvenna tekur á móti Portúgal í lokaleik sínum í riðlinum.

**KÖRFUBOLTI** Stelpurnar í körfuboltalandsliðinu eiga ekki aðeins möguleika á því að tryggja sér þriðja sætið í riðli sínum í undankeppni EM 2017 með sigri á Portúgal í kvöld heldur eiga þær einnig möguleika á því að tryggja hundrað prósent árangur landsliðanna í Laugardalshöllinni á þessu ári.

Körfuboltalandslið karla vann alla þrjá heimaleiki sína í undankeppni EM í haust og karlahandboltalandsliðið vann sína tvo á árinu, þann fyrri í umspili á móti Portúgal í júní og þann seinni fyrr

Ég man lítið eftir Portúgalsleiknum úti nema að við vorum hundfúlar með hvað við vorum lélegar í þeim leik. Núna er tækifæri að laga það.

Helena Sverrisdóttir

í þessum mánuði sem var fyrsti heimaleikur íslenska liðsins í undankeppni EM 2017.

Körfuboltastelpurnar eiga góðar minningar úr Laugardalshöllinni því þær unnu eftirminnilegan sigur á Ungverjum þar í febrúar. Sigurinn kom mikið á óvart enda mætti Ungverjaland til leiks sem taplaust topplið riðilsins.

„Sá leikur var geðveikur og allt liðið spilaði ótrúlega vel saman. Vonandi tekst þeim að fara í sveisleik á morgun,“ segir Helena Sverrisdóttir sem átti stórkostleg-

an leik á móti Ungverjum. Helena verður þó fjarni góðu gamni í kvöld því að hún er ófrísk og getur ekki verið með.

„Ég held að stelpurnar séu tilbúnar að spila aftur eftir úrslitin úr síðasta leik. Ég man lítið eftir Portúgalsleiknum úti nema að við vorum hundfúlar með hvað við vorum lélegar í þeim leik. Núna er tækifæri til að laga það,“ segir Helena. Íslenska liðið þarf annan stórleik í kvöld til að tryggja fullkomni landsliðsár í Höllinni.

ooj@frettabladid.is

## Strákarnir fengu ekki draumariðil í Helsinki

**KÖRFUBOLTI** Dregið var í riðla fyrir EM í körfubolta sem fer fram næsta haust. Fyrir dráttinn var ljóst að Ísland og Finnland yrðu saman í riðli og spila leiki sína í Helsinki. Í hópinn bættust fjórar sterkar þjóðir – Frakkland, Grikkland, Slóvenía og Pólland. „Mér list ekkert sérstaklega á þetta ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Ég hefði viljað fá aðrar þjóðir úr nokkrum flokkum,“ sagði Hlynur Bærginsson, leikmaður Stjórnunnar og fyrirliði Íslands, um niðurstöðuna við íþróttadeild 365 í gær.

Ísland er að keppa á sínu öðru Evrópumeistaramóti í röð og lenti einnig í afar sterkum riðli síðast. Ísland náði ekki að vinna leik í rið-

inum, sem fór fram í Berlín í Þýskalandi, en var nálægt því. Strákarnir ætla sér að gera betur í Finnlandi.

„Það verður samt gaman að spila við þessar þjóðir. En ég var samt pirraður að fá Slóveníu og Grikkland, ég hefði kosið aðrar þjóðir úr þeim styrkleikaflokkum,“ sagði Hlynur.

Jón Arnór Stefánsson tók



í svipaðan streng. „Þessi lið henta okkur ekkert sérlega vel. En þetta eru stór nöfn sem gerir þetta enn skemmtilegra. Þetta eru allt lið sem við spilum ekki við í fyrra þannig að það verður gaman að fá að spreyta sig á móti nýjum liðum,“ sagði hann.

„Við kvíðum því ekki að spila við þessar þjóðir. Það var gaman að mæta öflugum liðum síðast og það verður það aftur nú. Þetta verður mikið fjór og mikil áskorun,“ bætti Hlynur við. – esá

Hlynur Bærginsson landsliðsfyrirliði.

### Leikir Íslands á EM 2017

Leikirnir fara allir fram í Helsinki í Finnlandi.



31. ágúst  
ÍSLAND - GRIKKLAND

2. september  
PÓLLAND - ÍSLAND

3. september  
FRAKKLAND - ÍSLAND

5. september  
ÍSLAND - SLÓVENÍA

6. september  
FINNLAND - ÍSLAND

## Nýjast

### Meistaradeild Evrópu, riðlakeppni

#### E-riðill

**CSKA - Leverkusen 1-1**  
0-1 Kevin Volland (16.), 1-1 Bibras Natcho, viti (78.).

**Monaco - Tottenham 2-1**  
0-1 Djibril Sidibé (48.), 1-1 Harry Kane, viti (52.), 2-1 Thomas Lemar (53.).

Staðan: Monaco 11, Leverkusen 7, Tottenham 4, CSKA Moskva 3.

#### F-riðill

**Sporting - Real Madrid 1-2**  
0-1 Raphaël Varane (29.), 1-1 Adrien Silva, viti (80.), 1-2 Karim Benzema (87.).

**Dortmund - Legia 8-4**  
0-1 Aleksandar Prijovic (10.), 1-1 Shinji Kagawa (17.), 2-1 Kagawa (18.), 3-1 Nuri Sahin (20.), 3-2 Prijovic (24.), 4-2 Ousmane Dembélé (29.), 5-2 Marco Reus (32.), 6-2 Reus (52.), 6-3 Michal Kucharczyk (57.), 7-3 Felix Passlack (81.), 7-4 Nemanja Nikolic (83.), 8-4 Marco Reus (90+2.).

Staðan: Dortmund 13, Real Madrid 11, Sporting 3, Legia 1.

#### G-riðill

**Leicester - Club Brugge 2-1**  
1-0 Shinji Okazaki (5.), 2-0 Riyad Mahrez, viti (30.), José Izquierdo (52.).

**FCK - Porto 0-0**

Staðan: Leicester 13, Porto 8, FCK 6, Club Brugge 0.

#### H-riðill

**Sevilla - Juventus 1-3**  
1-0 Nicolas Pareja (9.), 1-1 Claudio Marchisio, viti (45+2.), 1-2 Leonardo Bonucci (84.), 1-3 Mario Mandzukic (90+4.).

**D. Zagreb - Lyon 0-1**

0-1 Alexandre Lacazette (72.).

Staðan: Juventus 11, Sevilla 10, Lyon 7, D. Zagreb 0.

### DAGUR HÆTTIR EFTIR HM

Dagur Sigurðsson hættir sem þjálfari þýska landsliðsins í handbolta eftir HM í Frakklandi í byrjun næsta árs. Hann hefur ákveðið að taka við þjálfun japanska landsliðsins en Dagur spilaði um tíma í Japan. Dagur tók við þýska landsliðinu í september 2014 og hefur gert frábæra hluti með það. Dagur gerði Þýskaland að Evrópumeisturum í janúar og undir hans stjórn vann liðið brons á Ólympíuleikunum í Río í ágúst. HM í Frakklandi 2017 verður fjórða og síðasta stórmót Dags með þýska liðið. Hann stýrði því fyrst á HM í Katar.



### Í dag

**16.55 Rostov - B. München** Sport  
**19.15 Meistarad.messan** Sport  
**19.40 Arsenal - PSG** Sport 2  
**19.40 Gladbach - Man City** Sport 3  
**19.40 Celtic - Barcelona** Sport 4  
**21.45 Meistarad.mörkin** Sport

Undankeppni EM 2017:  
**19.30 Ísland - Portúgal** Höllin

Olís-deild karla:  
**19.30 Haukar - Valur** Schenkerhöll

# BETRIBILAKAUP.is

Gerðu betri kaup hjá okkur!  
Hringdu núna í síma **511 2777**



**Mitsubishi Outlander PHEV Instyle+**  
Glænýr - Verð: 4.950.000 kr.  
Dökkt leður - Sambærilegur bíl á Íslandi kostar 6.59 m.



**Nissan Leaf Acenta 30 kWh**  
Glænýr - Verð: 3.590.000 kr.  
Sambærilegur bíl á Íslandi kostar 4.19 m.



**Nissan Leaf 2015**  
Bakkmyndavél,  
6 bílar á leiðinni.  
**Verð frá 1.695.000**



**Cadillac ELR Hybrid 2014**  
Ekinn 45þ. km.  
**MEGATILBOÐ: 4.990.000 kr.**  
Tilbúinn til afhendingar



**Mitsubishi Outlander PHEV Instyle** - Glænýr - Brúnt leður - Verð: 4.700.000 kr.



**Nissan NV400 L2H2**  
Glænýr - Verð: 4.290.000 kr.  
MEÐ VSK.



**Audi A3 E-tron hybrid 2015**  
Ekinn. 7þ. km. - Verð: 3.590.000 kr. Nýr bíl á Íslandi 5.19m.



**BMW 330e Hybrid 2016**  
Ekinn 13þ. km. - 4.790.000 kr.  
Nýr bíl á Íslandi kostar 5.99m.



**Mitsubishi Outlander PHEV Executive**  
Glænýr - Verð: 4.450.000 kr. - Tau áklæði - Sambærilegur bíl á Íslandi kostar 5.99m.



**Volvo XC90 T8 Momentum**  
Árgerð 2016 - Ekinn 16þ. km.  
8.950.000 kr. - Nýr bíl á Íslandi kostar 12.69m.



**Volvo V60 D6 Hybrid AWD**  
Árgerð 2015 - Ekinn 40þ. km.  
Verð: 3.790.000 kr. - Ekki í boði hjá umboði á Íslandi

**Afhendingartími**  
er 4 til 8 vikur frá pöntun

# „Hélt að þetta yrði mitt síðasta“

Sölvi Geir Ottesen kláraði í síðasta mánuði aðra leiktíðina sína í Kína en vegna óvissu um leikmannamál félagsins veit hann ekki hvort hann verður þar áfram. Hann segist ekki hafa verið betri í skrokknum í langan tíma og er laus við langvarandi meiðsli sem hann varð fyrir í skelfilegu bílslysi sem unglingur. Hann er ósáttur við að hafa ekki verið valinn í EM-hópinum í sumar.

Tómas Þór Þórðarson  
tomas@365.is



●● Þakið fer niður í mælaborðið þar sem ég sit og ég kremst niður í gólfíð.

Sölvi Geir Ottesen

hugsunin með þessu ævintýri í Rússlandi og Kína var kemur hann hreint fram:

„Þetta er vel borgað, ef ég á að vera heiðarlegur. Ég kemst ekkert í svona pakka annars staðar,“ segir hann, en má þá lýsa þessu bara sem vertið þar sem miðvörðurinn er að safna í sjóð til framtíðar? „Já, það má segja það. Ég er samt með bullandi metnað og varð til dæmis mjög svekktur að vera ekki valinn í landsliðið í sumar á EM. Ég er alltaf að reyna að bæta mig. Metnaðurinn er alls ekki farinn þó að ég sé að taka fjárhagslega öruggari ákvarðanir,“ segir Sölvi Geir.

## Svekkur en ekkert sjokk

Þrátt fyrir að vera fastamaður í landsliðshópnum undanfarin ár var Sölvi ekki einn af þeim 23 heppnu sem fengu að fara á EM í Frakklandi. Hann spilaði vináttuleik gegn Finnlandi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í janúar en var svo ekki valinn í landsleikina gegn Danmörku og Grikklandi í mars. Þá fór hann að gruna ýmislegt.

„Ég vissi ekki að ég yrði ekki valinn fyrr en daginn sem hópurinn var tilkynntur. Ég var ekkert varður við. Ég bjóst samt alveg við þessu þar sem ég var búinn að vera í öllum hópum fram að þessum leikjum gegn Dönum og Grikkjum. Mér fannst spes að vera ekki valinn í þann hóp á þeim tíma en á sama tíma grunaði mig að Heimir og Lars ætluðu að gera einhverjar breytingar. Ég var alveg undirbúinn fyrir breytingarnar þannig að sjokkið var ekki mikið þegar hópurinn var kynntur. Ég var bara svekktur eins og við mátti búast en lífið heldur áfram,“ segir Sölvi.


Hann segist ekki hafa heyrt í Heimi Hallgrímssyni síðan í landsliðsferðinni í janúar. En hvernig var að horfa á þetta einn í Kína eftir allt svekkelsið?

„Ég var mjög glaður fyrir hönd strákanna en það var alltaf eitthvað sem sat í manni hvort sem það var biturleiki eða eitthvað. Meira svekkelsi samt. Ég gat heldur ekkert fylgst með leikjunum því þeir voru klukk-an fjögur á næturnar. Það var einn sem byrjaði fyrr um daginn sem ég sá,“ segir Sölvi, en fannst honum ósanngarnt að gengið væri fram hjá honum, 32 ára með alla þessa reynslu?

„Já, mér fannst það,“ segir hann. „Það hefur samt bara ekkert að segja. Það skiptir engu máli þó að mér finnst þetta ósanngarnt. Ég var ekkert að hringja í Heimi til að fá einhverjar útskýringar enda hefði það engu breytt um valið. Hlutirnir



Sölvi Geir Ottesen nýtur lífsins í Kína en fjarveran frá börnunum er erfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Billinn gjörónýtur eftir svakaleg bílslys

Sölvi Geir Ottesen var farþegi í þessum bíl sem flaug 30 metra út af Reykjavíkurveginum í september árið 2002. Heppni var að enginn þeirra þriggja sem voru í bílnum lést en slysið hafði mikil áhrif á fótboltaferil Sólva.

voru eins og þeir voru og ég þurfti að tækla þetta. Ég var samt mjög svekktur,“ segir Sölvi Geir.

## Bílslysið sem breytti öllu

Miðvörðurinn sterki átti gott tímabil með Wuhan í kínversku B-deildinni og skilaði meira að segja þremur mörkum en Sölvi hefur alltaf verið ógnandi í teig andstaðinganna. Það sem meira er þá spilaði hann 21 leik í röð sem hefur nú ekki alltaf verið í boði hjá honum vegna langvarandi bakmeiðsla sem hafa stöðvað hann í sporunum margsinnis á ferlinum.

„Ég vil meina að þetta bílslys hafi haft þessi áhrif,“ segir Sölvi sem hefur oft verið kominn í góðan gir með sínum félagsliðum þegar hann hefur þurft að taka sér kannski fjögurra vikna pásu vegna meiðslanna sem taka sig reglulega upp. Það er samt í raun ótrúlegt að þessi meiðsli – eins erfið og þau eru – séu afleiðing slyssins en ekki hreinlega dauði.

„Þetta gerist á föstudeginum þrettánda og ég er 18 ára gamall,“ segir Sölvi er hann rifjar upp þetta svakalega kvöld. „Vinur minn er að keyra frekar hratt og við missum stjórn á bílnum við brúna hjá Hamraborg-



## Billinn gjörónýtur eftir svakaleg bílslys

Sölvi Geir Ottesen var farþegi í þessum bíl sem flaug 30 metra út af Reykjavíkurveginum í september árið 2002. Heppni var að enginn þeirra þriggja sem voru í bílnum lést en slysið hafði mikil áhrif á fótboltaferil Sólva.

inni. Við förum út af rétt eftir hana þar sem er alveg þokkalegt fall. Við fljúgum einhverja 40 metra í lausu lofti, snúumst í loftinu og lendum á hvolvi ofan á bíl. Höggið sem ég fæ á höfuðið er svakalegt.“

Sölvi fær sér kaffisopa og heldur áfram: „Þakið fer niður í mælaborðið þar sem ég sit og ég kremst niður í gólfíð. Við snúumst þarna yfir þrjá aðra bíla og lendum á dekkjunum með þakið kramið niður. Við steinrotumst allir en svo vakna ég með bílþakið í andlitinu á mér. Ég hélt að þetta yrði mitt síðasta. Ég sá lífið blikka fyrr augunum á mér og hélt að þetta væri einfaldlega búíð. Þegar ég vaknaði svo aftur var ég svo glaður að þetta var ekki búíð.“

Sölvi segir slysið ekki hafa haft nein alvarleg áhrif á sálartetrið. Honum líður ekki alltaf vel í bíl með öðrum og treystir ekki öllum fyrir stýrinu en meira er það ekki. Það er líkaminn sem fór verst út úr þessu. Félagarnir þrír í bílnum sluppu ótrúlega með nokkur beinbrot og mar en bakmeiðsli Sólva hafa alltaf tekið sig upp reglulega allan ferilinn.

„Þetta slys hafði mikið að segja og hefur háð mér mikið á ferlinum. Alltaf þegar ég hef verið kominn á

gott ról hef ég þurft að taka pásu, misst sæti mitt í liðinu og þurft að vinna það aftur. Þetta dæmi í bakinu er held ég líka arfgengt því þabbi minn er að glíma við þetta núna fimmtugur en það var óþarfi hjá mér að flýta þessu um einhver 25 ár,“ segir Sölvi Geir.

## Fjarveran erfið

Þar sem líkaminn hefur sjaldan eða aldrei verið betri að sögn Sólva er hann langt frá því að leggja skóna á hilluna, enda bara 32 ára gamall. Hann stefnir á að vera úti aðeins lengur en koma svo heim að spila.

„Fjarveran frá börnunum mínum er það erfiðasta við þetta allt saman. Ef ég væri barnlaus myndi ég mjólka þetta eins og get en nú er ég bara að hugsa um að vera þarna í eitt til tvö ár í viðbót. Mér finnst ég síðan þurfa að koma heim því fjarveran frá krökkunum er svo erfið,“ segir Sölvi, en eru landsliðsdraumarnir að engu orðnir?

„Alls ekki. Ég held bara áfram að reyna að bæta mig sem leikmann og vonandi er einhver að fylgjast með því sem ég geri. Ég gefst ekki upp á landsliðinu svo lengi sem ég spila fótbolta,“ segir Sölvi Geir Ottesen.



  
**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
GMT-MASTER II  
IN 18 CT WHITE GOLD



  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR  
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. nóvember 2016

45. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

## Mikið eigið fé bundið í íslenska bankakerfinu

Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja nam tæpum 50 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins. Eiginfjárkröfur til bankanna eru háar en ef þær lækka til samræmis við það sem gengur og gerist í nágrennalöndum mun losna um mikið fé. Ríkið á ríflega tvo þriðju af því fé og gæti byggt tvö hátækisjúkrahús fyrir það fé sem losnaði við lökkun eiginfjárkröfunnar. » 4



## Sjónmælingar eru okkar fag

### KAUPAUKI

Með öllum margskiptum glerjum\* fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sólgleraugu eða varagleraugu.



\* Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler.



**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



KEFLAVÍKUR  
FLUGVÁGUR

## Vikan sem leið

**2%**  
hækkun

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um tvö prósent milli mánaða í október að því er fram kemur í Hagsjá Landsbankans, þar sem hækkunin er sögð „hressileg“. Verð í fjölbýli hækkaði um 1,8 prósent og verð á sérbýli hækkaði um 2,2 prósent. Síðasta árið er heildarhækkun fasteignaverðs 13,6 prósent.

**80%**  
aukning

Ísland er eina norræna landið þar sem útflutningur eykst meira en í löndum Evrópusambandsins samkvæmt nýrri skýrslu frá hagstofum Norðurlandanna fimm og OECD sem ber saman útflutningstölur Norðurlandanna. Útflutningstölur eru á hraðri uppleið á Íslandi. Frá 2008 hefur útflutningur á vörum og þjónustu til alþjóðamarkaða aukist um meira en 80 prósent.

**157**  
milljónir

Stoðtækjafyrirtækið Össur hefur gefið út kauprétti til millistjórnenda. Um er að ræða 375 þúsund hluti á genginu 25,5 danskar krónur sem er meðalverð síðustu 20 daga. Samtals er fjárhæðin því að markaðsvirði um 157 milljónir króna. Þetta er í samræmi við kaupréttaráætlun frá 2015. Stjórnendur mega nýta fyrsta hluta kaupréttanna 21. nóvember 2019.

**50%**  
færri

prófa ný snjallforrit fyrir síma (e. app) og neytendur halda sig við þau forrit sem þeir eru nú þegar með samkvæmt greiningu Adobe. Niðurstöður sýna að fimm af hverjum tíu snjallforritum eru opnuð að meðaltali sjaldnar en tíu sinnum eftir að neytandi hefur halað þau niður. Þar af eru tvö af hverjum fimm einungis opnuð einu sinni.

## MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Er bílafloti í þínu fyrirtæki?



Floti.is

Haltu forskotinu með Flota

# Hópfjármagna loka-sprett vискíframleiðslu

Íslendingur, búsettur í Danmörku, ásamt sex félögum sínum stefnir að framleiðslu vискis frá grunni á Jótlandi. Hópfjármögnun lýkur eftir mánuð. Stefnt er að því að hefja framleiðslu 2017 og að koma vискii á markað árið 2021.

Snævar Njáll Albertsson er meðal þeirra sem standa að baki Sall Whisky, vискíframleiðslu í Danmörku. Snævar er annar af tveimur rekstrarstjórum fyrirtækisins og sér einnig um samskipti. Sjó menn standa saman að baki Sall Whisky og koma þeir úr mismunandi geirum, en einn þeirra er bóndi.

„Við erum að vinna okkar eigið bygg frá grunni. Við ræktum það á akri bara nokkra kílómetra frá bænum okkar og sjáum um að sá fræjum, rækta og vinna úr bygginu. Oft er bygg ræktað einhvers staðar, svo flutt til Þýskalands þar sem það er maltað ásamt byggji af mörgum ökrum og þá er upphaflega bragðið horfið. Við viljum varðveita það,“ segir Snævar.

Við erum að vinna okkar eigið bygg frá grunni. Við ræktum það á akri bara nokkra kílómetra frá bænum okkar

Snævar Njáll Albertsson, rekstrarstjóri Sall Whisky



Brugghúsið er það fyrsta sinnar tegundar á Jótlandi en öll varan er lífræn og lagt upp úr því að nota hráefni frá svæðinu. Stefnt er að því að reisa verksmiðju í mars á næsta ári, setja upp búnað í september og hefja framleiðslu í desember á næsta ári. Viskíið verður svo geymt á tunnum frá 2018 til 2021.

„Við stefnum að því að byrja að framleiða í lok haustsins 2017. Viskí er náttúrulega bara eimaður sterkur bjór og er alltaf sett á tunnu í að minnsta kosti þrjú ár. Það er því stefnt að því að þetta verði tilbúið fyrir markaðinn árið 2021,“ segir Snævar.

Síðasta skrefið í að fjármagna framleiðsluna er hópfjármögnun á síðunni Indiegogo. Mánuður er eftir af hópfjármögnuninni og hafa nú þegar safnast um 11.900 dollara, eða um 1,3 milljónir króna. Það eru 30 prósent af fjármagninu sem þörf er



Félagarnir rækta bygg frá grunni á Jótlandi. MYND/SALL WHISKY

„Hópfjármögnunin hjálpar okkur alveg gífurlega, við höfum möguleika á að fá lán í gegnum bankann þannig að ef við náum ekki markmiðinu með söfnuninni getum við þó haldið áfram. Bankinn er mjög jákvæður fyrir þessu verkefni hjá

okkur, en sú leið er aðeins erfiðari fyrir okkur,“ segir Snævar.

Stefnt er að alþjóðlegri sölu. „Við erum ekki búin að klára neina samninga, en við stefnum á sölu á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum árið 2022.“ saeunn@frettbladid.is

## Svartur föstudagur að detta úr tísku

Svo virðist sem „svartur föstudagur“ (e. Black Friday), útsöladagurinn sem haldinn er á föstudaginn í þessari viku, daginn eftir þakkargjörðarhátíðina, sé að missa sess sinn með bandarískra neytenda.

Dagurinn hefur sögulega verið stærsti verslunardagur ársins í Bandaríkjunum en fjöldi verslana býður vörur með miklum afslætti á þessum degi og hefja því margir jólaverslunina þá. Business Insider greinir frá því að á síðustu árum virðist færri neytendur leggja leið sína í stórmarkaði á borð við Walmart, Target og Amazon á þessum degi. Spáð er að fjöldi þeirra sem heimsækja verslanir á þessu ári muni dragast saman um 3,5 prósent milli ára, og er þetta ofan á hlutfallslega fækkun síðustu ára.

Á síðasta ári fóru 102 milljónir manna í verslanir um þessa helgi og hafði þá fækkað um rúmlega fjórutíu milljónir frá 2012, samkvæmt tölum frá National Retail Federation.

Þróunin virðist vera að fólk versli jafn mikið fyrir jólin, en sé ekki að



Talið er að 3,5 prósent færri Bandaríkjamenn versli í búðum á deginum í ár en í fyrra. FRÉTTABLAÐID/AFP

draga innkaupin fram á svarta föstudag, og að það versli í auknum mæli á netinu. Talið er að samanlagt 137,4 milljónir manna í Bandaríkjunum muni versla í búðum og á netinu um þakkargjörðarhelgina. Það er

tveggja milljóna manna fjölgun milli ára.

Spáð er að neytendur muni versla fyrir 3,6 prósent hærri upphæð en í fyrra eða fyrir 655,8 milljarða Bandaríkjadala. – sg

**merking**  
....framleiðir

....Vörur úr plexigleri ....

Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044



Ray-Ban

COCOA MINT

SMITH

TOMMY HILFINGER

Red Bull

BOSS  
HUGO BOSS

CEBÉ

LOUIS MARCÉL

bolle

Ray Ban umgjörð kr. 24.890,-

**Opnunartilboð!**

Tilbúin lesgleraugu - 1.990 kr.  
Eyesland sólgleraugu - 2.990 kr.


# Opnum augun á nýjum stað!

Gleraugnaverslunin Eyesland opnar nýja og glæsilega verslun á Grandagarði 13.

Mikið úrval af góðum gleraugum á góðu verði – og þú færð frábæra þjónstu.

Eyesland leggur metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar vörur á góðu verði. Heimspekt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Í boði eru allskonar gleraugu, lesgleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu með eða án styrks.

Hvort sem það er í vinnu eða heima við lestur, á fjöllum, á þeytingi eða í kyrrstöðu þá færðu gleraugu við hæfi hjá Eyesland.



Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is)



Hafliði Helgason

hafliði@frettabladid.is



Stóru viðskiptabankarnir þrír högnuðust um tæpa 50 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Hagnaður bankanna miðað við sama tímabil í fyrra minnkaði um rúma 17 milljarða króna. Tímabil einkisliða vegna uppfærslu eigna og sölu eigna er að baki og rekstrar- og efnahagsreikningur bankanna farinn að endurspegla reglubundna bankastarfsemi.

Heildareignir bankanna nema nú um 3.200 milljörðum króna sem er um 130 prósent af landsframleiðslu, en þegar bankakerfið var sem stærst var það um 920 prósent af landsframleiðslu. Bankakerfið nú er því óðum að líkjast því bankakerfi sem var áður en farið var að ráðast í erlendan vöxt íslenskra banka. Áhættan fyrir hagkerfið er því margfalt minni nú.

Meira eigið fé heimila og fyrirtækja sést líka betur í uppgjörum bankanna. Vanskil fara lækkandi og þar með hlutfall vandræðalána. Bankarnir hafa einnig verið að sækja sér erlent fjármagn í skuldabréfaútbodum með ágætum árangri. Útlánagæði og dreifing áhættu er batnandi. Vöxtur er í útlánnum, en ferðaþjónustan er vaxandi í bókum bankanna, enda sú atvinnugrein sem vex hraðast og drifur áfram bæði hagvöxt og gjaldþyrskingur þjóðarþúsins. Kostnaðarhlutfall og vaxtamunur er þó enn þá hár.

#### Hátt eiginfjárlutfall

Eigið fé stóru bankanna þriggja er tæpir 660 milljarðar króna og er hlutur ríkisins í því eigin fé um 500 milljarðar sem nálgast ein fjárlög íslenska ríkisins og um 20% af landsframleiðslu. Til samanburðar má einnig nefna að samkvæmt tölum Seðlabankans eru nettó skuldir íslenska ríkisins um 40% af landsframleiðslu.

Eiginfjárlutfall bankanna er frá 25,5% upp í rúm 29% sem er afar hátt í alþjóðlegum samanburði. Varfærni hefur gætt í eiginfjárkröfu banka vegna óvissu sem tengist afléttingu gjaldeyrishafta. Öll skilyrði þess að losa um þau að mestu leyti eru fyrir hendi og því er líklegt að eiginfjárlutfall fjármála-kerfisins færist nær því sem gengur og gerist í nágrannalöndum. Þetta þýðir að varlega má áætla að hægt sé að losa 175 milljarða króna sem bundnir eru í bankakerfinu og greiða þá út til eigenda. Vogaðri nálgun við uppbyggingu eiginfjár banka myndi skila enn hærri tölu. „Þetta er í rauninni dautt fé í hagkerfinu og erfitt fyrir bankana að ná viðunandi ávöxtun á þetta eigið fé,“ segir Snorri Jakobsson, fjármála-



Erfitt er fyrir bankana að ná viðunandi arðsemi af því eigin fé sem bundið er í þeim. Því er líklegt að krafa um eiginfjárlutfall muni lækka verulega þegar gjaldeyrishöft hafa verið afnumin. Breyting á kröfum um eiginfjárlutfall mun leiða til þess að það losnar um mikið fé sem gæti fundið sér arðasamari farveg en nú er.

## Gætu greitt sér 175 milljarða úr bönkum með lækkun eigin fjár

Eigið fé bankakerfisins er 660 milljarðar og af því á ríkið um 500 milljarða. Varlega má áætla að umframfjármunir bundnir í bankakerfinu séu um 175 milljarðar. Þýður upp á miklar útgreiðslur til eigenda, en ríkið á um tvo þriðju af þessum fjármunum. Myndi duga fyrir tveimur nýjum hátækisjúkrahúsum.

●● Það kæmi því ekki á óvart í því ljósi að einhverjir fjárfesta freisti þess að fara fremur skuldsettir í kaup á hlut í bankanum.

●● Þetta er í rauninni dautt fé í hagkerfinu og erfitt fyrir bankana að ná viðunandi ávöxtun á þetta eigið fé

Snorri Jakobsson, fjármála- og hagfræðiráðgjafi hjá Capacent

og hagfræðiráðgjafi hjá Capacent. Hann bætir því við að svona mikil binding að óþörfu sé mjög óhagkvæm fyrir þjóðfélagið. „Þetta hefur því ekki bara áhrif á bankana sjálfa, heldur allt atvinnulífið.“

Til samanburðar má nefna að hlutdeild ríkisins í fé sem losnað

	ARION BANKI	ÍSLANDBANKI	LANDSBANKINN	SAMTALS
Eigið fé	206.940	201.391	251.146	659.477
Heildareignir	1.038.480	1.068.263	1.133.802	3.240.545
Hagnaður	17.262	15.555	16.400	49.217

6,7 milljarða greiddu bankarnir í sérstakan bankaskatt

gæti úr bönkunum myndi duga fyrir því að byggja nýjan Landspítala tvisvar.

#### Möguleg skuldsett kaup

Ríkið á 13% hlut í Arionbanka, en bankinn er líklegur til að fara á markað á næsta ári. Eigendur bank-

ans eru að stærstum hluta kröfuhafar Kaupþings, en samkvæmt samkomulagi þurfa þeir að standa skil á skuldabréfi sem er með fyrsta gjalddaga í janúar 2018. Stefnt hefur verið á að selja hluta bankans samhliða skráningu á fyrri hluta næsta árs. Arion er ólíkur hinum bönkunum að því leyti að hann hefur mótað sér stefnu um að vera alhliða fjármálaþjónustufyrirtæki með kortafyrirtæki og tryggingafélag innanborðs. Viðræður hafa verið í gangi við lífeyrissjóði um kaup samhliða skráningu, en innan bankans er áhugi fyrir því að erlendir aðilar komi að bankanum. Augljóst er að ef afnám gjaldeyrishafta hefur lítil áhrif á mat á fjármálastöðugleika,

þá lækki eiginfjárkröfur og hægt að greiða tugi milljarða úr bankanum til hluthafa. Það kæmi því ekki á óvart í því ljósi að einhverjir fjárfesta freisti þess að fara fremur skuldsettir í kaup á hlut í bankanum.

Ólíklegt er, miðað við mikla bindingu fjár í bönkunum og sér-taka skattlagningu, að verð bankanna verði bólkfært eigið fé þeirra. Sérstakur skattur bankanna fyrstu níu mánuði ársins er 6,7 milljarðar króna og eru engar fyrirsjáanlegar breytingar á þeim skatti. Þetta mun hafa bein áhrif á verð bankanna og samkeppnishæfni þeirra á fjármálamarkaði. Nú þegar hafa þeir fundið fyrir samkeppni frá lífeyrissjóðum sem ekki greiða slíkan skatt. Þar við bætist að í fyrirtækjalánnum til stærri fyrirtækja geta bankarnir líka orðið undir í samkeppni við erlenda banka sem búa ekki við jafn ríkar eiginfjárkröfur og greiða ekki sérstakan skatt. Til lengri tíma horft efast margir um að slík sérskattlagning leiði til heilbrigðara fjármálakerfis.

Enda þótt hagnaður bankanna undanfarnir ár hafi verið gríðarlegur, þá er hann fyrst og fremst tilkominn vegna uppfærslu eigna. Sú gösentíð er að baki og framundan er rekstur sem telst til hefðbundinnar bankastarfsemi í eðlilegu rekstrarumhverfi. Bankastarfsemi er mannfrek þjónustugrein og launahækkunar auka kostnaðinn. Ef tekin eru saman hár kostnaður, háir skattar bankanna og hátt eigið fé, þá er vandséð annað en að til að rekstur þeirra sé viðunandi þurfi mikinn vaxtamun. Hann verður svo greiddur af þeim sem ekki geta leitað annað sem eru einstaklingar, smærri og meðalstór fyrirtæki. Í óbreyttu umhverfi bíða bankanna því miklar áskoranir og fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig til tekst að halda samskiptum arðsemi þess fjár sem er bundið í þeim og er eins og staðan er að tveimur þriðju hlutum í eigu ríkisins. Ef vilji er fyrir hendi gæti ríkið tekið til sín mikið fé til lækunar skulda eða annarra þjóðhagslega hagkvæmra verkefna.

**VERSLUNARTÆKNI**  
www.verslun.is



Allt fyrir verslanir



Allt fyrir vöruhús og lager




Allt fyrir veitingar



Allt fyrir stórhúð



Allt fyrir hótél



Allt fyrir öryggið

Allt hjá okkur

**VERSLUNARTÆKNI**  
www.verslun.is

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305  
verslun@verslun.is





## PRECOLD® - LAUSN GEGN KVEFI

**Vistor hf. kynnr:** PreCold® munnúði dregur úr líkum á kvefi og styttr tíma kvefeinkenna ef það er notað frá upphafi einkenna. PreCold® inniheldur virk náttúruleg sjávarensím og myndar verndandi filmu á slímhúðinni í kokinu.

PreCold® er munnúði sem notaður er gegn kvefi, til að draga úr einkennum kvefs og til að stytta tíma kvefeinkenna segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf. PreCold® munnúðinn er notaður í munnholi og koki þar sem kvefveiran tekur sér bólfestu og fjölgar sér. PreCold myndar verndandi filmu á slímhúðinni í kokinu. Filman, sem inniheldur virk náttúruleg sjávarensím, dregur úr getu veiranna til að bindast við slímhúðina í kokinu og fyrirbyggir þannig kvef.

PreCold® minnkar líkurnar á að smitast af kvefi og styttr tíma veikindanna ef það er notað frá upphafi kvefeinkenna.

### Hvernig á að nota PreCold®?

**PreCold® munnúðinn er auðveldur í notkun. Beinið stútnum að kokinu og úðið tvisvar.**

- Við kvefeinkennum: Notið PreCold® á 2-3 tíma fresti, u.þ.b. sex sinnum á dag þar til einkennum hverfa. Hafið samband við lækni ef kvefeinkennum vara lengur en í 10 daga.

- Fyrirbyggjandi við kvefi: Notið tvo úðaskammta þrisvar sinnum á dag, þó ekki lengur en 30 daga í senn.

### Fyrirbyggjandi notkun

Að sögn Guðnýjar er hægt að nota PreCold® fyrirbyggjandi ef aukin hættu er á kvefsmíti, t.d. ef þú ert innan um fólk með kvef eða ert að fara í flug. Ef nota á PreCold® fyrirbyggjandi er úðinn notaður þrisvar sinnum á dag.

### PreCold® fyrir alla fjölskylduna

PreCold® hefur staðbundin, skammvinn áhrif á yfirborð slímhúðarinnar í kokinu og stendur verkunin yfir í stuttan tíma. Því hentar PreCold® flestum s.s. börnum frá fjögurra ára aldri og öldruðum. Engar klínískar rannsóknir hafa verið gerðar á notkun



PreCold hefur staðbundin áhrif.

PreCold® á meðan á þungun eða brjóstgöf stendur svo ávallt skal ráðfæra sig við lækni fyrir notkun ef svo ber undir.

### PreCold® munnúðinn:

- Hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri
- Hefur staðbundna verkun í hálsi
- Er án sykurs og rotvarnarefna

### Klínísk rannsókn

Klínísk rannsókn\* sem framkvæmd var á Skåne-háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð leiddi í ljós að meðhöndlun með PreCold® blöndunni fækkaði kvefdögum að meðaltali úr 6,5 í 3 daga í samanburði við lyfleysu. Rannsóknin



sýndi einnig að veirum í koki fækkaði um 99% í hópnunum sem notaði PreCold® blönduna og að munnúðinn er öruggur til notkunar.


### Íslenskt hugvit

PreCold® er náttúruleg CE-merkt vara sem er skráð á Íslandi sem lækningatæki í flokki I og er íslenskt hugvit byggt á áralöngum rannsóknum.


PreCold® hefur verið selt í Evrópu undir vörumerkinu ColdZyme síðan 2012.

**PreCold® fæst í apótekum og í friðhöfninni. [www.precold.is](http://www.precold.is) [www.facebook.com/precold.is](https://www.facebook.com/precold.is)**

### Veirur í hálsi



### Veikindadagar



\*Clarsund M, Fornbacke M, Uller L, Alhström Emanuelsson C, 2014, Common Cold prophylaxis using ColdZyme mouth spray. Congress of the Nordic Association of Otolaryngology.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
National Museum of Iceland



Eftirgerðir af munum frá Skriðuklaustri, unnir af Inga í Sign. Hnappur 13.900 kr. Lykill 17.900 kr.

Óróar frá Laufbrauðssetrinu Verð 995 kr. – 1295 kr.



Jólapóstkort frá Þjóðminjasafni, margar gerðir 200 kr.

Vandaðar og endingargóðar ullarvörur fyrir börn frá As We Grow. Húfa: 6.495 kr. Treffill: 5.250 kr.



Minnisbók 2.495 kr. Safnbúðin



Jólalínan 2016 frá Heklu Kerti 1.995 kr. Servíettur 995 kr. Eldspýstokkur 750 kr.



Sérpakkad dökket súkkulaði 695 kr. Safnbúðin.



Falleg flát frá sveinbjörg.is Kaffibaukasett: 2.195 kr. Kókubox: 1995 kr.



Mikið úrval af vörum frá Hugrún - íslensk.is. Borðdregill úr hör og bómullarblöndu með mynstri frá sjónabók 8.995 kr.

Safnbúð Þjóðminjasafnsins

Fallegar gjafir á góðu verði



Jólatré 24.995 kr.

# BORGIN BREYTIST Í JÓLAÞORP

Á fyrsta degi aðventu á sunnudag breytist höfuðborgin í eitt stórt jólaþorp en þá verður kveikt á jólatrénu á Austurvelli. Starfsmenn Höfuðborgarstofu hafa lagt allt kapp á að útbúa skemmtilega jóladagskrá fyrir alla fjölskylduna og vonast til að sem flestir kíkji í miðborgina á aðventunni. Sönghópar, jólavættir og jólasveinar munu setja svip sinn á borgina.

**Elin Albertsdóttir**  
elin@365.is



Það er alltaf stór stund þegar kveikt er á jólatrénu á Austurvelli en það verður kl. 16 á sunnudag. Jólasveinar hafa venjulega ráfað til byggða þennan dag til að gleðja börnin þótt þeir eigi ekki að sjást fyrir en þrettán dögum fyrir jól. Að sögn Áshildar Bragadóttur, forstöðumanns Höfuðborgarstofu, hefst formleg jóladagskrá Reykjavíkurborgar þennan dag en alla laugardaga til jóla verður mikið um að vera í miðborginni. Kórar og ævintýrapersónur verða á kreiki með óvænta jólavíðburði og jólavættir koma sér fyrir á húsveggjum. Það er ratleikur sem allir geta tekið þátt í og er hægt að nálgast hann í Ráðhúsinu, Hafnarhúsinu og á Kjarvalsstöðum.

„Reykjavík hefur tvisvar verið tilnefnd sem jólaborg af fréttastöðinni CNN og ein af fimm jólaborgum í heiminum. Við tökum það hlutverk mjög alvarlega og höfum verið að byggja upp skemmtilegan jólabrag. Má þar nefna skautasvellið á Ingólfs-torgi sem er í samstarfi við Nova og verður nú í annað sinn. Skautasvellið setur mjög sterkan svip á mannlífið og jólastemningu í miðborginni og verður opið alla daga frá kl. 12-22. Jólaþorp rís í kringum svellið og þar verður hægt að kaupa sér mat og drykk. Jóla-skreytingar og jólatónlist sjá svo um að skapa rétta jólandann. Allir verslunar- og veitingahúsa eigendur taka þátt í að búa til þennan jólabla. Við höfumst handa við að skreyta borgina í byrjun nóvember og því verður lokið fyrir næsta sunnudag,“ segir Áshildur.

Hún segir að sérstaklega verði vandað til dagskrárinnar á Þorláksmessu. „Þá verðum við með litla sönghópa hér og þar um bæinn og verður sungið frá kl. 16 til 22. Grýla og Leppalúði, jólasveinar og alls kyns fígúrir munu setja svip á götur borgarinnar. Ég á von á mikilli jólastemningu,“ segir Áshildur. „Sjálf fór ég í bæinn allar helgar fyrir jólin í fyrra og hef sjaldan upplifað jafn mikið mannlíf. Ég er viss um að það gæti orðið enn meira þetta árið. Fólk er farið að átta sig á því að iðandi mannlífið í miðborginni er sambærilegt við



Skemmtilegar jólavættir verða á vegi vegfarenda sem kíkja í miðborgina fyrir jólin.

það sem gerist í stórborgum. Íslendingar eiga þátt í því en ekki síður ferðamennirnir sem setja sterkan svip á mannlífið. Við sem búum hér ættum að gera meira af því að vera ferðamenn í eigin borg og upplifa staði eins og Hallgrímskirkjuturn, Perluna, Hörpu og fleiri staði.“

Þess má geta að 35 jólatónleikar verða í Hörpu. Þá verður jóla-skógur í Ráðhúsinu eins og í fyrra og vegleg dagskrá í Árbæjarsafni á sunnudögum í desember. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta. Börn og fullorðnir dansa í kringum jólatréð og syngja vinsæl jólalög. Einnig breytist Laugardalurinn í jóladal í desember og hægt að heimsækja dýrin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, sjálfur jólakötturinn hefur svo komið sér vel fyrir í Húsdýragarðinum þar sem hann býr yfir jólin,“ segir Áshildur og bætir við að matarvagnar verði víða og hægt að kaupa ristaðar möndlur á Laugaveginum. „Þetta verður skemmtileg aðventa í miðborginni.“



Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, ásamt samstarfsmönnum sem komið hafa að undirbúningi jólanna í borginni.



Skautasvellið verður á sínum stað á Ingólfs-torgi.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson  
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357  
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



**Arctic star sæbjúgnahylki** innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA.** Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

**Arctic Star sæbjúgnahylki** Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

# MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI

FYLGIHLOTIR FYLGJA EKKI MEÐ

GETUM ENN AFGREITT LEGSTEINA FYRIR JÓL



NR. 116-5  
VERÐ KR. 209.000



NR. 2042  
VERÐ KR. 178.900



NR. 2046  
VERÐ KR. 251.900



NR. 2006 AURORA  
VERÐ KR. 245.900



NR. 104 SHANXI BLACK  
VERÐ KR. 325.900



NR. 113 PARADISO  
VERÐ KR. 285.900



NR. 2021  
VERÐ KR. 294.900




NR. GS-1002  
VERÐ KR. 589.000



NR. 118 PARADISO  
VERÐ KR. 305.900



STÆRÐ  
H. 27 CM.  
BR. 30 CM.



VERÐ KR. 79.900,-  
INNIFALIN ÁLETRUN.

## GÆLUDÝRASTEINAR

## ÁLETRUN OG UPPSETNING

## ERU INNIFALIN Í OKKAR VERÐUM

AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



BÆJARHRAUNI 26,  
HAFNARFIRÐI

**Graníthöllin**  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS

## HVENÆR KVIKNA LJÓSIN?

- **Hafnarfjörður** Kveikt verður á ljósum jólatrésins á Thorsplani klukkan 18.30 á föstudaginn 25. nóvember í tengslum við opnun Jólaborps Hafnarfjarðar.
- **Kópavogur** Aðventuhátíð Kópavogs verður haldin um helgina. Laugardaginn 26. nóvember verða tendruð ljós á jólatré Kópavogs-bæjar við menningarhúsin og boðið upp á skemmtilega dagskrá bæði úti og inni.
- **Álftanes** Ljósín á jólatrénu á Álftanesi verða tendruð fyrir utan íþróttamiðstöðina klukkan 16.15 á laugardaginn.
- **Reykjavíkurhöfn** Ljósín á Hamborgartrénu verða kveikt í 52. sinn á Miðbakknum við Reykjavíkurhöfn klukkan 17 á laugardag. Þetta er í 52. skiptið sem góðir vinir í Hamborg senda jólatré til Reykjavíkurhafnar en fyrsta tréð kom árið 1965.
- **Mosfellsbær** Kveikt verður á jólatré Mosfellsbæjar klukkan 16 á laugardaginn á Miðbæjartorginu. Jólásveinar koma ofan úr Esju þennan dag í heimsókn að venju og dansa í kringum tréð með börnunum.
- **Reykjavík** Ljósín á Óslóartrénu verða tendruð klukkan 16 á sunnudag við hátíðlega athöfn á Austurvelli. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur jólatónlist frá klukkan 15.30. Salka Sól og Valdimar flytja falleg jóla-lög og jólásveinar stelast til byggða. Órói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra prýðir Óslóartréð. Rauði krossinn verður með sölu á kaffi og heitu kakói.



Kveikt verður á ljósum jólatrjáa í flestum bæjarfélögum um helgina.  
MYND/VILHELM



Fjöldi jólamarkaða verður opnaður um næstu helgi en það er sú fyrsta í aðventu. NORDICPHOTOS/GETTY

# LJÓSIN TENDRUÐ UM BORG OG BÝ

Jólin eru að skella á af fullum þunga enda fyrsti í aðventu á sunnudag. Bæjarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og víðar munu tendra ljósín á jólatrjám sínum og opnaðir verða skemmtilegir jólamarkaðir um helgina sem gaman er að heimsækja til að fá jólin í æð.

### JÓLABORPIÐ Í HAFNARFIRÐI

Jólaborp Hafnarfjarðar verður opnað í fjórtánda sinn föstudaginn 25. nóvember með fjölbreyttri dagskrá á Thorsplani sem Felix Bergsson stýrir. Gestir Jólaborpsins í ár geta gengið á milli sautján sölubása þar sem meðal annars verður boðið upp á fjölbreytta og fallega íslenska hönnun og handverk. Matarvagnar verða einnig á svæðinu.

### JÓLABASAR Í KATTHOLTI

Hinn árlegi jólabasar Kattavinafélags Íslands verður haldinn laugardaginn 26. nóvember frá klukkan 11 til 16 í Kattholti, Stangarhyl 2. Á boðstólum verða fallegir munir er tengjast jölunum s.s. jólakort, merkisþjöld, jólapappír, jólaskraut, handverk, handunnin kerti og kramarhús ásamt hefðbundnu basardóti. Á basarnum verður einnig til sölu dagatal ársins 2017 og handgert kisu-skraut, hannað til styrktar starfinu. Einnig kisu-tengdur varningur eins og kattastyttur, skartgripir og úr, peningabuddur og veski, klútar og fleira. Gestir markaðarins geta einnig skoðað sætar kisu sem eiga það sameiginlegt að þrá að eignast ný og góð heimili.

### JÓLABASAR RAUÐA KROSSINS

Jólabasar Kvinnadeildar Rauða krossins í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 26. nóvember frá klukkan 13 til 16 í húsi Rauða krossins að Efstaleiti 9. Á boðstólum verða fallegar handunnar þrjónavörur, munir sem tengjast jölunum og heimabakaðar gómsætar tertur. Allur ágóði af sölunni rennur óskiptur til hjálpar- og manúðarstarfs innanlands.

### BASAR KFUK

Basar KFUK verður haldinn laugardaginn 26. nóvember frá klukkan 14 til 17 í félagsheimili KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28 í Reykjavík. Basar KFUK hefur verið fastur liður í upphafi aðventu í Reykjavík í ríflega 100 ár. Þar er að finna fallegt og vand-



Jólásveinar munu víða stinga inn nefi sínu um helgina.

NORDICPHOTOS/GETTY

að handverk KFUK-kvenna, og ýmislegt ljúffengt góðgæti sem þær hafa bakað af kunnri færni.

### FLÓAMARKAÐUR KVENNA-KÓRS HAFNARFJARÐAR

Kvennakór Hafnarfjarðar heldur sinn árlega flóamarkað laugardaginn 26. nóvember í sal Samfylkingarinnar við Strandgötu 43 í Hafnarfirði. Á boðstólum verður m.a. fatnaður, skór, leikföng og margt annað sem prýðir góðan flóamarkað. Einnig verða kórkonur með tertur til sölu og ýmislegt annað góðgæti með kaffinu.

### JÓLAMARKAÐURINN Á ELLIÐAVATNI

Árlegur handverks- og hönnunarmarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur verður opinn allar aðventuhelgar frá 11-16. Íslensk jólatré og tröpputré til sölu. Auk markaðs og jólatréssölu er barnastund í Rjóðrinu á hverjum helgardegi kl. 14, þar sem lesið er úr barnabók við varðeld og jóla-sveinninn kemur við. Upplstrar og tónlistarflutningur á kaffistofu, harmóníkuleikur, kórar og alltaf heitt á könnunni. Keyrt er inn í Heiðmörk við Rauðhóla.

ANY GIVEN  
WEDNESDAY  
WITH BILL SIMMONS

VIKULEGUR SPJALLPÁTTUR UM ÍPRÓTTIR,  
DÆGURMÁL, LISTIR OG MARGT FLEIRA.  
ÖLL MIÐVIKUDAGSKVÖLD Á STÖÐ 2 SPORT

SPORT

besta sætið

# Thanksgiving

24. nóvember

Char-Broil®

AÐEINS  
**39.990 kr.**

**27% afsláttur**

Fullt verð 54.990 kr.

## Þakkargjörðardagurinn er á morgun!

- » Glæsilegt grilltilboð fyrir þau sem ætla að halda upp á þakkargjörðardaginn að amerískum sið.
- » Gerðu góða veislu enn gómsætari.
- » **Char Broil Big Easy**

Með **Big Easy** grillinu getur þú reykt, steikt og grillað árið um kring – í hvaða veðri sem er. Taktu enga áhættu – kalkúninn getur ekki klikkað á **Big Easy** grillinu.


„Mmm ... verði þér að góðu.“

**Big Easy** grillinu fylgir steikingarkarfa sem er tilvalin undir kalkúninn.

**Frí** samsetning & **Frí** heimsending

\* Gildir til miðnættis á fimmtudaginn.

Rétt **áhöld** og fallegur **borðbúnaður** fullkomna veisluna.



Stærsta íslenska vefverslunin  
Frí heimsending ef verslað er fyrir 4.000 eða meira  
Sendum samdægurs alla daga!

HEIMKAUP

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700

## BÍLAR & FARARTÆKI

### 100bilar.is



Volvo V60 new business, 13/2013, ek 85 þús km, dísel, sjk, tilbodsverð 3.650 þús, er á staðnum, raðnr 151802.



Nissan E-NV200, 10/2014, ek 5 þús km, rafmagnsknúinn, klæðning í gólfi, 2 hliðarhurðar, verð 2.650 þús, er á staðnum, raðnr 152555

100 bílar ehf  
Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15  
www.100bilar.is

### Bilaplan.is



TOYOTA Avensis wagon sol. Árgerð 2003, ekinn 210 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 670.000. Rnr.107580.á staðnum



BMW 5 530 dat. Árgerð 2007, ekinn 210 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboð 2.990.000. Rnr.107624.



TOYOTA Hilux gx. Árgerð 2016, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 7.040.000. Rnr.107684.á staðnum

Bilaplan.is  
Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík  
Sími: 552 6000  
Opíð 10 - 18 virka daga og 12 - 15 laugard.  
www.bilaplan.is

### NÝJA BÍLAHÖLLIN



PORSCHE Macan s diesel. Árgerð 2014, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Verð 8.990.000. Umboðsbíll 1 eigandi eins og nýr Rnr.115373.



HYUNDAI i10 gl. Árgerð 2013, ekinn 58 Þ.KM, bensín, 5 girar. TILBOÐ 990.000. Ásett verð 1.290.000 Rnr.330702.



MERCEDES-BENZ M1 350. Árgerð 2006, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 2.290.000. Ásett verð 2.950.000 Rnr.113013.

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.nyja.is

### BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



JEEP Patriot sport 4wd. Árgerð 2014, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. ISOFIX festingar. Verð 3.390.000. Rnr.151676.



TOYOTA Land cruiser 120 gx 32" diesel. Árgerð 2006, ekinn 149 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Ný ryðvarinn. Breyttur 33". Mjög gott eintak. Dráttarkrókur. Verð 3.790.000. Rnr.151677.



TOYOTA Hilux d/c, sr 3.1 33". Árgerð 2015, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Gluggahlífar. Bakkmyndavél. Verð 7.750.000. Rnr.151641.

Bílahöllin  
Bíldshöfða 5, 112 Rvk  
Sími: 567 4949  
www.bilahollin.is

### KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

### VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.  
Vaka  
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík  
Sími: 567 6700  
24 tíma þjónusta  
http://www.vakahf.is

### MAGNÚSSON



Opíð: 10 -18 alla virka daga.  
VW Crafter 30 . Árgerð 4/2013, ekinn 103 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.880.000 + VSK . Rnr.101282.


Magnússon.is  
Gilsbúð 3, 210 Garðabæ  
Sími: 517 9500  
www.magnusson.is

### Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### 0-600 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoðað allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027



# TILBOÐSBÍLAR DAGLEGA



ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BOÐI



**DACIA Duster 4x4.**  
Árgerð 2014, ekinn 97 Þ.KM, dísel, 6 girar. **Verð 2.830.000.**  
Rnr.106818.



**BMW X1 xdrive18d.**  
Árgerð 2016, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.550.000.**  
Rnr.260027.



**BMW 5 520i.**  
Árgerð 2004, ekinn 192 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.490.000.**  
Rnr.270026.



**NISSAN Note.**  
Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, 5 girar. **Verð 2.290.000.**  
Rnr.130530.



**NISSAN Note visia.**  
Árgerð 2011, ekinn 144 Þ.KM, bensín, 5 girar. **Verð 990.000.**  
Rnr.260036.



**NISSAN Pulsar.**  
Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, 6 girar. **Verð 2.790.000.**  
Rnr.260005.



**NISSAN Pulsar tekna**  
nýr bíll . Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, 6 girar. **Verð 2.990.000.**  
Rnr.260006.



**NISSAN Qashqai.**  
Árgerð 2016, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.790.000.**  
Rnr.130574.



**NISSAN Qashqai**  
tekna nýr bíll . Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, 6 girar. **Verð 4.990.000.**  
Rnr.197611.




**RENAULT Clio expression sport**  
tourer.  
Árgerð 2014, ekinn 52 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.190.000.**  
Rnr.197593.



**RENAULT Megane.**  
Árgerð 2016, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.290.000.**  
Rnr.130500.



**SUBARU Forester.**  
Árgerð 2016, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.790.000.**  
Rnr.106618.



**SUBARU Legacy outback** .  
Árgerð 2016, ekinn 32 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 5.550.000.**  
Rnr.270030.

# bíll.is

bestir í bílum...

Opnunartímar: Mán – fös 9-18 • Lau. 12-16 • Sun. Lokað  
Malarhöfði 2a, 110 Rvk. - www.bill.is - Sími 577 3777

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BOÐI







# Finnst góður andi ríkja á Íslandi

Nýr portúgalskur stjórnandi hefur hafið störf hjá Icelandair. Hann er þjálfður flugmaður og hefur unnið í stjórnun síðustu árin, síðast hjá Alþjóðasamtökum flugfélaga. Hann sér vaxtartækifæri hjá Icelandair. Hann bjó í Kanada og segir íslenska kuldann ekki vandamál.

## SVIPMYND

MARIO CHAVES

„Ég er mjög spenntur fyrir þessari vinnu. Ég vona að ég leggi eins mikið af mörkum og ég get til að auka vöxt Icelandair. Það er von mín að við öll getum bætt og aukið aðdráttar- afl Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn og viðskipti,“ segir Mario Chaves. Hann tók á dögunum við nýrri yfirmannsstöðu hjá Icelandair.

Mario heyrir beint undir framkvæmdastjóra framleiðsluviðs og mun sinna umbóta- og hagræðingarkerfum sem einkum snúa að rekstri leiðakerfisins og stöðvarekstrinum á Keflavíkurflugvelli.

Mario hefur unnið talsvert fyrir Icelandair sem ráðgjafi undanfarið eitt og hálf ár. Hann er frá Portúgal og starfaði sem flugstjóri hjá TAP-Air Portugal þar til hann hóf störf hjá Alþjóðasamtökum flugfélaga, IATA, í Montréal árið 2013. Verkefni hans hjá IATA var að vera flugfélögum til ráðgjafar um hagræðingu og umbætur á sviði flugrekstrar auk þess sem hann starfaði sem málsvári flugfélaga gagnvart Alþjóðaflugmála- stofnuninni.

„Ég er þjálfður flugmaður en þegar ég þurfti að hætta að fljúga fyrir nokkrum árum fór ég yfir á stjórnendahlíðina í fluginu. Ég er menntaður stærðfræðingur en ferill minn hefur tengst flugi,“ segir Mario. Í nýju starfi mun Mario að eigin

●● Mér finnst ég vera mjög velkominn hér. Fólkið er frábært og mjög hjálpsamlegt.

sögn sinna hjarta flugfélagsins. „Ekki einungis í Keflavík heldur einnig úti um allan heim. Ég mun kanna leiðir til að auka skilvirkni og áreiðanleika. Í raun og veru er starfið framhald af ráðgjafarstarfi mínu.“

Mario flutti til Íslands fyrir mánuði og list vel á landið. „Mér finnst ég vera mjög velkominn hér. Fólkið er frábært og mjög hjálpsamlegt. Ég er Evrópumaður en kem héðan frá Bandaríkjunum og Kanada, þannig að kuldinn er ekki vandamál,“ segir hann kíminn. „Ég hef fundið fyrir góðum anda hjá Icelandair, sem og á Íslandi.“

Mario telur að mikil tækifæri séu fyrir vöxt á flugmarkaðnum hér á landi. „Viðskiptaáætlun Icelandair er góð, hún er mjög metnaðarfull en það verður mögulegt að hrinda henni í framkvæmd. Ég held að hún sé bæði til góðs fyrir flugfélagið og fyrir Ísland.“

Að mati Mario einkenna sömu vandamál og hindranir markaðinn hér á landi og annars staðar. „Þegar vöxturinn er ör eru alltaf einhverjar áskoranir, en einnig tækifæri. Við þurfum auðvitað öll að vinna saman að þessu. En ég sé ekki neinar hindranir í starfinu sem ég hef ekki séð áður.“ saeunn@frettabladid.is



Mario Chaves flutti nýverið til Íslands og segist hafa fengið hlýjar viðtökur hjá Icelandair og hjá Íslendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Tekjur sjávarútvegsfélaga námu 275 milljörðum

Tekjur sjávarútvegsfélaga á árinu 2015 námu 275 milljörðum króna og jukust um 9 milljarða króna á föstu verðlagi eða um 3,3 prósent. Skýrist þessi vöxtur í tekjum af auknum lodnuveiðum og auknu verðmæti þorskaflans vegna verðhækkunar á erlendum mörkuðum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Íslandsbanka um íslenskan sjávarútveg.

Útflutt magn sjávarafurða á árinu 2015 nam tæpum 632 þúsund tonn- um og er það um þremur prósentum minna en árið 2014 og 83 þúsund tonn- um undir langtímameðaltali. Þessi samdráttur í útflutningi sjávar- afurða milli ára skýrist einna helst af viðskiptabanni Rússlands. Þrátt fyrir þetta nam verðmæti útflutnings á árinu 2015 um 265 milljörðum króna sem er tæpum 17 milljörðum króna meira (7 prósent) en á árinu 2014 miðað við verðlag ársins 2015.

Meðal helstu atriða í skýrslunni er að Ísland situr í 20. sæti á lista yfir stærstu fiskveiðipjóðir heims miðað við árið 2014 með um 1,4 prósentu hlutdeild á heimsvísu. Ísland hefur færst neðar á þessum lista síðustu ár þar sem aðrar þjóðir hafa aukið veiðar sínar umfram Ísland.

Talið er að útflutningur sjávar- afurða muni taka við sér á seinni helmingi ársins, ekki síst vegna auk- inna aflaheimilda í þorski. Spáð er að útflutningur muni dragast saman um eitt prósent á árinu 2016 en gert er ráð fyrir riflega fjögurra prósentu aukningu í útflutningi sjávarafurða á árinu 2017.

Þorskur er enn langstærstur þegar kemur að aflaverðmæti og nam afla- verðmæti hans tæpum 61 milljarði króna á árinu 2015 eða sem nemur 40,3 prósentum af heildarverðmæti aflans. –sg

## Fjölskyldufyrirtæki til sölu - einstakt tækifæri!

Um er að ræða afar vel rekið fjölskyldufyrirtæki í eigin húsnæði á frábærum stað í Reykjavík. Fyrirtækið selur eigin framleiðslu og vörur til fyrirtækja og einstaklinga.

Fyrirtækið er með sterk viðskiptasambönd, eigin innflutning og góðar og stöðugar arðgreiðslur. Sömu eigendur frá upphafi hátt í tvo áratugi.

Vaxandi velta og miklir vaxtamöguleikar.

Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu að undangenginni undirskrift trúnaðaryfirlýsingar.

Áhugasamir hafi samband við Kristberg Snjólfsson aðstoðarmann fasteignasala í síma 892 1931 eða kristberg@hollfasteignasala.is



Kristberg Snjólfsson  
aðstoðarmaður fasteignasala




Elías Haraldsson  
Löggitur fasteignasali

# Sumir eru með puttana í eyrunum.

Aðrir á púlsinum.

**GALLUP**  
TIL AÐ VERA VISS



## Nýsköpun

Helgi Þorsteinsson  
meðstofnandi  
Noted

## Hjálpa nemendum að hjálpast að

Nú eru miklar framfarir á flestum sviðum og sprotafyrirtæki spretta upp sem aldrei fyrr. Tækniþróunin er gífurleg en ekki eru allir sem nýta sér nýjustu tækni. Menntun er eitt svið þar sem nýting tækni er æði misjöfn og því mörg tækifæri á því sviði.

Noted er eitt þeirra fyrirtækja sem hyggjast nýta sér þau tækifæri. Markmið Noted er að hjálpa nemendum að hjálpast að við nám. Margir nemendur stunda vinnu samhliða námi og komast því ekki í alla tíma auk þess sem fleiri stunda nám en áður fyrr.

Staðreyndin er sú að það er mun meiri samkeppni í námi en áður var og á flestum sviðum auka tækni framfarir úrval náms-efnis. Nú, sem aldrei fyrr, er mikilvægt að draga saman aðalatriðin og nota góðar glósur til að ná betri árangri.

Noted er heimasíða þar sem framúrskarandi nemendur geta sett inn sínar glósur undir nafni og munu aðrir nemendur geta keypt þær þar. Stofnendur Noted eru þeir Erwin Szudrawski, B.S. í vélaverkfræði, Snæbjörn Hersir Snæbjörnsson, B.S. í hugbúnaðarverkfræði og Helgi Þorsteins-son lögfræðingur.

Verkefnið hófst seint á síðasta ári og var hugmyndin ein af þeim 10 sem valdar voru til að taka þátt í úrslitum Gulleggsins. Síðastliðið sumar tók Noted svo þátt í Startup Reykjavík og var þá stofnað fyrirtæki um verkefnið. Sumarið var nýtt til að þróa hugbúnaðinn og fínþússa markaðsáætlun. Heimasíða Noted er nú þegar komin í loftið og eru nemendur byrjaðir að hlada inn glósum og kaupa hver af öðrum. Noted hefur lagt upp með að hanna heimasíðu sína í samráði við alla hagsmunaaðila, þar á meðal skólafyrirvöld og nemendafélög.

Fyrirtækið ætlar að sannreyna vöruna á Íslandsmarkaði áður en það fer í útrás til Skandinavíu þar sem menntakerfið og lagakerfið er mjög sambærilegt.



**Staðreyndin er sú að það er mun meiri samkeppni í námi en áður var og á flestum sviðum auka tækni framfarir úrval náms-efnis. Nú, sem aldrei fyrr er mikilvægt að draga saman aðalatriðin og nota góðar glósur til að ná betri árangri.**



## Hin hliðin

Heiðrún Lind  
Marteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri  
SFS

Hinn 3. október sl. kom út ítarleg skýrsla í Færeyjum, sem unnin var að skipan sjávarútvegssráðherra Færeyja, vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á fiskveiðistjórnunarkerfi Færeyinga. Skýrslan var unnin af níu manna nefnd, sem falið var að leggja fram tillögur að betrubótum á færeyskri fiskveiðistjórnun. Skýrsla þessi er fyrir marga hluta sakir áhugaverð, sér í

## Uppskerutið hjá sýrlenskum bændum



Sýrlenskir bændur sinna störfum sínum við ólífuoliugerð á uppskerutið í Harasta-héraði í Damaskus. Bændurnir þurfa að mestu leyti að vinna með höndunum núna eftir að loftárásir eyðilögðu nærri helminginn af ólífuoliuverksmiðjunni á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Fullkomin afsökun Trumps fyrir verndarstefnu



## Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Það er erfitt að finna góð hagfræðileg rök fyrir verndarstefnu. Hagfræðingar hafa vitað þetta að minnsta kosti síðan Adam Smith skrifaði Auðlegð þjóðanna 1776. Það hefur hins vegar ekki komið í veg fyrir að nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, Donald Trump, hafi lagt fram verndarstefnu sína. Kjarninn í verndarstefnunum Trumps er sú hugmynd að viðskipti séu í eðli sínu jafnvirðisleikur. Öfugt við hefðbundna hagfræðilega hugsun, sem sér viðskipti sem hag beggja aðila, talar Trump um viðskipti út frá hugmyndinni um sigurvegara og

tapara. Þetta þýðir að Trump aðhyllist í raun kaupauðgisstefnu þar sem auðlegð þjóðar er mæld eftir því hve mikið landið flytur út í samanburði við innflutning. Þess vegna má búast við því að stjórn Trumps muni fylgjast sérstaklega með viðskiptahalla Bandaríkjanna og ef viðskiptahallinn eykst er líklegt að Trump kenni löndum eins og Mexíkó og Kína um það.

**Stefnublanda Yellen og Trumps mun stórauka viðskiptahallann** Þversögnin er sú að eigin stefna Trumps – sérstaklega fyrirhugaðar skattalækkanir og miklar fjárfestingar ríkisins í innviðum – ásamt líklegum viðbrögðum Seðlabankans við þenslu í ríkisfjármálum (hærrí vextir) er í sjálfu sér líkleg til að auka viðskiptahalla Bandaríkjanna. Þannig mun þensla í ríkisfjármálum valda aukinni eftirspurn innanlands sem aftur leiðir til meiri innflutnings. Auk þess höfum við þegar séð dollarinn hressast í kjölfar kosningasigurs Donalds Trump þar sem markaðirnir reikna með ákveðnari vaxtahækkunum hjá Seðlabankanum til að halda aftur af „Trumpbólguþrýstingi“. Styrking

dollarsins mun enn draga úr samkeppnishæfni Bandaríkjanna og auka enn á viðskiptahallann.

Auk þess hefur styrking dollarsins og óttinn við bandaríska verndarstefnu nú þegar valdið því að flestir nýmarkaðsgjaldmiðlar – þar á meðal kínverska renminbi og mexíkóski pesóinn – hafa veikt gagnvart Bandaríkjadollar.

**Hin fullkomna afsökun**

Donald Trump hefur þegar sagt að hann vilji að fjármálaráðuneytið skilgreini Kína sem gengisfalsara því hann telur að Kínverjar haldi gengi renminbi óeðlilega lágu gagnvart dollarnum til að ná „ósanngjörnu“ forskoti í viðskiptum við Bandaríkin.

Ög brátt mun hann hafa „sönnunina“ – viðskiptahalli Bandaríkjanna blæs út, útflutningur Kínverja til Bandaríkjanna eykst og renminbi heldur áfram að veikjast. Hins vegar myndu allir hagfræðingar auðvitað vita að þetta væri ekki afleiðing gengisstefnu Kínverja heldur bein afleiðing Trump-hagfræðinnar, nánar tiltekið fyrirhugaðrar þenslu í ríkisfjármálum. En það er ólíklegt að Trump hlusti á það.

Það er greinilegt bergmál frá 9. áratugnum hérna. Skattalækkanir Reagans og aukin útgjöld til hernaðarmála ollu einnig „tvöföldum halla“ – meiri fjárlagahalla og auknum viðskiptahalla, og þótt Reagan hafi sannarlega ekki verið verndarsinni á sama hátt og Trump þá beygði hann sig engu að síður fyrir pólitískum þrýstingi heima fyrir og þrýstingi frá bandarískum útflytjendum. Á meðan hann sat í embætti var margvíslegur innflutningskvótum og tollum komið á, aðallega til að draga úr innflutningi til Bandaríkjanna frá Japan. Því miður virðist Trump áfjádur í að taka upp þessa misheppnuðu stefnu.

Loks skal þess getið að 1985 tók svokallað Plaza-samkomulag gildi, sem neyddi Japani til að leyfa jeninu að styrkjast verulega (og dollarnum að veikjast). Plaza-samkomulagið stuðlaði vafalaust að verðhjöðunarkreppunni í Japan sem hefur í raun verið viðvarandi fram á þennan dag. Maður óttast að nýtt Plaza-samkomulag, sem myndi styrkja renminbi og valda því að kínverska hagkerfið lenti í kreppu, sé blautur draumur Trumps.

## Tilraunir eru ekki ávísun á árangur

lagi vegna umræðu sem skapaðist hér á landi í aðdraganda alþingiskosninga og varðaði tilraunir Færeyinga með uppboð aflaheimilda. Áhersla á svo takmarkaðan þátt gjaldtöku í annars umsvifamiklu kerfi fiskveiðistjórnunar er varhugaverð. Fiskveiðistjórnun og gjaldtöku þarf að skoða í heildarsamhengi.

Ólíkar leiðir við stjórn fiskveiða fela í sér ólíka hvata til verðmætasköpunar. Íslendingar hafa stýrt veiðum með aflamarkskerfi en Færeyingar með sóknardagakerfi. Á þessum kerfum er reginmunur. Á Íslandi er ástand þorskstofnsins gott, hrygningarstofninn er á uppleið og hefur ekki

verið stærri í hálfu öld. Í Færeyjum er staðan hins vegar sú að þorskstofninn er í mikilli lægð og stærð hrygningarstofnsins hefur verið við varúðarmörk síðan árið 2005. Af þessu má leiða að skilvirk skipulagsumgjörð sjávarútvegs hér á landi, ásamt framtaki og frumkvæði íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, hefur gert íslenskan sjávarútveg bæði sjálfbæran og arðbæran. Því miður hefur Færeyingum ekki tekist jafn vel upp.

Í færeysku skýrslunni er lagt til að horfið sé frá sóknardagakerfi og þess í stað innleitt aflamarkskerfi. Er íslenska kerfið þar sérstaklega nefnt sem góð fyrirmynd. Þegar Færeyingar

hafa komið sér upp skilvirkri skipulagsumgjörð er gjaldtaka fyrst orðin raunhæf. Þannig skal á það bent að engin gjaldtaka hefur verið í Færeyjum vegna veiða úr fiskistofnum á heimamíðum. Stafar þetta af þeim vandkvæðum sem áður voru nefnd.

Tilraunir þær sem Færeyingar framkvæmdu í sumar á uppboði aflaheimilda verða sökum þessa að skodast sem slíkar. Þær eru hluti af heildar-endurskoðun kerfis sem hefur gengið sér til húðar. Það kann að vera eðlilegt í því samhengi að gera tilraunir með ólík form gjaldtöku, þ. á m. uppboð. Við Íslendingar eigum að fylgjast með framvindu þessara mála þar í landi.

Ekkert kerfi er fullkomið og við eigum ávallt að leita leiða til að gera hið íslenska enn betra. Það tók hins vegar tíma að byggja upp skilvirkt kerfi og sú vegferð var ekki sársaukalaus. Okkur ber því að sýna ábyrgð og ígrunda vel þær leiðir sem kunna að verða farnar annars staðar í heiminum. Sjávarútvegur er einn grundvallarvitinnuvegur þjóðarinnar, fiskistofnar eru viðkvæmir og reynsla annarra þjóða hefur sýnt okkur að skilvirkt og sjálfbært kerfi er síður en svo auðsött. Það væri því misráðið að stökkva á nýlega framkvæmdar uppboðstilraunir Færeyinga, þegar enn liggur ekkert fyrir um afrakstur eða afleiðingar þeirra.

STYTTUM  
| SVARTNÆTTIÐ!



# Takk

Fyrir að hjálpa okkur  
að stytta svartnættið!

Síðastliðinn föstudag söfnuðust í átaki Stígamóta **60.386.000 kr.** Hver króna fer í að bæta þjónustuna og við erum þegar farin að undirbúa þau brýnu verkefni sem ráðist verður í.

Fjöldi fólks kom að átakinu. Listafólk gaf vinnu sína, Stígamótafólk deildi sögum sínum og sjálfboðaliðar mönnum símaverið. Eins viljum við þakka auglýsingastofunni PIPAR\TBWA og 365 miðlum samstarfið, ásamt öllum þeim sem lögðu hönd á plóg.

Við erum hrærð og óendanlega þakklát fyrir stuðning ykkar sem gerir okkur kleift að ná til fleiri hópa, þjónusta fleiri staði og auka fræðslu og vitundarvakningu.

**Takk fyrir stuðninginn!**

Starfsfólk Stígamóta

## Yfirmaður stefnu-mörkunar

Kerecis hefur ráðið Mark Maghie sem yfirmann stefnu-mörkunar og samninga (Director of Strategic Development & Legal Affairs). Mark flutti nýverið til Íslands frá Seattle þar sem hann starfaði í yfir 30 ár sem lögmaður á sviði samruna- og fyrirtækjalöggjafar. Mark er menntaður sem lögfræðingur frá Vanderbilt University og sagnfræðingur frá A.B. Duke University. Mark er kvæntur Julie Anne Barbo og búa þau á Íslandi með syni sínum, Tom Barbo Maghie.



Mark Maghie

## 10,4%

HÆKKUN

Launavisitala í október 2016 er 588,3 stig samkvæmt tölum Hagstofunnar og hækkaði um 0,3 prósent frá fyrri mánuði. Síðastliðið ár hefur launavisitalan hækkað um 10,4 prósent. Visitala kaupmáttar launa í október 2016 er 137,6 stig og hækkaði um 0,3 prósent frá fyrri mánuði. Síðustu ár hefur visitalan hækkað um 8,5 prósent.

## 4,4

MILLJARÐA HAGNAÐUR

Flugfélagið WOW air hagnaðist um 4,4 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 1,5 milljarða króna hagnað árið 2015. Tekjur á tímabilinu námu 27 milljörðum króna sem er 105 prósent aukning miðað við sama tímabil árið 2015. Rekstrarhagnaður án afskrifta á tímabilinu (EBITDA) var 5,9 milljarðar króna.

21.11.2016

Ef þetta er niðurstaðan þá er hættu á því að búið sé að víkja, að hluta til og að verulegu leyti, til hliðar þeirri réttarvernd sem bannið við misnotkun á markaðs-ráðandi stöðu veitir bæði minni fyrirtækjum og neytendum og bændum á þessu sviði.

Páll Gunnar Pálsson



## Breytingar hjá Samkaupum

Þrjú fyrrverandi forstöðumenn hafa tekið við nýjum framkvæmdastjórastöðum hjá Samkaupum í kjölfar skipulagsbreytinga.

**Gunnar Egill Sigurðsson** er nýr framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa. Undir hann heyra nú, auk reksturs allra verslana Samkaupa, markaðsmál og starfsmannamál. Hann er viðskiptafræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og stundaði einnig nám við Otaru University of Commerce í Japan. Í dag er Gunnar í MBA-námi við Babson College í Boston. Gunnar hefur starfað hjá Samkaupum frá árinu 2003 og verið forstöðumaður verslunarsviðs Samkaupa síðan 2008.



Gunnar Egill Sigurðsson

**Stefán Ragnar Guðjónsson** er framkvæmdastjóri innkaupasviðs Samkaupa. Hann er viðskiptafræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og stundar í dag MBA-nám við Stirling University í Skotlandi. Stefán hóf ungur störf sem almennur starfsmaður í verslunum Samkaupa. Stefán hefur verið forstöðumaður innkaupa- og markaðssviðs Samkaupa síðan árið 2007.



Stefán Ragnar Guðjónsson

**Brynjar Steinarsson** er framkvæmdastjóri fjármálsviðs Samkaupa. Undir hann munu heyra fjármál, upplýsingatækni og rekstur skrifstofu. Brynjar er viðskiptafræðingur frá háskólanum í Kristiansand auk þess að vera útskrifaður sem kerfisfræðingur frá Viðskiptaháskólanum í Árósum. Hann var skrifstofustjóri Kaupfélags Suðurnesja og starfaði við endurskoðun hjá Ernst & Young í Norgei. Brynjar hefur verið forstöðumaður fjármálsviðs Samkaupa síðan 2010.



Brynjar Steinarsson

Eldborg, Hörpu

4. desember kl. 20:00

**Jólatónleikar**

**Boney M.**

með söngdívunni Liz Mitchell

Hooray! Hooray! It's a Holi-Holiday  
Rivers of Babylon  
Daddy Cool  
Mary's Boy Child  
Rasputin

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins heimsækir Hörpu á aðventunni. Með í för er sjálf söngdívun Liz Mitchell. Það er óhætt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smelliðir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

Miðasala er hafin á [tix.is](http://tix.is), [harpa.is](http://harpa.is) og í síma 528 5050.

DÆGURFLUGAN

HARPA

ÚTSÖLUMARKAÐUR ÚTILÍFS Í GLÆSIBÆ

30-70%  
AFSLÁTTUR

---

ÍPRÓTTAFATNAÐUR | ÍPRÓTTASKÓR | BARNAFATNAÐUR  
BARNASKÓR | ÚLPUR | REIÐHJÓL | ÚTIVISTARFATNAÐUR

---



KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

ÓPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12-18 OG LAUGARDAGA 12-16

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1648** Krýning Friðriks 3. fór fram í Danmörku.  
**1688** 1.500 fylgjendur Gamla siðar brenndu sig lífandi til að komast hjá handtöku þegar her Rússakeisara settist um klaustur þeirra við Onegavatn.  
**1700** Giovanni Francesco Albani varð Klemens 11. páfi.  
**1838** Vigður var nýr kirkjugarður í Reykjavík, Hólavallagarður við Suðurgötu.  
**1916** Karlakór KFUM var stofnaður. Siðar var nafni hans breytt í Karlakórinn Fóstbræður.  
**1947** Tyrone Power kvikmyndaleikari kom við á Íslandi og vakti heimsóknin mikla athygli.  
**1990** Örn og Örlygur gáfu út Íslensku alfræðiorðabókina, en hún var með 37 þúsund uppflettorðum.  
**2010** Norðurkóreski herinn gerði stórskotaárás á suðurkóresku eyjuna Yeonpyeong.

## Hafði ekki allan tíma í heiminum eins og áður

Eliza Newman hefur sent frá sér nýja plötu sem ber titilinn Straumhvörf. Á plötunni fer hún um víðan völl en það má kannski segja að það endurspegli tónlistarferil hennar. Þetta er hennar fjórða sólóplata en tíunda platan sem hún sendir frá sér í heildina.

Margir muna eftir hlóm-sveitinni Kolrössu krókriðandi sem kom, sá og sigraði í Músíktíraunum hér um árið. Eliza Newman kom þar fyrst fram á sjónarsviðið og hefur alla tíð síðan verið viðloðandi tónlistarheiminn, bæði sem flytjandi og lagahöfundur. Hún hefur tekist á við fjöldamargar tónlistarstefnur og samið pönk, óperur og Eurovision-lög.

Hún hefur nú gefið út sína fjórðu sólóplötu, Straumhvörf, en allar sólóplötur hennar hingað til hafa fengið góða dóma hér heima og erlendis, þar sem hún hefur lengi dvalið. Ef við tökum plötur hennar með Kolrössu krókriðandi (eða Bellatrix, eins og hún var síðar nefnd) og hlóm-sveitinni Skandinavía þá er um tíundu plötu Elizu að ræða.

Bæði hafa lögin Fagurgalinn og Af sem áður var komið út en þau eru af nýjustu plötu Elizu og hafa mikið verið spiluð í útvarpi hér á landi.

„Þetta er indíopp með smá rokki. Þetta fer um víðan völl hjá mér; bæði rokkað og líka rólegt, ég munda fiðluna mikið. Þetta er samt mjög útvarpsvænt. Af sem áður var kom út í haust og gekk mjög vel og einnig lagið Fagurgalinn, þetta eru mikil stuðlög,“ segir Eliza en auk þess að hafa sent frá sér plötuna Straumhvörf í gær sendi hún líka nýtt lag í spilun sem ber titilinn Kollhnís.

„Þetta var ekki auðvelt, ég byrjaði að vinna plötuna þegar ég var nýflutt heim frá Bretlandi og nýbúin að eignast litit barn, þannig að þetta tók aðeins lengri tíma en venjulega. Maður hafði ekki allan tíma í heiminum eins og áður. Ég þurfti að temja mér aga og oft hugsaði ég: á maður að vera að standa í þessu? En maður verður bara að berjast. Ég setti mér það markmið að klára þessa plötu á árinu og koma henni út og það tókst.“  
 stefanthor@frettabladid.is



Eliza Newman gerði garðinn frægan með Kolrössu krókriðandi eða Bellatrix, en hún var nú að senda frá sér sína fjórðu sólóplötu. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Þetta var ekki auðvelt, ég byrjaði að vinna plötuna þegar ég var nýflutt heim frá Bretlandi og nýbúin að eignast litit barn, þannig að þetta tók aðeins lengri tíma en venjulega.



Útför

### Mariu Bjarkar Árelíusdóttur

Lækjarbrún 8, Hveragerði,

verður gerð frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 26. nóvember kl. 13. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Steinar Berg Björnsson  
 Skarphéðinn Berg Steinarsson  
 Ingvar Berg Steinarsson  
 Sverrir Berg Steinarsson  
 barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Jóhannesd.  
 Arna V. Kristjánsdóttir  
 Ragnhildur Anna Jónsd.



Ástkær eiginmaður minn,  
 faðir okkar og stjúpfaðir,

### Magnús Rúnar Árnason

járn- og trésmiður  
 frá Akureyri,

lést á heimili sínu mánudaginn 14. nóvember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Möðruvallakirkju laugardaginn 26. nóvember kl. 14.00. Viljum þakka auðsýnda samúð. Blóm og kransar afþakkaðir en bendum á Heimahlynningu Akureyri fyrir þá sem vilja styrkja. Sérstakar þakkir fá Heimahlynningu Akureyri og Friðbjörn Sigurðsson lækni fyrir einstaka umönnun.

Sigríður Hrefna Jósefsdóttir

Árni Gísli Magnússon  
 Brynjar Logi Magnússon  
 Ida Marie Sörensen  
 Juliane Liv Sörensen



Okkar ástkæru,  
 hjónin  
 Sigríður  
 Friðriksdóttir  
 og  
 Sverrir  
 Símonarson

Boðapíngi 24, Kópavogi,

létust 14. og 16. nóvember. Útför þeirra fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi mánudaginn 28. nóvember kl. 15.00.

Guðrún Kristinsdóttir  
 Símon Sverrisson

Margrét og Hafsteinn Hjálmarbörn  
 Erna Birna, Ægir Örn, Andrea og Karín Rós Símonarbörn  
 og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,  
 faðir og tengdafaðir,

### Geirfinnur Stefánsson

Suðurgötu 6,  
 Keflavík,

sem andaðist föstudaginn

18. nóvember á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum í Reykjanesbæ, verður jarðsönginn frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 24. nóvember kl. 10.30.

Birna Þórhallsdóttir

Agnar Geirfinnsson Hafðis Njalsdóttir  
 og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn,  
 faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Þorgils Hardarson

vélstjóri  
 Malmö, Svíþjóð,

lést þriðjudaginn 15. nóvember 2016.

Selma Vilhjálmisdóttir

Hörður Þorgilsson Anna Johanson  
 Friðrik Þorgilsson Eva Þorgilsson  
 barnabörn.



Elskulegur faðir okkar,  
 tengdafaðir, afi og langafi,  
 Guðjón Rögnvaldsson

frá Ólafsdal,

fæddur 3. júní 1929, lést þann 8. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðný N. Guðjónsdóttir  
 Sigvaldi Guðjónsson  
 Bryndís B. Guðjónsdóttir  
 Gyða Guðjónsdóttir  
 barnabörn og barnabarnabörn.

Jan H. Eilertsen  
 Ingibjörg Guðmundsdóttir



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,  
 amma, langamma og langalangamma,

### Sigríður Rósa Kristinsdóttir

frá Höfða,

lést á hjúkrunarheimilinu Dyngju Egilsstöðum þann 17. nóvember. Útförin fer fram frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 26. nóvember kl. 14.00.

Kristinn J. Ragnarsson  
 Áslaug Ragnarsdóttir  
 Sigurmundur V. Ragnarsson  
 Guðný H. Ragnarsdóttir

Halla Ó. Óskarsdóttir  
 Guðlaugur Sæbjörnsson

Kristján Ragnarsson  
 Sigrún R. Ragnarsdóttir  
 Hafðis Þóra Ragnarsdóttir  
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Jón E. Guðmundsson  
 Kristján B. Sigurðarson  
 Katrín Guðmundsdóttir

Júlíus Ingvarsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

Gleðilegar jólagjafir!

# JÓLAGJAFIR FYRIR LEIKJASPILARA



-10.000

RAZER

## BLACKWIDOW CHROMA X LEIKJALYKLABORÐ

Eitt af okkar vinsælustu mekanísku LED lyklaborðum.

RAZ-RZ0301760300R3N1

29.995  
ÁÐUR 39.995



ASUS  
GAMING MONITOR



ASU-MG248Q

## 24" 144HZ LEIKJASKJÁR

Sérhannaður Asus leikjaskjár með aðeins 1ms svartíma, FullHD upplausn og Flicker Free tækni. Hæðastíllanlegur fótur og hægt að snúa skjánum bæði lóðrétt og lárétt.

54.995  
ÁÐUR 64.995

## STEELSERIES HEYRNARTÓL Í LEIKINA

Siberia 200 eru hörkugóð heyrnatól fyrir tónlist og leiki með útdraganlegum hljóðnema.

STE-51133



12.995  
ÁÐUR 14.995

## ASUS ROG LEIKJATÖLVA

Ótrúlega nett en kraftmikil leikjatölva með i5, SSD og 2GB Geforce GTX 960M.

ASU-GR6R015R



129.995  
ÁÐUR 159.995

## RAZER DEATHADDER CHROMA

Leikjamús af bestu gerð með 10.000dpi optiskum skynjara og Chroma lýsing í 16,8 milljónum lita. 5 forritanlegir takkar og 1ms response.

RAZ-RZ0101210100R3G1



10.995  
ÁÐUR 12.995

## ALLT VIRKAR HRAÐAR MEÐ 480GB SSD

Ekkert gerir meira til að fríska upp á eldri tölvur heldur en að setja stóran 480GB SSD disk með nægu gagnaplássi.

COR-CSSDF480GBLEB

22.995  
ÁÐUR 24.995



## BAKLÝST LED LYKLABORÐ MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM

Vandað Asus lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og rauðri LED lýsingu. Forritanlegir takkar fyrir leikjaspilun.

ASU-CERBERUSKEYBOARD

9.995  
FRÁBÆRT VERÐ



## RAZER MÚSAMOTTA MEÐ LED LÝSINGU

Hrikalega töff LED músarmotta með litríkri lýsingu nær allan hringinn og skapar mjög skemmtilega stemningu.

RAZ-RZ0201350100R3M1

9.995  
LED LÝSING




# TÖLVULISTINN


REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS AKRANES

# VEÐUR & MYNDASÖGUR


## Veðurspá Miðvikudagur



## Fimmtudagur



## Föstudagur



## Prautir

### Krossgáta

- LÁRÉTT**  
2. ló  
6. í röð  
8. sægur  
9. kverk  
11. gelt  
12. yfirstéttar  
14. flókt  
16. í röð  
17. krot  
18. strá  
20. kusk  
21. fugl
- LÓDRÉTT**  
1. fúska  
3. kringum  
4. festiblaðka  
5. bar  
7. erindreki  
10. óvild  
13. leþja  
15. þjappaði  
16. skepna  
19. strit

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12			13	
	14			15
16		17		
18		19		20
21				

### Sudoku

<b>LÉTT</b>	<b>MIÐLUNGS</b>	<b>PUNG</b>
3 7 6 2 4	4 6 2 7	7 6
6 5 2	5 7 8 1	5 4 9
9 5 4 8 1	9 1 8 4	2 9 7 8
2 6 1 9	6 2	9 5 8 3
4 5 2 8	5 8 6 3	9 5 8 3
3 7 5	3 4 5 6 8	7 5
1 4 7	8 6 4 5 9	1 3 4 2 7
9 8	1 8 9 4	
8 1	3	6 7 2 5 9 3 1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

5 4 7 9 2 8 3 6 1	5 6 1 3 7 2 4 8 9	6 1 2 7 5 4 3 8 9
6 8 1 7 3 4 9 2 5	4 3 7 5 8 9 2 6 1	3 4 5 9 6 8 2 1 7
9 2 3 5 6 1 4 7 8	8 9 2 1 6 4 3 7 5	7 8 9 1 2 3 4 5 6
7 9 4 1 8 2 5 3 6	6 4 3 7 9 5 8 1 2	1 9 4 5 3 7 6 2 8
2 1 5 3 9 6 7 8 4	9 7 8 4 2 1 5 3 6	2 6 3 4 8 9 5 7 1
3 6 8 4 5 7 2 1 9	1 2 5 6 3 8 7 9 4	8 5 7 2 1 6 9 3 4
8 7 2 6 4 5 1 9 3	2 1 9 8 4 3 6 5 7	9 2 8 3 4 1 7 6 5
1 5 9 8 7 3 6 4 2	7 8 4 9 5 6 1 2 3	4 3 1 6 7 5 8 9 2
4 3 6 2 1 9 8 5 7	3 5 6 2 1 7 9 4 8	5 7 6 8 9 2 1 4 3

### Skák

Gunnar Björnsson  
Sergey Karjakin (2772) átti leik gegn Magnus Carlsen (2853) í áttundu skák heimsmeistarainvígis þeirra í New York.  
**Svartur á leik**  
52...a2! Heimsmeistarinna gafst upp þar sem hann varnarlaus eftir **53. Dxa2 Rg4+ 54. Kh3 Dg1! 55. Db2+ Kg6!** Askorandinn náði þar með forystunni og leiðir 4½-3½. Niúnda skákin af tólf fer fram í kvöld.  
[www.skak.is](http://www.skak.is): Allt um heimsmeistarainvígð.



## Myndasögur

### PONDUS



### GELGJAN



### BARNALÁN



## Kvennakór Reykjavíkur aðventutónleikar Háteigskirkju

Fyrsta sunnudag í aðventu, þann 27. nóvember. kl. 17 og kl. 20.

**Kvennakór Reykjavíkur heldur tvöna aðventutónleika í Háteigskirkju, fyrsta sunnudag í aðventu, þann 27. nóvember og fylgir þar eftir glæsilegum árangri í alþjóðlegu kórarnóti á Spáni í haust. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 17 og þeir seinni kl. 20.**

Á efnisskrá eru lög sem tónleikagestir þekkja og munu án efa koma öllum í hátíðarskap. Þar má nefna hinn gullfallega sálm Kolbeins Tumasonar frá 13. öld, Heyr himnasmiður við lag Þorkels Sigurbjörnssonar, Jólaköttinn eftir Jóhannes úr Kötlum við lag Ingibjargar Þorbergs í útsetningu Vilbergs Viggóssonar sem einnig útsetti fyrir kórinn lag eftir Peter Grönvall við texta Kristjáns Hreinssonar, Dansaðu vindur. Þá má einnig nefna gamlan vin, Glóriu eftir Vivaldi og fleiri hátíðlegar jólaþerur sem fylla efnisskrána. Í kjölfar hvorra tónleika um sig býður Kvennakór Reykjavíkur gestum að staldra við í safnaðarheimili Háteigskirkju og þiggja léttar og jólalegar veitingar, spjalla og njóta samverunnar.

Stjórnandi er Ágöta Jóó og einvalalið sér um undirleikinn. Það eru þeir Vilberg Viggósson á píanó, Hávarður Tryggvason á kontrabassa, Sigurgeir Agnarsson á selló og Zbigniew Dubik á fiðlu.

**Miðaverð er 3.000 kr. í forsölu og 3.500 kr. við innganginn og fást miðar hjá kórkonum í síma 896-6468 eða í gegnum netfangið postur@kvennakorinn.is**



# SVARTUR FÖSTUDAGUR



**KR: 23.900,-**

X-SMC01BT  
Vegghengjanleg bluetooth stæða sem fer einnig vel í hillu. Til í svörtu og hvítu.



**AEG**  
Þvottavélar

**25%**



**Tefal**

**25%**



**AEG**  
Þurrkarar

**25%**



**AEG**  
EQUIPT

**KR: 9.999,-**



**brabantia**  
Ruslafötur

**30%**



**Pioneer**

**Heyrnartól á 25% afslætti**



**KR: 33.900,-**

DIGFH151DVD  
Digihome 22" 12v./230v. TV m.DVD  
Verð áður kr. 49.900,-

**BRAUN**  
Hársnyrtitæki

**30%**



**Lyklaborð**  
SL-6411-BK-11.  
Áður kr. 1.990,-

**KR: 990,-**



**MISFIT**

**KR: 3.490,-**

Misfit skrefamælar Áður kr. 4.990,-



**levenhuk**  
LEV6555  
Stjörnusjónauki  
Áður: kr. 14.900,-

**KR: 9.900,-**

**ormsson.is**



Opnunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



**ORMSSON**  
Greiðslukjör  
Vaxtalaust  
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKROKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	---	--	---	--	------------------------------------	--

# Þetta er það eina sem sameinar þessa þjóð

**Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur og formaður Rithöfundasambands Íslands, þekkir betur en flestir til jólabókaflóðsins sem er að ná hámarki um þessar mundir með tilheyrandi taugatitringi.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Það er þessi tími ársins þegar það er í senn skelfilegt og skemmtilegt að vera rithöfundur. Jólabókaflóðið er að ná hámarki, fjöldi titla er gríðarlegur og viðbrögð gagnrýnenda og lesenda geta haft mikil áhrif á feril höfunda og þá einkum þeirra af yngri kynslóðinni. Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands, þekkir þennan séríslenska rússíbana bæði af eigin raun sem rithöfundur en einnig út frá störfum sínum fyrir sambandið.

## Höfundakvöldin vinsæl

Aðspurð um jólabókaflóðið bendir Kristín Helga á að rithöfundasambandið komi nú þar að með ýmsum hætti. „Okkar hlutverk í þessari verði er mikið til að leiðbeina höfundum sem eru að spyrja ótal spurninga um ótal hluti. Það er t.d. mikið verið að spyrja um taxta enda er algengt að farið sé fram á að höfundar lesi ókeypis en við erum algjörlega á móti því. Við erum með sérstaka höfundamiðstöð þar sem við bæði innheimtum og leiðbeinum og það eru svona þessir praktisku hlutir sem rekast hér inn. En svo er Gunnarshús líka höfundahús og hér hafa allir félagsmenn, sem eru hátt í 500, aðstöðu til þess að nýta sér með ýmsum hætti.“

Undanfarin tvö ár höfum við staðið fyrir höfundakvöldum á fimmtudagskvöldum á aðventu og það hefur verið húsfyllir hér kvöld eftir kvöld. Hallgrímur Helgason sem er formaður húsráðs fór af stað með þessu kvöld en nú höfum við þann háttinn á að við skipuleggjum þetta ekki heldur höfundarnir sjálfir. Þeir bóka húsið og við sjáum um að hér sé allt til alls og aðstöðu eftir bestu getu. En þetta hefur verið gríðarlega vinsælt og það má geta þess að það hefur ekki verið selt inn á þessu kvöldi í haust og það eru allir velkomnir svo lengi sem húsrúm leyfir.“

## Heldur utan um okkur

Jólabókaflóðið er séríslenskt fyrirbæri og á aðeins nokkurra vikna tímabili er allur þorri íslenskra bóka að koma út. Kristín Helga segir að höfundar séu nú almennt ánægðir með þetta sérstaka jólabókaflóð. „Það er gaman að bókmenntaþjóðin sem byggir þessa sögueyju, sem við höfum enn orð á okkur fyrir að vera, skuli vera með þetta sérstaka fyrirbæri. Að allt verði hér vitlaust á aðventu út af bókum og sögum og að fólk geti látið sig flæða á milli kaffihúsa eða sest niður í erli vinnunnar til þess að láta lesa fyrir sig. Þetta er skemmtilegt og þetta er hátið sem er svo vídeigandi í skammdeginu og myrkrinu, að það skuli vera bókin og þessi fallega sögustund við kertaljós sem heldur utan um okkur sem þjóð.“

Mér hefur líka fundist vera að

verða til önnur öflug verðið að vori. Þá er það meira kiljan og það sem lesendur taka með sér í fríð. Sumir vilja meira að segja heldur gefa út á þeim tíma. Þetta er óneitanlega mikill samkvæmisleikur sem fer í gang á þessum árstíma sem við erum í núna. Allar þessar tilnefningar og öll þessi pressa sem myndast á höfunda með einum eða öðrum hætti. Sumir taka þessu af stóiskri ró en aðrir eru taugatrektir. Það er bara þannig.“

## Færibandaafgreiðsla

Getur ekki verið mikið undir fyrir höfunda að ná í gegn og til sem flestra lesenda á þessum tíma? „Jú, svo sannarlega. Ef ég á eitthvað að gagnrýna, svona ef við erum að miða við þennan stutta tíma, þá er vissulega mikil umfjöllun um bókmenntir í fjölmiðlum og út um allt sem er dásamlegt. En um leið er færibandaafgreiðsla á því. Mér finnst því mikilvægt að minna á að þeir sem eru að fjalla um bækur gæti þess að finna til mikillar ábyrgðar þegar kemur að því að fjalla um verk sem er búið að vera að vinna jafnvel árum saman. Það er mikið í húfi fyrir höfundinn og aðgát skal höfð í nærveru sálar eins og gildir um allt.“

En er ekki hætt við að nýliðunin verði erfiðari þegar öllu er þjappað inn í svo þröngan tímaramma? „Hvað varðar nýliðunina þá er örugglega erfitt að synda ungur og nýr í þessu flóði en ég kalla bara eftir því að það sé þá meiri og jafnari umfjöllun um bækur allt árið um kring þó svo að við fáum öll þetta taugakast í nokkrar vikur. Það er kannski meira á ábyrgð fjölmiðla að fjalla meira um listirnar jafnt og þétt árið um kring.“

Nú leynir sér ekki að margir höfundar, þá einkum þeir sem skrifa spennusögur, vinna út frá því að þurfa að vera með bók á hverju ári út frá markaðslegum forsendum útgefendanna. En skyldu höfundar hafa rætt innan sinna raða hvort þessi þrýstingur sé mögulega að hafa slæm áhrif á gæði þess sem er verið að skapa? „Barnabókahöfundar hafa líka mátt búa við þennan veruleika. En ég held ekki að þetta komi niður á gæðunum. Þetta er svo gríðarlega ólík flóra. Eitt verk getur verið mörg ár í smíðum á meðan annað er bara tilbúið í kalli höfundarins. Var ekki Voltaire hálfan mánuð að skrifa Birting?“

En þetta er gömul alþjóðleg formúla sem þekktist út um allt og það hafa margir og alls konar höfundar í heiminum gengið þessa götu. Spennusagna- og barnabókahöfundar virðast oftast hafa meiri framleiðsluhraða og stundum tekst afbragðs vel til en stundum ekki, eins og gerist og gengur. Það er erfitt að dæma um gæði eftir slíkum tímamælingum.“

## Tjargað og fiðrað

En skyldi formaður rithöfundasambandsins þurfa að vera með einhverja höfunda í sálgaeslu á þessum árstíma? Kristín Helga hlær við spurningunni og segir að það sé nú ekki þannig. „Þessi tími,



Kristín Helga segir að það sé gaman að bókmenntaþjóðin skuli hafa bókin á öndvegi á aðventunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sérstaklega þegar maður er ekki með bók eins og ég núna, felur í sér heilmikla hátíðarstemningu. Þetta er uppskera, gleði og eftirvænting.

Þess vegna þurfa allir að vanda sig þegar það er verið að fjalla um þessi verk því núna er höfundurinn berskjaldaður og galopinn að bera á borð það sem hann hefur gert. Þannig að opinberar aftökur eru

vægast þreytandi enda eru þær nú ekki tíðar lengur sem betur fer.“

En nú er gagnrýnin í íslenskum fjölmiðlum fyrst og fremst fyrir lesendur. „Já, hún er fyrir lesendur en hún má ekki vera þannig að það sé verið að vara við verkinu. Við förum í gegnum þetta tímabil þar sem allt snýst um bækur og svo eru bækur í öðrum hverjum jólapakka

og þetta er það eina sem sameinar þessa þjóð. Sögur, ljóð og tungumál. Við höfum um það hátið og það er gaman og þess vegna verður það svo galið þegar höfundar eru svo tjargaðir og fiðraðir í umræðunni um listamannalaun fljótlega eftir áramót. Við verðum nefnilega að styðja við menninguna og tunguna ef við ætlum að eiga hana áfram.“

## ÞETTA VERÐUR ALLT Í LAGI

Næsta höfundarkvöld í Gunnarshúsi verður haldið annað kvöld kl. 17. Þá tekur Kristín Ómarsdóttir rithöfundur á móti tveimur taugatrektum höfundum jólabókaflóðsins,

Auði Övu Ólafsdóttur og Sigurbjörgu Prastardóttur, og segir þeim að þetta verði allt í lagi. Auður og Sigurbjörg lesa úr bókunum Ör og Óttaslegni trompetleikarinn og aðrar sögur.

Þess á milli mun Kristín spyrja þær spurninga sem einungis dýralæknar kunna rétt svör við. Sjálf mun Kristín lesa brot úr bókmenntum framtíðarinnar.

Pungar veitingar verða á boðstólnum en kona í Drápslíð hefur boðist til að baka stríðstertu. Húsið opnað klukkan 17. Dagskrá hefst kl. 17.30 og varir í klukkustund.

# Á TOPPNUM!



„Enn eitt *meistaraverkið* frá Arnaldi ...

*Petsamo* er ein með öllu.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... [Arnaldur] hefur bæði einstök tök á frásagnarlist og næmt *innsæi í fólk* og tilfinningar ...“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„... *glæsileg* og vönduð ...“

VERA KNÚTSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„Í heimsklassa.“


THE SUNDAY TIMES



POLITIKEN



DE TELEGRAAF



1.

Metsölulisti  
Eymundsson

Heildarlisti vika 46

20.  
BÓK  
HÖFUNDAR



## Þegar allt var svo gott

### TÓNLIST

#### Kórtónleikar

★★★★★

Blönduð efnisskrá, þ. á m. ný verk eftir Viktor Orra Árnason og Hreiðar Inga Þorsteinsson.

**Einsöngvarar:** Benedikt Kristjánsson, Egill Ólafsson, Jakob Frímann Magnússon og Högni Egilsson.

**Stjórnandi:** Árni Harðarson. Aka-Hrynpiltar, Stórsveit Reykjavíkur og nokkrir hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.

**Eldborg í Hörpu**  
föstudaginn 18. nóvember

Ég er með góðar fréttir og slæmar fréttir. Þær slæmu eru að ég næstum sofnaði á fyrri hluta Fóstbræðratónleikanna í Hörpu á föstudagskvöldið. Góðu fréttirnar eru hins vegar að eftir hlé voru þeir svo skemmtilegir að ég óskaði þess að þeir yrðu aldrei búnir.

Hvernig stendur á þessari ójöfnu frammistöðu? Jú, fyrir hlé var eingöngu virðuleg tónlist á boðstólum. Í seinni hálfleik var allt stuðið. Sjálfsagt var efnisskráin hugsuð til að birta þverskurð af löngu starfi kórsins. Tónleikarnir voru afmælisfögnuður; í ár eru hundrað ár síðan Fóstbræður urðu til. Þeir hafa vissulega komið nálægt hámenningunni. Söngur þeirra í Babi jar sinfóníunni eftir Sjostakóvitsj fyrir 10 árum var t.d. magnaður. En þá var líka heil sinfóníuhljómsveit sem studdi þá. Núna var meðleikurinn í höndunum á píanóleikara, nokkrum blásurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og pákuleikara. Það var óttalega flatt og litlaust.

Efnisskráin fyrir hlé samanstóð af þjóðlaginu Ár vas alda í útsetningu Jóns Þórarinssonar. Jafnframt var flutt A Stopwatch and an Ordnance Map eftir Barber og The Ballade of Little Musgrave eftir Britten. Svo litu ný verk eftir þá Viktor Orra Árnason (Var) og Hreiðar Inga Þorsteinsson (Cantico delle creature) fyrst dagsins ljós. Þetta voru býsna ólíkar tónsmíðar, en samt söng kórinn þær

eins. Flest var í einhverjum máttlausum falsettustíl sem varð fljótt skelfilega tilbreytingarlaus. Kraftinn vantaði, finlegu blæbrigðin einnig. Það var ekkert í söngnum sem gerði tónlistina áhugaverða. Maður hafði á tilfinningunni að kórinn bara rétt svo réði við viðfangsefni sitt. Megnið af púðrinu fór í að syngja hreint, ekkert var eftir fyrir túlkunina. Einsöngur Benedikts Kristjánssonar var auk þess ósköp rislítill.

Nei, þá var nú meira gaman eftir hlé. Syrpur í útsetningu Magnúsar Ingimarssonar voru dásamlegar, innlifunin fölskvalaus, fjörið allsráðandi. Ekki síðri voru Röndóttu mæ eftir Jakob Frímann Magnússon, Andaðu eftir Högna Egilsson, Simbi sjómaður eftir Hauk Morthens og Íslenskir karlmenn eftir Egil Ólafsson og Valgeir Guðjónsson. Þarna var Sinfóníulíðið horfið sem betur fer, í staðinn kominn rytmasveit (Aka-Hrynpiltar) og Stórsveit Reykjavíkur. Nokkrir einsöngvarar stigu á svið, þ.e. Jakob, Egill og Högni. Þeir voru stórskemmtilegir. Aka-Hrynpiltar voru líka frábærir, Stórsveitin sömuleiðis.

Lokalagið á efnisskránni var Brennið þið vitar eftir Pál Ísólffson, en hér í nýstárlegri útfærslu. Hún var djössuð upp í millispilunum af Stórsveitinni, en kórinn söng klassískt. Útkoman var skemmtileg togstreita hins nýja og gamla sem vakti óneitanlega kátínu. Krafturinn var yfirgengilegur.

Erfitt er að lýsa hughrifunum eftir hlé. Syrpuar, með lögum á borð við Ramónu, Ágústnótt og Vor við sæinn sköpuðu mergjaða stemningu. Það var eins og að fara í tímavél aftur um 50 ár. Maður fylltist söknuði eftir árunum í den þegar allt var svo gott! Er ekki kominn tími til að kórinn taki upp nýjan geisladisk með þessum dásamlegu lögum? Þau mega ekki gleymast.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Mjög ójöfn dagskrá, en frábær þegar best lét.



Frá æfingu Fóstbræðra fyrir aldarafmælistónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Katrín Gunnarsdóttir danshöfundur og eini dansari verksins Shades of History sem er sýnt Tjarnarbiói. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Dansblær sögunnar

### DANS

#### Shades of History

★★★★★

**Höfundur og dansari:** Katrín Gunnarsdóttir

**Leikmynd og búningur:** Eva Signý Berger

**Ljósahönnun:** Magnús Arnar Sigurðarson

**Hljóð:** Baldvin Þór Magnússon

**Dramatúrgísk ráðgjöf:** Alexander Roberts og Ásgerður G. Gunnarsdóttir

**Aðstoðardanshöfundur:** Védís Kjartansdóttir

Dansverk Katrinar, Shades of History sem nú er sýnt í Tjarnarbiói, er framhald af verki hennar, sem hún sýndi í fyrra undir heitinu Saving History.

Þar leitaði Katrín að uppruna sínum í dansi og fjallaði um hvað hefur mótað stíl hennar og haft áhrif á hana sem dansara og danshöfund. Hvernig verður líkamsminnið til, líkamsminnið sem er einstakt fyrir hana – þróast en gleymist seint?

Í Shades of History tekur Katrín okkur í gegnum danssögu sína með einni heilsteyptri kóreógrafi. Ekki er hægt að sjá hvar upphaf og endir hverrar hreyfingar varð til í hennar líkamsminni heldur einungis hvað hefur setið eftir í þeim orðaförða sem hún nýtir sér í dag.

Katrín fer með okkur í tímaflakk

þar sem hún hoppar á milli tímabila með okkur. Þetta gerir hún í sviðsmynd sem hæfir verkinu einstaklega vel!

Sviðsmyndin er hringlaga spegill sem Katrín dansar ofan á – þannig fær maður bæði spegilmynd hennar eða endurspeglun á hennar fyrra sjálfi – henni eins og dansarinn sem hún var og þróaðist í. Hún sýnir okkar líkamsminnin sín, hvert af öðru.

Svo notar hún hringinn sem ferðalag og spólar þannig með okkur í gegnum tíma.

Spegillinn er samansettur með hringlaga röndum – svo sviðsmyndin líkist völdugum tjástofni með áhringjum, einn hringur fyrir hvert tímaskeið.

Allir þættir verksins unnu vel saman. Sviðsmynd og hugmynd var unnið í einni dramatúrgíu sem gefur verkinu þetta heild og gefur áhorfandanum rými til að túlka verkið frá mörgum hliðum.

Hljóðmynd verksins er sama sem engin – sem er virkilega krefjandi fyrir áhorfandann. En hreyfingarnar eru með þeim hætti að þær láta áhorfandann ekki friði, þær krefjast athygli. Hvergi dettur takturinn niður, þvert á móti. Þessi heilsteypta framvinda gefur tilfinningu fyrir framvindu tímans sem ekkert fær stöðvað. Ekkert fær heldur stöðvað hreyfingarnar á sviðinu og tíminn einn er fær um að veita möguleika á

aukinni færni í líkamsmálinu.

Með þessum góða takti í kóreógrafiunni fer að myndast náttúruleg hljóðmynd líkamans. Andardráttur flytjandans verður það eina sem heyrir í rýminu og með takti hreyfinganna myndast þessi náttúrulega hljóðmynd verksins. Sem með ótrúlegu næmi var ýtt undir á nokkrum stöðum en þó svo undurleitt að auðvelt var fyrir áhorfandann að vefengja að hann heyrði hljófallið í raun.

Lýsing verksins var ótrúlega vel unnin og falleg í einfaldleika sínum. Hvergi mátti sjá afgerandi skiptingar í lýsingu sem var þó skemmtilega fjölbreytt og fylgdi vel framþróun verksins. Á einum tímamarki mynduðust til dæmis skuggar flytjandans á hvítt tjald fyrir aftan sviðið. Skuggarnir voru í mismunandi stærðum og misnálægt manni í upplifun. Það er aftur skýr tenging inn í brú verksins þar sem maður sér einhvers konar hliðarsjálfflytjandans – eða minningar um það sem hinn sami líkami hefur gert áður.

Verkið var í mjög hæfilegri lengd og tók áhorfandann með sér nánast inn í draumleidslu þó svo að einnig hafi verið mikið til að meðtaka.

**Kara Hergild Valdímarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Öll framsetningin var eins og góður konfektmoli sem búið var að nostra við.

# 50% AFSLÁTTUR!

ARGHILL 21116

**KING KOIL SUMMER GLOW**

Fullt verð 278.710 kr.

**TILBOÐSVERÐ 139.355 kr.**

**rekkjan**

HEILSURÚM

ÁÐEINS 12.424 kr. Á MÁNUÐI\*  
FYRSTA GREIÐSLA Í MARS 2017

(\*Míðað við 12 mánaða vaxtalasan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)



# Rafgeymar

Meðal  
viðskiptavinna  
Yuasa eru:



PSA PEUGEOT CITROËN

## YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur



  
**YUASA**  
stærsti  
rafgeymaframleiðandi  
í heiminum

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

**LAUGARÁS BÍÓ**  
**SMÁRÁSIÓ HÁSKÓLABÍÓ**

miði.is  
 Coca-Cola

FANTASTIC BEASTS  
 FLÖSKUSKEYTI FRÁ P  
 HACKSAW RIDGE

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

FANTASTIC BEASTS 3D	6, 9
FLÖSKUSKEYTI FRÁ P	8, 10, 25
HACKSAW RIDGE	8, 10, 45
TRÖLL 2D ISL.TAL	6
BRIDGET JONES'S BABY	5.30

**Kaupa miða**

Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is

**SAMBIÓIN** Sambio.is

Frá J.K. Rowling, höfundi Harry Potter.

★★★★★  
 HOLLYWOOD REPORTER  
 IMDB 8.3

★★★★★  
 THE GUARDIAN  
 88%

Stórkostleg og töfrandi fjölskylduskemmtun.

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
FANTASTIC BEASTS 3D kl. 5-8-10:45	FANTASTIC BEASTS 3D kl. 8-10
FANTASTIC BEASTS 2D kl. 5-7-10	FANTASTIC BEASTS 2D kl. 5:10-7-10:40
FANTASTIC BEASTS 2D VIP kl. 5-8-10:45	THE LIGHT BETWEEN OCEANS kl. 5:10
THE ACCOUNTANT kl. 8-10:40	THE ACCOUNTANT kl. 8-10:40
SIJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL kl. 6	DOCTOR STRANGE 2D kl. 5:30-8-10:30
DOCTOR STRANGE 2D kl. 5:30-8-10:45	<b>KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI</b>
JACK REACHER 2 kl. 10:45	FANTASTIC BEASTS 3D kl. 5-6-8-9-10:45
THE GIRL ON THE TRAIN kl. 8	THE LIGHT BETWEEN OCEANS kl. 5:20-8-10:40
STORKAR ISL.TAL kl. 5	AKUREYRI
<b>KEFLAVÍK</b>	FANTASTIC BEASTS 3D kl. 5:15-8-10:45
FANTASTIC BEASTS 3D kl. 8-10:45	THE LIGHT BETWEEN OCEANS kl. 8
THE LIGHT BETWEEN OCEANS kl. 8	THE ACCOUNTANT kl. 10:45
THE ACCOUNTANT kl. 10:45	DOCTOR STRANGE 2D kl. 5:30

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 23. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Múlinn jazzklúbbur – Peter Tinning Transatlantic Trio  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Harpa  
 Peter Tinning spilar á gítar, Þorgrímur Jónsson plokkar bassann og Scott McLemore á trommur. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Formaðurinn  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Prikíð, Bankastræti  
 Sjálfur Formaðurinn verður á spilurunum á Prikínu í kvöld. Þessi drengur er búinn að spila einu sinni eða tvisvar áður á nokkrum börum.

**Hvað?** Moses Hightower  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Húrra, Naustunum  
 Sálarskotna dægurhljómsveitin

Moses Hightower treður upp á Húrra í kvöld en sveitin hefur verið gríðarlega heit nánast allar götur síðan 2008 og er í óða önn að vinna að nýrri plötu. Það er ansi líklegt að eitthvað af þessu nýja efni verði flutt á tónleikumum í kvöld í bland við eldra efni sem allir þekkja. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Beebe and the Bluebirds & Johnny and the Rest  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu

### Viðburðir

**Hvað?** Bókakaffi – Hafíð bláa hafíð  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi  
 Sveinn Yngvi Egilsson fjallar um hafíð og siglingar í skáldskap. Í erindi sínu mun Sveinn Yngvi fjalla um skáldlegar siglingar og hafíð bláa hafíð, í völdum skáldverkum; allt frá Agli Skallagrímssyni og Ódysseifi, til Einars Benediktssonar og dægurlagatexta okkar daga.

**Hvað?** Handbækur húsmæðra  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Salur safnaðarheimilis Nes Kirkju Guðrún Ingólfssdóttir, doktor í íslenskum bókmenntum, flytur erindið Handbækur húsmæðra á vegum Félags íslenskra fræða. Í erindinu verður fjallað um syrpu sem skrifuð var fyrir yfirska húsmóður á síðari hluta 18. aldar. Hvað leyndist í syrpunni hennar? Trauðla uppskrift að franskri súkkulaðiköku eða snið að nýjustu tisku frá Paris. Hvers þurfti fyrirmyndarhúsmóðir við á 18. öld til að reka menningarlegt heimili á þeirra tíma mælikvarða?

**Hvað?** Ævisaga einhvers  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu  
 Leikhópurinn Kriðpleir flytur verk sitt Ævisaga einhvers í kvöld en í því segja þeir sögur venjulegs fólks.

**Hvað?** BókaKonfekt Forlagsins – Fjórða kvöld  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg  
 Upplstrar Forlagsins á Rosenberg



Moses Hightower spilar á Húrra í kvöld og mun vafalaust telja í einhver ný lög enda að vinna að nýrri plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

halda áfram í kvöld og í kvöld lesa Ragnheiður Eyjólfssdóttir, Gunnar Þór Bjarnason, Ævar Þór Benediktsson, Þorgrímur Þráinsson, Álfrún Gunnlaugsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Sævar Helgi Bragason, Vigdís Grímsdóttir og Þorsteinn frá Hamri.

**Hvað?** High School Musical  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Gafaraleikhúsið, Hafnarfirði  
 High School Musical í leikstjórn Sigurbjarts Sturlu Atlasonar og Jóhanns Kristófers Stefánssonar. High School Musical þarf vart að kynna fyrir neinum en kvikmyndin um skólakrakkana Troy og Gabriellu sló svo sannarlega í gegn fyrir fáeinum árum. Þeir ákváðu

að breyta örlítið út af hinu hefðbundna og sköpuðu eigin útgáfu af þessari listrænu snilld með ýmsum nýjum þáttum sem ættu að vekja eftirtekt og áhuga áhorfenda. Sagan gerist innan veggja Menntaskólans í Reykjavík og er tekið á hversdagslegu lífi hins íslenska unglings og þeim hindrunum sem orðið geta á vegi hans. Vinasambönd slitna, ástarsambönd myndast og samskipti við bæði foreldra og kennara eru erfið. Eitthvað sem allir ættu að þekkja úr eigin lífi. Hér verður farið í hraðferð um heim íslenska unglingsins og við hvetjum ykkur til þess að missa ekki af þessu.

**Hvað?** Flashback ball NFSu  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Hvítahúsið, Selfossi  
 NFSu heldur flashback-ball á Selfossi í kvöld þar sem tíundi áratugurinn verður í hávegum hafður. Stelpur eru hvattar til að mæta uppstríðar í Spice Girls stíl og strákar í Backstreet Boys múnderingu.

**Hvað?** Ísland - Portúgal  
**Hvenær?** 19.30  
**Hvar?** Laugardalshöll  
 Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta mætir Portúgölum í kvöld og

er þetta síðasti leikur liðsins í undanþekpninni. Portúgalar unnu fyrri leik liðanna en voru þá á heimavelli – nú er tækifærið til að hefna tapsins og styðja stelpurnar okkar. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Rocky Horror  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Bifröst, Sauðárkróki  
 Nemendur FNV setja upp leikritið Rocky Horror eftir Richard O'Brien í þýðingu Veturlíða Guðnasonar. Leikstjóri er Guðbrandur Ægir og aðstoðarleikstjóri er Heiða Jonna.

**Hvað?** Lestur úr nýjum bókum  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Safnahús Skagfirðinga, Sauðárkróki  
 Fjórir höfundar lesa úr nýútkomnum bókum sínum en það eru þau Bjartmar Guðlaugs að lesa úr Þannig týnist tíminn, Davíð Logi Sigurðsson úr Ljósín á Dettifossi, Sigríður Hagalín les úr bók sinni Eyland og Stefán Máni les úr Svarti galdur. Boðið verður upp á te og smákökur.

**Hvað?** Barnafata- og dótaskipti-markaður  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Frikkirkjan í Hafnarfirði  
 Efnt verður til fata- og dótamarkaðar á Foreldramorgnum í Frikkirkjunni. Þarna verður skipst á barnafötum og leikföngum.

**Hvað?** Gestagangur: Theodóra Alfreðsdóttir  
**Hvenær?** 12.15  
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti  
 Í dag heldur Theodóra Alfreðsdóttir fyrirlesturinn „The Making of an Object“ í fyrirlestraröð hönnunar- og arkitektúrdeilda Listaháskóla Íslands, Gestagangi. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal A í Þverholti 11. Í fyrirlestri sínum mun Theodóra fjalla um eigin verk, með hlíðsjón af hugmyndafræði annarra. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opinn.

**Hvað?** Morgunfundur Isavia – Farþegaspá 2017  
**Hvenær?** 08.30  
**Hvar?** Hotel Natura, Nauthólsvegi  
 Isavia boðar til morgunfundar í Þingsölum á Hótel Reykjavík Natura. Á fundinum verður kynnt farþegaspá Keflavíkurflugvallar fyrir árið 2017, farið yfir framkvæmdir á flugvællinum og þróun ferðaþjónustunnar í nánustu framtíð. Boðið verður upp á kaffi og léttu morgunhressingu.

**Hvað?** Þekkir þú þína mjólkurkú? – Málstofa um ferðaþjónustuna á Austurlandi  
**Hvenær?** 09.30  
**Hvar?** Végardur, Fljótisdal

**BASKAVÍGIN**

Slack Bay..... 17:30, 22:15  
 Innsæi / The Sea Within ..... 18:00  
 Aumingja Ísland..... 18:00  
 Gimme Danger..... 20:00  
 Baskavigin..... 20:00  
 Child Eater..... 22:15  
 Svarta Gengið ..... 22:00

**BIO PARADIS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

**GIMME DANGER**



# Google Pixel hjá Nova!



**1 GB**  
netnotkun eða  
**1.000 kr.** á  
mán. í 12 mán.  
fylgir!

**Pixel 32 GB**

**124.990 kr.** stgr.

Google Pixel er nýr og öflugur Android snjallsími. Frábær myndavél og ótakmarkað geymslupláss í Google Photos. Google Pixel fær 9 af 10 í einkunn hjá The Verge.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

## DAGSKRÁ

## Miðvikudagur



## ÍSSKÁPASTRÍÐ

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran og það kemur í þeirra hlut að velja sigurvegara kvöldsins.

MAGNAÐ  
MIÐVIKUDAGSKVÖLDFáðu þér áskrift á **365.is****365**

## GREY'S ANATOMY

Hörkuvinsælir dramapættir sem gerast á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráð-efnilegir skurðlæknar.



## DIVORCE

Skemmtilegur gamanþáttur þar sem Frances er búin að klúðra hjónabandinu og sér eftir öllu saman en leiðin til baka er ekki greið.



## PURE GENIUS

Vandaðir þættir um James Hill sem fer ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingar-kennidustu læknamiðstöð í heimi.



## NASHVILLE

Skemmtileg sería um kántríöngkonurnar Raynu James og Juliettu Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu í bransanum.



## THE BOOK THIEF

Áhrifamikil og vönduð kvikmynd sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geoffrey Rush og Emily Watson í aðalhlutverkum.



## FLASH

Hörkuspennandi þættir um ævintýri vísindamannsins Barry Allen sem er í raun ofurhetja og getur ferðast um á ótrúlegum hraða.



## STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan  
07.25 Teen Titans Go!  
07.50 Mindy Project  
08.10 The Middle  
08.35 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.20 Logi  
11.10 Atvinnumennirnir okkar  
11.50 Dallas  
12.35 Nágrannar  
13.00 Neyðarlínan  
13.35 Six Puppies and Us  
14.35 The Comeback  
15.10 Project Greenlight  
15.45 Mindy Project  
16.10 Mr. Selfridge  
16.55 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
18.55 Íþróttir Íþróttifrétamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
19.05 Fréttir Stöðvar 2  
19.20 Vikingalottó  
19.25 Mom  
19.45 Ísskápastríð Nýr og skemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Í hverjum þætti fá Eva og Gummi til sín keppendur sem þau skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þau að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni fyrir forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Keppendur og liðsstjórar þurfa svo að vinna innan ákveðins tímaramma til að töfra fram þrjá girnilega rétti. Að lokum fellur það í hlut dómara að velja sigurvegara kvöldsins. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran.  
20.20 Grey's Anatomy  
21.05 Divorce  
21.35 Pure Genius  
22.20 Nashville  
23.05 NCIS  
23.50 The Blacklist  
00.35 StartUp  
01.20 High Maintenance  
01.55 Stalker  
02.40 Crimes That Shook Britain  
03.30 Battle Creek  
04.15 The Future

## STÖÐ 2 SPORT

07.20 Premier League Review 2016/2017  
08.15 Messan  
09.45 Leicester - Club Brugge  
11.25 Sevilla - Juventus  
13.05 Sporting - Real Madrid  
14.45 Mónakó - Tottenham  
16.25 Meistaradeildarmörkin  
16.55 Rostov - Bayern München  
19.15 Meistaradeildarmessan  
21.45 Meistaradeildarmörkin  
22.15 Arsenal - Paris St. Germain  
00.05 B. M'gladbach - Manchester City

## STÖÐ 2 SPORT 2

06.50 Leeds - Newcastle  
08.30 Sunderland - Hull  
10.25 Stoke - Bournemouth  
12.10 Southampton - Liverpool  
13.50 Crystal Palace - Man. City  
15.35 Keflavík - Grindavík  
17.05 Barcelona - Malaga  
18.45 Spænsku mörkin 2016/2017  
19.15 Meistaradeildarmessan  
19.40 Arsenal - Paris St. Germain  
21.45 Celtic - Barcelona  
23.35 Rostov - Bayern München

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## STÖÐ 3

17.40 League  
18.05 Mike & Molly  
18.30 New Girl  
18.55 Modern Family  
19.20 Fóstbræður  
19.50 Fangavaktin  
20.25 Lögreglan  
20.50 Legends of Tomorrow  
21.35 Flash  
22.20 Rome  
23.15 Klovn  
23.40 The Knick  
00.30 Fóstbræður  
00.55 Fangavaktin  
01.30 Lögreglan  
01.50 Legends of Tomorrow  
02.30 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!  
07.24 Svampur Sveinsson  
07.49 Lalli  
07.55 Rasmus Klumpur og félagar  
08.00 Kalli á þakinu  
08.25 Gulla og grænjaxlarnir  
08.37 Stóri og Litli  
08.49 Hvellur keppnisbill  
09.00 Zigby  
09.10 Ævintýraferðin  
09.25 Brunabilarnir  
09.47 Mæja býfluga  
10.00 Dóra könnuður  
10.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar  
10.47 Doddi litli og Eyrnastór  
11.00 Áfram Diego, áfram!  
11.24 Svampur Sveinsson  
11.49 Lalli  
11.55 Rasmus Klumpur og félagar  
12.00 Kalli á þakinu  
12.25 Gulla og grænjaxlarnir  
12.35 Stóri og Litli  
12.47 Hvellur keppnisbill  
13.00 Zigby  
13.10 Ævintýraferðin  
13.25 Brunabilarnir  
13.47 Mæja býfluga  
14.00 Dóra könnuður  
14.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar  
14.47 Doddi litli og Eyrnastór  
15.00 Áfram Diego, áfram!  
15.24 Svampur Sveinsson  
15.49 Lalli  
15.55 Rasmus Klumpur og félagar  
16.00 Kalli á þakinu  
16.25 Gulla og grænjaxlarnir  
16.35 Stóri og Litli  
16.47 Hvellur keppnisbill  
17.00 Zigby  
17.10 Ævintýraferðin  
17.25 Brunabilarnir  
17.47 Mæja býfluga  
18.00 Dóra könnuður  
18.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar  
18.47 Doddi litli og Eyrnastór  
19.00 Alpha og Omega



Doddí litli og Eyrnastór wkl. 19.47, 14.47 og 18.47

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Golfing World 2016  
08.50 RSM Classic  
11.50 Inside the PGA Tour 2016  
12.15 RSM Classic  
15.15 Golfing World 2016  
16.05 RSM Classic  
19.30 Golfing World 2016  
20.20 RSM Classic  
22.15 2016 Players Official Film  
23.10 Golfing World 2016

## BÍÓSTÖÐIN

11.40 Make Your Move  
13.30 Inside Llewyn Davis  
15.15 Before We Go  
16.50 Make Your Move  
18.40 Inside Llewyn Davis  
20.25 Before We Go  
22.00 The Book Thief Áhrifamikil mynd frá 2013 sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geoffrey Rush og Emily Watson í aðalhlutverki. Sagan hefst í bæ einum í Þýskalandi við upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari og segir frá því þegar hin unga Liesel kemur í fóstur til Hubermann-hjónanna eftir að móðir hennar getur ekki lengur séð henni farborða. Liesel er þjökkuð af söknuði eftir móður sinni og sorg vegna dauða bróður síns og til að hjálpa henni að komast yfir það versta byrjar Hans Hubermann að segja henni sögur á kvöldin og kennir henni um leið að lesa. Þetta opnar alveg nýja veröld fyrir Liesel og leiðir til þess að hún fer að hnúpla bókum til að lesa fyrir sjálf sig og aðra sem eiga um sárt að binda. Þar á meðal er gyðingur að nafni Max sem Hubermann-hjónin hafa í felum á heimilinu, og jafnaldri Liesel, Rudy, sem verður hennar besti vinur og félagi. Þannig auðgar Liesel líf allra sem í kringum hana eru þrátt fyrir þær hörmungar og ótta sem stríðinu fylgir og Dauðann sem er alltaf nærri og lætur reglulega í sér heyra.  
00.10 The Game  
02.20 Only God Forgives  
03.50 The Book Thief

## RÚV

17.20 Framandi og freistandi II  
17.45 Táknáfréttir  
17.55 Disneystundin  
17.56 Finnbogi og Felix  
18.18 Sigildar teiknimyndir  
18.25 Gló magnaða  
18.50 Krakkafréttir  
18.54 Vikingalottó  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
20.05 Bitlarnir að eilífu – Blackbird  
20.15 Kiljan  
21.00 Á sama báti  
22.00 Tiufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Baráttan fyrir hinsegin jafnrétti  
00.15 Kastljós  
00.40 Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 The McCarthys  
08.20 Dr. Phil  
09.00 The Biggest Loser  
09.45 The Biggest Loser  
10.30 Pepsi MAX tónlist  
13.20 Dr. Phil  
14.00 Younger  
14.20 Jane the Virgin  
15.05 The Grinder  
15.25 Speechless  
15.50 Girlfriend's Guide to Divorce  
16.35 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
17.15 The Late Late Show with James Corden  
17.55 Dr. Phil  
18.35 Everybody Loves Raymond  
19.00 King of Queens  
19.25 How I Met Your Mother  
19.50 Odd Mom Out  
20.15 Survivor  
21.00 Chicago Med  
21.45 Bull  
22.30 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
23.10 The Late Late Show with James Corden  
23.50 Jericho

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



# Tilboðsdagar



23. - 25. nóvember

**Allir lönguréttir**

★ 1.890 kr. kg.




Hafid Fiskverslun fagnar nú 10 ára afmæli, af því tilefni ætlum við að vera með tilboðsdaga 23. til 25. nóvember í öllum verslunum Hafsins.

**Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð**



**HAFIÐ ER STOLTUR  
SAMSTARFSaðILI  
ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐSINS**

Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á 





Hart í bak. Gunnar Eyjólfsson og Þórir Sæmundsson, Þjóðleikhúsið 2008.

# Gunnar Eyjólfsson

## 1926-2016

**Gunnar Eyjólfsson**, einn ástsælasti leikari Þjóðarinnar, er látinn 90 ára að aldri. Hann lék í vel á annað hundrað leiksýningum, flestum í Þjóðleikhúsinu, á farsælum ferli.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir  
gudrunjona@frettabladid.is

Gunnar Eyjólfsson hóf leikferil sinn í sýningunni Kaupmaður í Fenejyum með Leikfélagi Reykjavíkur árið 1945. Gunnar stundaði nám við Royal Academy of Dramatic

Art í London á árunum 1945-47 og lék um skeið í Stratford og London. Gunnar var fastráðinn leikari Þjóðleikhússins frá árinu 1961 og lék þar á annað hundrað hlutverka. Síðasta hlutverk Gunnars á leiksviði var í Fanný og Alexander, hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

### SUM HELSTU HLUTVERK GUNNARS

**Titilhlutverkin í**  
Galdra-Lofti  
Péttri Gaut  
Hamlet  
Fást  
Ódipus konungi

**Meðal annarra aðalhlutverka**  
Jimmy Porter í Horfðu reiður um öxl  
Stokkmann í Þjóðniðingi  
Prosperó í Ofviðrinu  
Jónatan í Hart í bak  
Jagó í Óþelló  
Willy Loman í Sölumaður deyr

### GUNNAR LÉK Í FJÖLDA KVIKMYNDA, SJÓNVARPSMYNDA OG ÚTVARPSLEIKRITA

Milli fjalls og fjöru  
79 af stöðinni  
Atómstöðin  
Hafið  
Mamma Gógó

Lénharður fögeti  
Paradísarheimt  
Djöflaeyjan  
101 Reykjavík

### VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR SEM GUNNAR HLAUT UM ÆVINA


- Shakespeare-verðlaunin hjá RADA
- Tennent-verðlaunin
- Silfurlampinn árið 1963
- Edduverðlaunin fyrir leik í kvikmyndinni Hafinu
- Heiðursverðlaun Grimunnar fyrir ævi-
- starf í þágu sviðslistar á Íslandi 2013
- Heiðurslaunlistamaður Alþingis.
- Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1999
- Stefaniústjakinn fyrir störf að leiklist árið 2006

Ævisaga Gunnars, Alvara leiksins, sem Árni Bergmann skráði, kom út árið 2010.


Gunnar með skipstjórahúfu í einu af mörgum hlutverkum sínum á ferlinum.



Gunnar stundaði nám við Royal Academy of Dramatic Art í London.



Kristbjörg Kjeld og Gunnar Eyjólfsson við tókur á kvikmyndinni Mamma Gógó.



Gunnar Eyjólfsson ásamt eiginkonu sinni, Katrínu Arason, á frumsýningu á leikritinu Beint í æð í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar í Dublin árið 1947.



# Iceland Tyres

Hönnuð fyrir íslenskar aðstæður



## 25% kynningarafsláttur af öllum dekkjum

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu  
og á flutningamiðstöðvar um land allt

Iceland Tyres Snow og Ice eru norræn gæða vetrardekk sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Dekkin eru sérlega stöðug og hljóðlát og gefa gott grip í hvernig veðri sem er. Iceland Snow er **óneglt** vetrardekk sem er sérlega mjúkt og gripmikið dekk. Iceland Ice er **neglt** gæða vetrardekk fyrir allra hörðustu aðstæður.

Pöntunarsími: 578-8210. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og pantanir á tölvupóstfangið [info@tyresdirect.is](mailto:info@tyresdirect.is). Iceland Tyres er einnig fánlegt á [www.tyresdirect.is](http://www.tyresdirect.is) (afsláttarkóði #25OFFICELAND).



## ICELAND TYRES

ICELAND TYRES EHF

Suðurlhella 10, 221 Hafnafjörður – Ísland  
+354 578 8210 [info@tyresdirect.is](mailto:info@tyresdirect.is)



FM Belfast á góðri stund. Hljómsveitin verður í góðgerðarstuði á föstudaginn.

## Húrra fyrir ljúfmennunum í FM Belfast

**15%**  
BARNA Í BORNO  
HÉRAÐINU ERU  
VANNÆRD

SENDA SMS-ID  
**BARN**  
Í NÚMERID 1900 OG VERÐA  
ÞÚSUND KRÓNUR DREGNAR  
AF SÍMAREIKNINGNUM  
EÐA FARA INN Á  
[WWW.UNICEF.IS/NEYD](http://WWW.UNICEF.IS/NEYD).

Hljómsveitin **FM Belfast** og **Hermigervill** ætla ekki bara að horfa heldur hjálpa til vegna hörmungarástandsins í Nígíeríu þar sem fjöldi barna er í lífshættu. Blásið er til góðgerðartónleika á föstudaginn á Húrra þar sem allur aðgangseyrir rennur til UNICEF.

**F**M Belfast, Hermigervill og Húrra hafa tekið höndum saman og ætla að halda tónleika til að leggja sitt af mörkum vegna hörmungarástandsins í Nígíeríu og nágrannaríkjunum þar sem fjöldi van-nærðra barna er í lífshættu. Samkvæmt upplýsingum frá UNICEF er hálf milljón barna í fjórum ríkjum í Vestur- og Mið-Afríku í hættu. Ástandið er verst í norðausturhluta Nígíeríu þar sem talið er að nærri 75.000 van-nærð börn muni láta lífið fá þau ekki meðferð, eða meira en 200 börn á dag.

Fimmtán prósent barna í Borno-héraði eru van-nærð en ástæða neyðarinnar er meðal annars uppskerubrestur, hækkandi mat-vælavæðing og fólksflótti vegna

árása vígahreyfingarinnar Boko Haram. UNICEF á Íslandi hefur þegar safnað 12 milljónum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem FM Belfast leggur UNICEF lið en hljómsveitin gerði til dæmis lag dags rauða nefnsins árið 2012 og kom fram á styrktartónleikum fyrir Sýrland síðastliðið haust.

Þau sem ekki komast á tónleikana geta sýnt samstöðu og styrkt neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi með því að senda sms-id BARN í númerið 1900 og verða þá þúsund krónur dregnar af simareikningnum, eða fara inn á [www.unicef.is/neyd](http://www.unicef.is/neyd).

Miðaverð á tónleikana er 2.500 krónur en það kostar ekki nema 1.000 krónur að veita vannærðu barni meðhöndlun í heila viku.

[benediktboas@365.is](mailto:benediktboas@365.is)

Sveinbjörn Thorarensen  
eða Hermigervill stigur á  
svið.



Konur og börn í röð fyrir utan UNICEF-tjald í Maiduguri sem er í Borno-héraðinu í Nígíeríu. Frá 2009 hafa um þrjár milljónir manna hrakist frá heimilum sínum en varað var við að 250 þúsund börn væru í bráðri hættu í júlí. MYND/GETTY



Hálf milljón barna er í lífshættu vegna vannæringar í Nígíeríu og löndunum í kring. MYND/GETTY

# FRÁBÆR BÍLL

## ENN BETRI DÍLL

NÝ SENDING  
Á ÞESSU  
FRÁBÆRA  
TILBOÐI

**TOYOTA YARIS**  
ÁRGERÐ 2016

**AÐEINS KR.**

**1.990**

ÞÚSUND

Með veglegum  
kaupauka



26 ÞÚS.  
Á MÁNUÐI\*

**KAUPAUKI  
AÐ VERÐMÆTI**

**KR.**

**200.000**

FYLGIR ÖLLUM BÍLUM

- ✓ NÝJAR ÁLFELGUR
- ✓ NÝ VETRARDEKK
- ✓ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

**LÍTID NOTAÐIR TOYOTA YARIS  
ÁRGERÐ 2016 \*\***

Á AÐEINS 1.990 ÞÚSUND KR.  
MEÐ VEGLEGUM KAUPAUKA

- ✓ ALLIR BÍLAR YFIRFARNIR OG Í ÁBYRGÐ \*\*\*
- ✓ ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN
- ✓ TIL Í ÝMSUM LITUM
- ✓ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR (BLUETOOTH)
- ✓ GÓÐ ENDURSALA
- ✓ TÖKUM BÍLA UPPÍ
- ✓ ALLIR BÍLAR MEÐ USB OG AUX

\* Miðað við 20% útborgun

\*\* Yaris 1,0 bensín eknir á bílinu 25-29 þúsund km

\*\*\* Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016

Aukahlutir á mynd samlitir speglar og húnar fylgja ekki.  
Meðfylgjandi álfelgur eru sambærilegar.

**586 1414**

stora@stora.is · stora.is  
facebook.com/storabilasalan

  
opið í dag 10-18  
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

Charlotte Julien  
Dream your world™

HEILSURÚM

STILLANLEG HEILSURÚM

**25% AFSLÁTTUR**  
JÓLATILBOÐ!

TEMPUR

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

# STILLANLEG HEILSURÚM

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótur þarfnast ekki viðhalds
- Tviðert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur

## DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærd/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukkan
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

STILLANLEGT RÚM - VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800

Tilboð 442.350 kr.

## OKKAR KLASSÍSKI

### HEILSUINNISKÓR

Vinsælasta jólagöfin í Betra Baki komin aftur. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótasvæðið. **Ný og endurbætt útgáfa!**



3.900 KR.

## NÝJUNG Í BETRA BAKI

### SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgráu eða ljósu flókaefni. **Komdu og prófaðu!**



BYLTINGAKENNT  
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIÐI 1  
Ísafirði  
456 4566

**Betra BAK**

Rammstein hefur selt yfir 10 milljónir platna og setið á toppi vinsældalista um víða veröld. MYND/GETTY

# Risatónleikar með Rammstein

Þýska rokkhljóm-sveitin **Rammstein** hefur boðað endurkomu sína til Íslands á vormánuðum 2017, 16 árum eftir að hafa spilað hér síðast. Þrettán þúsund miðar verða í boði fyrir Íslendinga.

Margir sem sáu Rammstein árið 2001 segja tónleikana vera með þeim mögnuðustu sem fram hafa farið á Íslandi. Sú sýning var eins og barnaskólaleikrit í samanburði við það sjónarspil sem hljómveitin stendur fyrir núna,“ segir Frosti Logason en hann hefur verið ráðinn kynningarfulltrúi fyrir tónleika Rammstein í maí á næsta ári.

Þýsku rokkrisarnir í Rammstein munu snúa aftur til Íslands á vormánuðum á næsta ári. Hljómveitin hélt tvenna ákaflega eftirminnilega tónleika í Laugardalshöll 15. og 16. júní árið 2001. Miðar á tónleikana ruku út og sátu margir rokkþyrstir eftir miðalausir með þurrar rokkkverkar. Á seinni tónleikunum tilkynnti hljómveitin í lokin að hún elskaði Ísland, og að hún hygðist koma aftur fljótlega.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Rammstein hefur breyst úr sérviskulegri neðanjarðarhljómveit í eina stærstu rokkhljómveit heims. „Það er því mikið gleðiefni að Rammstein hafi loksins tók á að snúa aftur til Íslands,“ segir Frosti og bætir við að tónleikarnir verði í stærðarskala Justins Timberlake og nafna hans Biebers.

## RAMMSTEIN

Stofnuð 1994

Till Lindemann  
Söngvari

Richard Z. Kruspe  
Gítarleikari

Paul H. Landers  
Gítarleikari

Oliver „Ollie“ Riedel  
Bassaleikari

Christian „Flake“ Lorenz  
Hljómborðsleikari

Christoph „Doom“ Schneider  
Trommari

## VERÐLAUN

Hard Rock verðlaunin

2002 Besta rokkatriðið

2004 Besta platan Reise, Reise

2004 Besta lagið og besta myndbandið fyrir Mein Teil

Kerrang! verðlaunin

2002 Besta alþjóðlega tónleikahljómveitin

2010 Kerrang! Hvatningarverðlaun

Metal Hammer verðlaun

2012 Besta þýska hljómveitin

MTV Europe Music Award

2005 Besta þýska hljómveitin

SÚ SÝNING VAR EINS OG BARNASKÓLALEIKRIT Í SAMANBURÐI VIÐ ÞAÐ SJÓNARSPIL SEM HLJÓMSVEITIN STENDUR FYRIR NÚNA.



Frosti Logason

„Tónleikarnir verða í Kórnum í Kópavogi og mun hljómveitin flytja fimmtán gáma af búnaði til landsins, þrefalt hjóðkerfi, eldvörpur og gríðarlega víðamikinn ljósabúnað. Það verður hvergi slegið af og Rammstein kemur með stærstu útgáfu af sýningunni sinni,“ segir Frosti og bætir við líkt og Bjarni Felixson íþróttáfréttamaður: „Það er næsta víst að annað eins mun aldrei hafa sést hérlandis.“

Nánar verður tilkynnt um fyrirkomulag miðasölu á næstu dögum, sem fer fram á tix.is og hefst 1. desember. „Það er búist við miklum fjöldanleikagesta frá Þýskalandi og því verða eingöngu um 13.000 miðar í boði fyrir íslenska aðdáendur,“ segir Frosti en aðeins verða þessir einu tónleikar sem fara fram laugardaginn 20. maí 2017.

benediktboas@365.is

Lykill

# BORGARSTJÓRINN

SUNNUDAGA KL. 20:35

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RÁDAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



**VALSHÖLLIN**

**11. JÚNÍ 2017**

**MÍÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10 Á TIX.IS**



[WWW.ACOMICSOUL.COM](http://WWW.ACOMICSOUL.COM)

PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM Í DAG.  
NÁNAR Á [WWW.SENA.IS/FLUFFY](http://WWW.SENA.IS/FLUFFY)





## Bakpankar

Kristínar  
Ólafsdóttur



## Norska veikin

Ég lagðist í flensu um daginn. Þetta var skæð baktería sem herjaði aðallega á hugann – svokallaður andans-gerill – en líkamleg einkenni voru þó sömu-leiðis vel merkjánleg. Ástandið reyndist í raun alveg *jævlig*... fyrirgefið! Ástandið var *djöfullegt*, meina ég.

Smitberann, internetþáttaröð um líf komplexaðra unglunga í Ósló, nálgadist ég í gegnum vef norska ríkissjónvarpsins. Ég byrjaði að horfa í miðjum verkefnaskilum, þvert á ráðleggingar vana, kunningja og annarra velviljaðra. Strax á fyrsta þætti missti ég tókin og hóf óviljandi hungurverkföll þangað til ég hafði hakkað mig í gegnum allt útgefið efni. Á þriðja degi reis ég loksins veikburða og exklúsíft norskumælandi úr rekkju. Enn örlar ekki á eftirsjá.

Í SKAM (isl. SKÖMM) er tekið á raunverulegum vandamálum. Áskoranir sem verða á vegi aðalpersónanna eru sumar risastórar og sumar öllu smærri, svona eins og við þekkjum öll úr alvöru lífinu. Umfjöllunarefnið eru hversdagsleg en samt hefur maður ekki endilega séð þau áður í þessu fordæmisgefandi poppkúltúr-samhengi.

Fyrst og fremst er þetta svo ótrúlega hressandi, þ.e. að horfa á ófullkomna og einlæga menntaskólakrakka hrasa um hindranir sem maður kannast við sjálfur. Að fara í sleik og drekka stundum örlítið ofmikið af hvítvíni, fengnu úr vinskáp ómeðvitaðrar mömmu. Að sjá loksins strák verða skotin í öðrum strák og fylgjast svo með þeim þreifa fyrir sér í ofsalega fallegu og brot-hættu og raunverulegu tilhugalífi. Að gægjast inn í vináttusambönd sem þróast og bregðast stundum og læknast svo.

Það er sérstakt fyrirbrigði, þetta að sjá sjálfan sig speglast svona rækilega í manneskjum sem eru ekki einu sinni til í alvörunni. Alveg bara *drittkult*.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
Í ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI  
OG ARNARBAKKA



Iceland

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

## ENDALAUÐ

### SÍMTÖL & SMS

# Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN  
GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB 790 KR	1 GB 1680 KR
5 GB 2680 KR	30 GB* 2990 KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

# SVONA BYRJAÐI ÞETTA... LÆGRA VERÐ Í FIMM ÁR



Við höfum sölu fyrir fimm árum og síðan þá höfum við selt 3.671.361 flugmiða. Frá upphafi höfum við lagt metnað okkar í að bjóða alltaf lægsta verðið fyrir gesti okkar. Það að borga aðeins 9.900 kr. fyrir flug til Evrópu hafði ekki sést áður. Í dag erum við enn að lækka verðið. Nú bjóðum við flug til Evrópu á 5.999 kr. og til Ameríku á 13.999 kr.

Takk fyrir stórkostlegar móttökur, við erum rétt að byrja.

**WOW**  
air